

344.610944  
DIA

# Álit vinnulöggjafarnefndar

ásamt frumvarpi um stéttarfélög og vinnudeilur

Gefið út af atvinnumálaráðuneytinu



---

Reykjavík 1938 — Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

## Efnisyfirlit.

I. Skipun nefndarinnar og störf .....	bls. 5
II. Aðalatriði erlendar vinnulöggjafar .....	— 8
III. Vinnudeilur og vinnulöggjöf í ýmsum löndum .....	— 12
1. <i>Danmörk</i> .....	— 12
a. „Septembersættin“ 1899 .....	— 15
b. Lög 1934, um sáttatilraunir í vinnudeilum .....	— 15
c. Lög 1919, um „fastan gerðardóm“ .....	— 16
d. Lög um sérstakar vinnudeilur .....	— 17
e. Bréf landssambands danskra verkam. og atv.rek. ....	— 17
2. <i>Noregur</i> .....	— 20
a. Um vinnusamninga o. fl. ....	— 24
b. Um sáttatilraunir .....	— 24
c. Um vinnudómstöl .....	— 25
d. Önnur lög .....	— 25
e. Bréf landssambands norskra atvinnurekenda .....	— 28
3. <i>Svíþjóð</i> .....	— 29
a. Um sáttatilraunir í vinnudeilum .....	— 31
b. Lög um vinnusamninga .....	— 32
c. Lög um vinnudómstöl .....	— 32
d. Lög um félaga- og samningsrét .....	— 32
e. Bréf landssambands sánskra verkam. og atv.rek. ....	— 34
4. <i>Bretland</i> .....	— 39
a. Bréf brezka vinnumálaráðuneytisins .....	— 39
b. Efnisútdráttur úr brezkri vinnulöggjöf .....	— 50
5. <i>Ýms lönd</i> .....	— 54
Frakkland .....	— 54
Belgia .....	— 55
Holland .....	— 55
Sviss .....	— 55
Pýzkaland .....	— 55
Austurríki .....	— 56
Ungverjaland .....	— 56
Ceckoslovakia .....	— 56
Pólland .....	— 57
Eystrasaltslödin .....	— 57
Finnland .....	— 57
Sovétlýðveldin .....	— 57
Ítalía .....	— 58
Spánn .....	— 58
Portúgal .....	— 58
Grikkland .....	— 58
Júgoslavía .....	— 58
Búlgaria .....	— 58
Rúmenía .....	— 59
Bandarískin .....	— 59
Kanaða .....	— 59
Argentina .....	— 59
Bolivia .....	— 59
Brasilia .....	— 59

Chile .....	bls. 60
Guatemala .....	— 60
Mexico .....	— 60
Suður-Afrika .....	— 60
Ástralía .....	— 60
Nýja-Sjáland .....	— 60
Indland .....	— 61
Kína .....	— 61
Japan .....	— 61
<b>6. Réttarstaða verklýðsfélaga í ýmsum löndum .....</b>	<b>— 61</b>
<b>IV. Skýrsla um fjölda vinnustöðvana í ýmsum löndum .....</b>	<b>— 66</b>
<b>V. Bréf sáttasemjara ríkisins .....</b>	<b>— 72</b>
<b>VI. Tillögur nefndarinnar .....</b>	<b>— 73</b>
1. Yfirlit .....	— 73
2. Frumvarp til laga um stéttarfélög og vinnudeitur .....	— 76
3. Skýringar við frumvarpið .....	— 86

## I. Skipun nefndarinnar og störf.

Með bréfi dags, 15. des. 1936 skipaði atvinnumálaráðherra 4 menn í nefnd til þess að gera tillögu til ríkisstjórnarinnar um löggjöf um „réttindi verklyðssamtakanna, afstöðu þeirra til atvinnurekenda og meðferð deilumála milli þessara aðila“ ásamt fleiru. Skipunarbréf nefndarmannanna var svo hljóðandi:

„Þér eruð hér með skipaður i nefnd til þess að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um löggjöf um réttindi verklyðssamtakanna, afstöðu þeirra til atvinnurekenda og meðferð deilumála milli þessara aðila.“

Pess er vænst, að nefndin kynni sér ýtarlega löggjöf annara þjóða, sérstaklega Norðurlandabjóðanna, um þessi efni, hverja raun hún hefir gefið og hvaða tillögur til slikrar lagasetningar þar hafa fram komið á síðari árum, svo og afstöðu verklyðssamtakanna og atvinnurekenda, í hlutaðeigandi löndum, til téðrar löggjafar og til-lagna.

Jafnframt er þess óskað, að nefndin taki til rækilegrar athugunar þau ákvæði í islenzkum lögum, sem sérstaklega fjalla um réttindi verkafólks að því er snertir greiðslu verkakaups, tryggingu fyrir kaupgreiðslu, hámarksvinnutíma og öryggi á vinnustöðvum með tilliti til hvort eigi væri heppilegt að steypa þeim ákvæðum, og öðrum hliðstæðum, er ástæða þætti til að setja, saman í eina löggjöf.“

I nefndina voru skipaðir Guðmundur Guðmundsson lögfraðingur, Gisli Guðmundsson alþingismaður, Ragnar Ólafsson lögfraðingur og Sigurjón Á. Ólafsson alþingismaður. Guðmundur Guðmundsson var skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin hélt 1. fund sinn þegar sama dag. Á þeim fundi var ákveðið að gera ráðstafanir til að afla nefndinni gagna, innlendra og erlendra, til afnota við störf hennar. Byrjaði nefndin á því að afla sér gagna um erlenda vinnulöggjöf, efni hennar og hvernig hún hefði reynzt. Sneri hún sér í þessu efni til sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn og óskaði eftir að hann útvegaði gildandi vinnulöggjöf þriggja Norðurlanda: Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, ásamt nefndarálitum og öðrum ritum, sem gefin hafa verið út í sambandi við undirbúning vinnulöggjafar í þessum löndum. Ennfremur óskaði nefndin eftir að útveguð yrði gildandi vinnulöggjöf Stóra-Bretlands og Frakklands.

Samhliða skrifaði nefndin landssamböndum verkamanna og atvinnurekenda í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og óskaði eftir umsögn þeirra um það hvernig nágildandi löggjöf í þeim löndum hefði reynzt að þeirra áli og hvort þau óskuðu eftir breytingum á henni í náinni framtíð og þá í hvaða átt. Baðst nefndin upplýsinga um rit, er út hefðu verið gefin að tilhlutun þessara sambanda viðkomandi vinnulöggjöf. Er bréf betta prentað á bls. 18 í nefndarálitinu. Loks ritaði nefndin Alþjóðaverkamálaskrifstofu þjóðabandalagsins í Geneyé og bað hana að senda nefndinni rit þau um vinnulöggjöf, er hún hefði gefið út og að haldi gætu komið við undirbúning vinnulöggjafar hér á landi,

Snemma á árinu 1937 bárust nefndinni svör frá sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn ásamt þeim gögnum, er hún hafði óskað eftir. Gat nefndin þannig lagt til grundvallar starfi sínu gildandi vinnulöggjöf í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Bretlandi. Það skal tekið fram, að í gögnum þeim, er bárust frá sendiherranum í Kaupmannahöfn, var ekki annað úr franskri vinnulöggjöf en lögum frá 1936, sem nánar er að vikið, enda er ekki mjög mikil um eldri lagasetningar þessa efnis í því landi. Brezku vinnulöggjöfinni fylgdi all-ýtarleg greinargerð er brezka vinnumálaráðuneytið hafði látið sendiherra Íslands í London í té ásamt gildandi lögum brezkum um þessi efnis.

Nefndinni bárust einnig svör landssambanda verkamanna og atvinnurekenda í Danmörku og Svíþjóð og sambandi atvinnurekenda í Noregi ásamt nokkrum þyðingarmiklum ritum um þessi mál. Frá Alþjóðaverkamálaskrifstofunni í Genevé bárust nefndinni einnig svör og sömuleiðis rit, sem skrifstofan hefir gefið út um vinnulöggjöf og yfirlit um gang þeirra mála í einstökum löndum. Hafa þessi rit orðið nefndinni til mikils stuðnings í starfi hennar með því að þar er dregin saman á einn stað að tilhlutun Þjóðabandalagsins fróðleikur um þessi efnir viðsvegar að úr heiminum og meiri en nokkurstaðar er hægt að fá annarsstaðar á einum stað, enda hefir Alþjóðaverkamálaskrifstofan í sinni þjónustu hina færstuvisindamenn og fræðimenn í þessari grein.

Jafnframt því sem nefndin aflaði sér gagna um erlenda vinnulöggjöf ritaði hún Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendafélagi Íslands og Iðnsambandi Íslands og óskaði eftir upplýsingum um skipulag og starf þeirra og sambandsfélaga þeirra og upplýsingum um vinnudeilur, sem þau hefði átt þátt í að gera. Frá þessum aðilum hafa nefndinni borizt ýms gögn, aðallega ýms félagslög og vinnusamningar, sem þréntaðir hafa verið. Loks hefir nefndin snúið sér til einstakra innlendra manna, sem henni var kunnugt um að sérþekkingu hefðu eða reynslu á einhverjum þeim verkefnum, sem henni var falið að fást við. Má þar fyrst nefna lögmanninn í Reykjavík, dr. jur. Björn Þórðarson, sem verið hefir sáttasemjari ríkisins í vinnudeilum síðan 1. október 1926.

Eftir að nefndin var skipuð og fram í mars 1937 hélt hún alls rúmlega 50 fundi. Eftir það félle störf hennar niður um nokkurra mánaða skeið, en í október byrjaði hún fundarhöld á ný og hefir haldið marga fundi á þessum vetrí, auk þess sem einstökum nefndarmönnum hefir verið falið að athuga sérstaka hluta verkefnisins og vinna að málinu út af fyrir sig og bera síðan athuganir sínar og niðurstöður undir nefndina í heild. Á meðan nefndin var að afla þeirra gagna, innlendra og erlendra, sem um er getið að framan, notaði hún tímann til þess að athuga þá vinnulöggjöf, sem til er hér á landi og þær tilraunir til vinnulöggjafar, sem gerðar hafa verið á alþingi og enn fremur til að vinna úr því efnis, sem þegar var fyrir hendi hér viðkomandi vinnulöggjöf annara Norðurlanda. Þau gögn, sem nefndinni bárust, bæði lög, sögulegar heimildir og fræðilegar ritgerðir, tók hún til athugunar jafn skjótt og þau bárust og eftir því sem tími vannst til og hefir haldið því verki áfram allan þann tíma, sem hún hefir starfað. Jafnframt var svo fljóttlega byrjað á því í nefndinni að gera uppkast að einstökum köflum í frumvarpi til laga og leitast fyrir um, að hve miklu leyti nefndarmenn myndu geta orðið sammála um sameiginlegar lausnir.

Eins og áður er getið, var það hendi næst að kynna sér nágildandi íslenzka vinnulöggjöf og þær tilraunir til vinnulöggjafar, sem gerðar hafa verið á alþingi og það, sem ritað hefir verið um þau mál hér á landi. Enn fremur íslenzkar vinnudeilur og þróun þeirra, eftir því sem kostur var á. Um þetta síðasta atriði skal það tekið fram strax, að heimildir um íslenzkar vinnudeilur eru af mjög skornum skammti, nema þá helzt í frásógnum blaða og í minni manna, því að um þau mál hafa ekki skýrslur verið birtar eða um þau ritað fræðilega í heild. Samtök verkamanna hafa hér verið mun fyr á ferðinni en samtök atvinnurekenda. Alþýðusamband Íslands er stofnað 1916 og Vinnuveitendafélag Íslands 1934. En upphaf hinna stóru vinnudeilna hér á

landi má teljast sjómannaverkfallið 1916. Í íslenzkri vinnulöggjöf er, eins og kunnugt er, heldur ekki um auðugan garð að gresja. Íslenzk löggjöf er mjög snauð að ákvæðum um málefni verkamanna og atvinnurekenda sem samtaka í þjóðféluginu. Það er fyrst á þingi 1923 og 1925, að frumvarp um vinnulöggjöf kemur fram. Ær það frumvarp Bjarna Jónssonar frá Vogi um gerðardóm í kaupgjaldsþrætum, þar sem ætlast var til, að dómurinn ákvæði kaup og kjör verkafólks, ef ágreiningur yrði milli bess og atvinnurekenda. Þessi frv. dagaði uppi. Á Alþingi 1925 voru hinsvegar sett lög um sáttatilraunir í vinnudeilum. Var frv. borið fram af Framsóknarflokknum, en löggjöfin sett með fullu samþykki allra stjórnmálaflokkka. Á þingi árið 1929 kom fram frv. til laga um vinnudóm í kaupgjaldsþrætum, að efni til svipað frv. 1923 og 1925. Þetta frv. dagaði einnig uppi. Á Alþingi 1936—1937 var borið fram frv. til laga um vinnudeilur, er undirbúið hafði verið af Vinnuveitendafélagi Íslands og á Alþingi 1937 komu fram 2 frv. frá Framsóknarflokknum um sáttatilraunir í vinnudeilum og um Félagsdóm. Ekkert af þessum frv. náði fullri afgreiðslu í þinginu. Í íslenzkri löggjöf eru því ekki til önnur ákvæði um þetta en sáttasemjaralögin frá 1925.

Það rannsóknarefnini, sem fyrir nefndinni lá, var því fyrst og fremst hin marghátt-áða erlenda löggjöf og saga hennar. Taldi nefndin sérstaklega ástæðu til að gera sér grein fyrir löggjöf þeirra þjóða, sem oss Íslendingum eru skyldastar að menningu og stjórnarfari, s. s. Norðurlanda, Bretlands, Hollands, Belgíu, Þýskalands (áður fyr) og brezku samveldislandanna. Einkum taldi nefndin þó ástæðu til, enda í samræmi við skipunarbréf hennar, að kynna sér löggjöf Norðurlanda og sögu þessa málს i þeim löndum. Hefir hún og í tillögum sínum sérstaklega lagt þá löggjöf til grundvallar. Til þess að auðveldara sé fyrir þá, er þessu málí vilja kynnast, að átta sig á þessum aðalsfyrirmundum nefndarinnar, hefir hún gert efnisútdrátt úr allri gildandi vinnulöggjöf Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar. Jafnframt er í nefndarálitinu hér á eftir sérstaklega grein gerð fyrir þróun þessara málá i þeim löndum. Þá hefir nefndin einnig gert efnisútdrátt úr vinnulöggjöf Breta.

Vinnudeilur á Íslandi eru tiltölulega ungt fyrirbrigði og þjóðin sem heild er þessu fyrirbrigði miklu óvanari en flestar aðrar þjóðir. Þess vegna lítur nefndin svo á, og leit svo á þegar í upphafi starfs síns, að íslenzka vinnulöggjöf verði í öllum aðalatriðum að byggja á því, sem reynt hefir verið og vel hefir reynzt annarstaðar. Nefndin telur það varhugavert, þegar vinnulöggjöf er sett hér í fyrsta sinn, að taka upp í hana ákvæði, sem væru alger nýmaeli, lítið reynd eða sérlega umþráttuð í öðrum löndum. Hitt er þá nær, þegar löggjöf sú, sem nú kann að verða sett, hefir verið reynd, að bæta þá við hana nýjum ákvæðum, þegar þjóðin hefir vanizt henni í framkvæmd og reynslan hefir sýnt hvar nýrra viðbótarákvæða er mest þörf. Má því og aldrei gleyma, að þetta mál er hér, eins og það alstaðar annarsstaðar hefir verið á byrjunarstigi, mjög viðkvæmt mál, þar sem mörgum hættir til að líta meira á einstök, ef til vill minniháttar, atriði, heldur en þýðingu löggjafarinna í heild og nauðsyn þess að skipa þessum málum til öryggis fyrir verkamenn og atvinnurekendur og atvinnulif þjóðarinnar í heild.

## II. Aðalatriði erlendarar vinnulöggjafar.

Það er út af fyrir sig merkilegt rannsóknarefni að athuga löggjöf fyrra alda í ýmsum löndum viðkomandi verkafólki og kjörum þess og þá sérstaklega þá löggjöf eða þær reglur, sem giltu um handverksmenn borganna, samtök þeirra og aðstöðu til húsbænda sinna, hinna svokölluðu meistara. En fyrir það verkefni, sem hér liggur fyrir, verður eigi talið, að slik rannsókn hafi verulega þýðingu að öðru leyti en því, að hún sýnir, að þegar fyrir mörgum oldum var mönnum það ljóst, að eðlilegt var, að þjóðfélagið léti sig varða viðskiptin milli vinnukaupenda og þeirra, sem vinnuna seldu.

Með vélaiðju og stóratvinnurekstri 19. aldar fær afstaðan milli verkafólks og atvinnurekenda nýja og stórfellda þjóðfélagslega þýðingu. Stóratvinnureksturinn hefir leitt af sér skýrari linur milli atvinnurekenda og verkafólks og smátt og smátt myndast tvær andstæðar samtakaheildir. Hafa þessi samtök háð stranga baráttu sin á milli, þæði fyrir sinni eigin tilveru og fyrir hagsmunum meðlima sinna. Og á stórfeldastan og afdrifarákastan hátt hafa þessir árekstrar komjð fram í stöðvun vinnunnar. En þjóðfélagsheildin hefir hagsmunu að gæta í því, að vinnan geti haldið áfram. Um ger-vallan heim hefir þetta hvatt stjórnir og þing landanna til þess að leita eftir ráðum, er miðuðu að því að fækka vinnustöðvunum. Á þeim áratugum, sem liðnir eru af þessari öld, hefir spurningin um hlutdeild ríkisvaldsins um lausn vinnudeilna verið ofarlega á baugi hjá stjórnunum og löggjafarvaldi flestra menningarþjóða. Fyrirmyn dir að löggjöf um vinnudeilur og afstöðu verkamanna til atvinnurekenda er að finna í nýlendum Bréta í öðrum heimsálfum (Ástralíu og Kanada) nokkru fyrir aldamót. Hin nýju þjóðfélög, sem þar voru að myndast, voru ekki bundin við neinar gamlar erfðavenjur, en ótrauð til að taka á þeim vandamálum, er fyrir lágu. Þaðan hefir svo þessi nýsköpun í löggjöf borizt aftur til heimalandanna, að vísu ekki tekin upp ó-breytt, heldur á margan hátt endurbætt og sniðin við langa reynslu á viðfangsefninu.

Það hefir á síðari hluta 19. aldar og á þessari öld verið hið mesta vandámál í flestum löndum, hvaða réttarstöðu hinur nýju samtakaheildir, félög verkafólksins, ætti að hafa innan þjóðfélagsins. Ný viðfangsefni og nýjar spurningar hafa þar komið upp hver af annari, og sumar þeirra eru óleystar enn. Má þar nefna t. d. sjálfan félagsréttinn og hversu hann skuli verndaður, verfallsréttinn og réttinn til að vinna og hversu við því verði spornað að atvinnurekandinn, sem að minnsta kosti framan af, alstaðar var hinn sterkt aðili, geti notað aðstöðu sina óeðlilega gagnvart verka-mönnum og samtökum þeirra. Um þessi atriði verður nánar rætt á öðrum stað í nefndaráliti þessu.

Við athugun á þessum málum kemur það í ljós, að það eru mjög víða verka-menn og samtök þeirra, sem átt hafa frumkvæðið að því að óska eftir afskiptum rík-isvaldsins af þessum málum. Peir hafa óskað eftir því, að ríkið verndaði réttindi þeirra gagnvart hinum sterkt aðila, og peir hafa einnig, að minnsta kosti á vissu tímabili, ótvírátt verið því fylgjandi, að ríkisvaldið skipti sér af kaupi þeirra og kjörum með því, að þeir vonuðust eftir, að úrslitin yrðu þeim þá hagfeldari en hægt yrði

að koma í kring með baráttu. Ljóst dæmi um þetta er sameiginleg ályktun verka-mannasamtakanna á Norðurlöndum, gerð í Gautaborg árið 1886. Þar segir svo:

„Da det selvfølgelig er i Samfundets Interesse, at Stridigheder mellem Arbejdere og Arbejdsgivere, saa vidt mulig, bilægges ad fredelig Vej tilraader Kongressen Op-rettelse af faglige Voldgiftsretter valgte af Arbejdernes og Arbejdsgivernes Organ-isationer.“

Til þess að draga úr vinnustöðvunum og skaðlegum afsleiðingum þeirra hafa verið reyndar margar leiðir og mismunandi í löggjöf hinna einstöku landa.

Helztar þeirra eru: Sáttatilraunir í vinnudeilum, sérákvæði um atkvæðagreiðslu við ákvörðun vinnustöðvunar og um miðlunartillögur, lagaákvæði um vinnusamninga og samningsaðild, bráðabirgðafrestun vinnustöðvunar, dómstólar í hagsmunu-ágreiningi, dómstólar í réttarágreiningi, sérstök lög um að útkljá einstakar vinnu-deilur og að láta almenningsálitið hafa áhrif á lausn vinnudeilna. Hér á eftir skal stuttlega gerð grein fyrir hverri þessari leið fyrir sig og að hve miklu leyti þær eru notaðar.

#### Sáttatilraunir í vinnudeilum.

Þær eru í því fólgunar, að ríkisvaldið reynir að miðla málum milli aðila, þó þannig að þeir fallist á niðurstöðurnar án þess að vera skyldugir til þess. Ríkisvaldið skipar jafnaðarlega sáttasemjara í vinnudeilum, stundum sáttanefnd. Hlutverk sáttasemjara er að fylgjast með deilum og sjá um að aðilar fáist til „að tala saman“ og reyna allar samkomulagsleiðir sin á milli. Náist ekki samkomulag um tilboð eða gagntil-boð frá aðilum, ber sáttasemjara að koma með tillögur til samkomulags og er það lokatilraun til þess að jafna vinnudeilu með þessari aðferð. Sáttasemjara er stundum veitt vald til að framkvæma meira og minna ýtarlegar rannsóknir málavaxta, t. d. um rekstrarafkomu fyrirtækja og sumstaðar að banna vinnustöðvun meðan sáttatil-raunir fara fram. Þetta fyrirkomulag er almennast af þeim leiðum, sem nefndar hafa verið og er meðal annars notað alstaðar á Norðurlöndum. Hér á landi er slik löggjöf til, eins og áður er sagt, en verður að teljast ófullkommen og þarfnað verulegra umbóta.

#### Lagaákvæði um vinnusamninga og samningsaðild.

Eins og áður er sagt, hefir réttarstaða verklýðsfélaganna í þjóðféluginu verið við-fangsefni flestra þjóða í marga áratugi. Margar þjóðir hafa sett löggjöf um rétt verk-lýðsfélaganna til að gera samninga fyrir meðlimi sína þar sem nánar er fram tekið hversu slíkir samningar skuli gerðir, um gildi þeirra o. s. frv. Er þá jafnframt viðast settur á stofn sérstakur dómstóll með frjálsu samkomulagi eða af hálfu löggjafar-valdsins, til að skera úr um ágreining út af slíkum samningum. Það er að verða al-mennt viðurkennt, að ein aðaltryggingin fyrir því, að vinnufriður geti haldizt sé sú, að sem mest af þeirri vinnu, sem unnin er, að minnsta kosti í stóratvinnurekstrinnum, sé samningsbundin milli atvinnurekenda annarsvegar og verkamannafélaganna hinsvegar. Í Noregi og Svíþjóð eru lög um þetta efni, og í Danmörku gildir um það hin svokallaða „septembersætt“, sem kölluð hefir verið stjórnarsskrá í vinnudeilum þar í landi. (Með orðinu „vinnusamningur“ er í nefndaráliti þessu átt við það, sem á ensku nefnist collective agreement eða á sánsku kollektivavtal.)

#### Atkvæðagreiðsla um ákvörðun vinnustöðvunar og miðlunartillögur.

Viða er það fram tekið, sérstaklega í samningum milli verkamannafélaganna og atvinnurekenda og stundum í lögum, að til þess að ákvæða, að vinnustöðvun skuli hafin, skuli þurfa að hlýta sérákvæðum um atkvæðagreiðslu í því félagi, sem að vinnu-stöðvuninni stendur. Í septembersættinni dönsku féllust verkamannafélogin á það, að til slíkrar ákvörðunar skyldi þurfa  $\frac{3}{4}$  hluta atkvæða á félagsfundi eða annari sam-komu, sem vald hefði til að taka slíkar ákvæðanir. Samiskonar tryggingar eru teknar.

ár í lög, t. d. í Danmörku, viðvíkjandi miðlunartillögu, sem borin er fram af sáttasemjara ríkisins. Slik ákvæði eru sett til þess að tryggja það, að þegar ráðist er í svo mikilvægar aðgerðir, sem hér er um að ræða eða sáttum hafnað, þá sé raunveruleg trygging fyrir því, að til staðar sé vilji félagsmanna fyrir þeirri ákvörðun, og, að ekki ráði til viljun eða augnabliksáhrif.

#### Bráðabirgðarfrestun vinnustöðvunar.

Í mörgum löndum, þar á meðal ýmsum, sem ekki beita að öðru leyti lagaboði til að knýja aðila til sáttu, hafa verið tekin upp ákvæði, sem banna vinnustöðvun, eða að minnsta kosti lýsa vinnustöðvun ólögmæta meðan hið opinbera er að leita samkomulags um deiluna, eða beðið er eftir úrskurði gerðardóms (þegar um deilu út af laga- eða samningsákvæði er að ræða). Í kanadiskum lögum, sem fyrst voru sett árið 1900 er sérstök áherzla lögð á þetta atriði. Þar er aðila gert skylt að tilkynna vinnustöðvun með 30 daga fyrirvara og leita til sáttanefndar, en vinnustöðvun jafnframt bönnuð til bráðabirgða. Hinsvegar er þar ekki um neinn bindandi úrskurð að ræða af hálfu nefnda hins opinbera. En með tilliti til lengdar frestsins eru ákvæðin mjög mismunandi í hinum einstöku löndum. Í sumum löndunum er vinnustöðvun bönnuð um óákvæðinn tíma þangað til viðurkennt er að allar sáttatilraunir hafi farið út um þúfur. Samkvæmt þýzkri tilskipun frá 1920 var vinnustöðvun bönnuð í 3 daga eftir að opinber tilkynning um úrslit sáttatilraunanna hafði verið gefin út. Sumstaðar ná ákvæðin til allra vinnustöðvana, annarsstaðar aðeins til vinnustöðvana við fyrirtæki, sem rekin eru til almenningsnota, s. s. framleiðslu á gasi, rafmagni og neyvatni. Í belgískum lögum eru eftirtektarverð ákvæði um þetta efni. Þar er vinnustöðvun í þessu tilfelli ekki beinlínis bönnuð, en sérstakar ráðstafanir gerðar til að hafa áhrif á aðila í sömu átt. Geri atvinnurekendur ótímabært verkbann, fá hlutaðeigandi verkamenn atvinnuleysisstyrk, en geri verkamenn ótímabært verkfäll, missa þeir ákvæðin hlunnindi, sem þeir mundu annars njóta. Þess ber vel að gæta, að framan greind ákvæði um bráðabirgðarfrestun vinnustöðvunar eiga ekkert skylt við lagákvæði þeirra ríkja, sem banna vinnustöðvun yfirleitt og ákvæða kaup og kjör verka manna með dómi. Bráðabirgðarfrestun vinnustöðvunar er aðeins gerð í þeim tilgangi að sáttamleitanir hins opinbera notist sem bezt, en ekki með það fyrir augum að koma í veg fyrir vinnustöðvanir yfirleitt. Í Noregi er heimild í lögum til slikrar bráðabirgðarfrestunar vinnustöðvana í ca. 16 daga. Í Svíþjóð er 7 daga frestur. Í Danmörku getur sáttasemjari gert það að skilyrði fyrir sáttamleitunum að vinnustöðvun sé frestað í 7 daga. Og septembersættin kveður svo á, að tillaga um vinnustöðvun skuli tilkynnt gagnaðila 14 dögum áður en lagt er til, að vinnustöðvunin hefjist, en ákvörðunin sjálf með 7 daga fyrirvara.

#### Dómstólar í hagsmunaaðgreiningi.

Pegar um vinnudeilur er að ræða er gerður skýr munur á tvenniskonar ágreiningi milli aðila. Í fyrsta lagi þeim, sem nefndur er hagsmunaaðgreiningur, en það er ágreiningur um kaup og kjör verkamanna þar sem samningar eru ekki fyrir hendi, eða útrunnir. Hinsvegar er sá ágreiningur, sem nefndur er réttaráðgreiningur, en það er ágreiningur milli aðila um það hversu skilj beri einstök ákvæði samninga, sem gerðir hafa verið eða hvort löginn hafi verið brotin af öðrum hvorum aðila. Í Ástralíu og Nýja Sjálandi voru sett lög um gerðardóm í hagsmunaaðgreiningi á árunum 1891-1894. Samkvæmt þeim voru allar vinnustöðvanir bannaðar og öllum deilum um kaup og kjör bar að skjóta til sérstaks dómistóls, sem kynnti sér málavexti og ákvæð kaup og kjör. Þetta fyrirkomulag átti sér aðallega stuðning í verkamannastéttinni, en það hefir þó ekki orðið framtíðarfyrirkomulag í þessum málum yfirleitt og er nú almennt ekki talið heppilegt í lýðræðislöndum. Ýms Evrópuríki tóku þó þetta fyrirkomulag upp, sérstaklega á striðstímanum. Í Noregi var þessari aðferð heitt nokkrum sinnum,

en að lokum snerust bæði verkamenn og alvinnurekendur á móti slikri löggjöf og töldu hana skerða um of frelsi sitt. Í Englandi var einnig gripið til hennar um eitt skeið og í Frakklandi var slik löggjöf sett árið 1936, s. s. kunnugt er, af stjórn Leon Blums. Nú hafa Ástralía og Nýja Sjáland afnumið þetta fyrirkomulag, eða að minnsta kosti dregið til mikilla muna úr áhrifum þess. Tíðkast það nú hvergi að staðaldri nema í Rússlandi og Ítalíu, og að því er segja má í Þýzkalandi. Frv., sem fram komu á Alþingi 1923, 1925 og 1929 gerðu ráð fyrir þessu fyrirkomulagi, en ekki mun það nú þykja tiltekilegt hér fremur en annarsstaðar.

#### Dómstólar í réttarágreiningi.

Pessir dómstólar eru, eins og áður er sagt, til þess ætlaðir að skera úr í deilum, sem risa út af gildi samnings eða skilningi á honum eða kærum um, að annarhvor aðilinn hafi framið lögbrot. Slik löggjöf á fyrirmynd í fjölda mörgum samningum, sem gerðir hafa verið sjálfviljuglega af aðilum, þar sem ákvæðið er, að settur skuli á laggirnar sérstakur gerðardómur, sem skeri úr um það, hvað í samningnum felist, ef til kemur. Hér á landi eru margir slikir samningar til frá síðustu árum. Má þar t. d. nefna Sogssamninginn, sem gerður var annarsvegar af Vinnuveitendafélagi Íslands og hinsvegar af verkamanna og iðnaðarmannafélögunum í Reykjavík. Þar voru ákvæði um sílán gerðardóm. Þar sem slikir dómstólar eru til, útkljá aðilar ekki með vinnustöðvun þann ágreining, sem undir hann heyrir, en slikir dómstólar skipta sér ekki af öðrum vinnudeilum og hafa ekki neitt ákvörðunarvald um kaup og kjör að öðru leyti en því að skýra gildandi lög og samninga og kveða upp úrskurð samkvæmt því. Í sílum dómstólum eiga að jafnaði sæti fulltrúar frá aðilum eða samtökum þeirra og fulltrúar frá ríkisvaldsins hálfu, sem ýmist eru tilnefndir af dómstólunum eða viðkomandi ráðherra. Danmörk, Noregur og Svíþjóð hafa öll sett löggjöf um þessa tegund vinnudóma. Þessum vinnudóum í réttarágreiningi er stundum blandad saman við hina vinnudómana, sem ákvæða kaup og kjör, en slikt er hin mesta fjarstæða, eins og sýnt hefir verið hér að framan.

Vegna pólitískra vinnustöðvana hafa t. d. í Bretlandi verið gerðar sérstakar ráðstafanir, til að koma í veg fyrir tilraunir til að heita þvingun gegn stjórnarvöldunum og hindra framkvæmd laga á þann hátt.

#### Einstakar vinnudeilur útkljáðar með sérstökum lögum.

Pessi aðferð hefir meðal annars verið notuð í Danmörku nokkrum sinnum á allra síðustu árum. Ríkisþingið hefir þá, meðan á deilunni stóð, samþykkt lög, þar sem vinnustöðvun var bönnuð um ákvæðinn tíma og reglur settar fyrir því, hvernig deilan skyldi útkljáð. Einnig má geta þess, að í Þýzkalandi hafði verkamálaráðherrann, á lýðveldistímanum, heimild til að úrskurða að tillögur sáttasemjara skyldu vera bindandi fyrir aðila í einstökum tilfellum, ef lausn hefði ekki fengið á annan hátt.

#### Áhrif almenningsálitsins.

Í enskumælandi löndum er mikið upp úr því lagt að láta almenningsálitið í landinu hafa áhrif á deiluaðila til friðsamlegrar lausnar. Í þessu skyni er sérstökum dómstóli eða rannsóknarnefnd falið að kynna sér deilumálið til hlítar og gefa síðan ráðherra skýrslu um það, en hann leggur skýrsluna fyrir þingið og getur birt hana opinberlega. Sílum dómstól er þá veitt þýðingarmikið vald til að heimta gögn og vitnisburði. Á þann hátt er ætlast til, að almennингur fái aðstöðu til að mynda sér skoðanir um, hvor aðili hafi meira til sins máls, eða hvort annarhvor eða báðir hafi sýnt sérstaka óbilgirni við sáttauleitanir. Síðan er gengið út frá, að almenningsálitið muni hafa áhrif á þann aðila, sem veikari hafi málstaðinn og gera hann smátt og smátt fúsari til samninga en áður, í Hollandi hefir þetta fyrirkomulag einnig verið notað,

### III. Vinnudeilur og vinnulöggjöf í ýmsum löndum.

Í kafla þeim, sem hér fer á eftir, verður gerð grein fyrir gangi vinnudeilna og verklyðsmála í þeim löndum, sem nefndin hefir getað aflað sér upplýsinga um. Ær þá fyrst og fremst reynt að rekja aðaldrætti í nágildandi vinnulöggjöf þessara landa, en jafnframt í nokkrum þeirra stuttlega rakin saga þessara málá og meðferð vinnulöggjafar á þingum þessara þjóða, afstaða atvinnurekenda og verkamanna til hennar o. s. frv. Í þessu yfirliti er stuðst við gildandi vinnulöggjöf í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Bretlandi, sem nefndin hefir athugað og ennfremur yfirlit verkamálaskrifstofunnar í Genevé um vinnulöggjöf viðsvegar um heim, sem m. a. kemur fram í riti því, er skrifstofan hefir gefið út og á ensku nefnist „Conciliation and arbitration in industrial disputes“. Þetta yfirlit verkamálaskrifstofunnar nær þó eigi lengra en fram til ársins 1933. En síðan hafa, og þá sérstaklega í Pýzkalandi, verið gerðar þær breytingar, sem ekki geta skipt máli fyrir það verkefni, sem hér liggur fyrir, þó þeirra fyrir þann tíma á ýmsan hátt eftirtektarverð og ástæða til að hennar sé getið hér. Þá hefir nefndin einnig haft til hliðsjónar söguleg rit, sem hún hefir getað aflað sér um gang þessara málá á Norðurlöndum, en þróun þessara málá í þeim löndum telur hún eins og áður er sagt, mesta þýðingu hafa fyrir samningu vinnulöggjafar hér á landi. Þess vegna fylgir þessu Norðurlanda-yfirliti ýtarlegur efnisútdráttur, sem nefndin hefir gert um löggjöf þessara landa. Taldí hún að slíkur útdráttur væri aðgengilegri fyrir þá menn, sem þessu vilja kynnast, en upp-prentun laganna sjálfra, enda er þar með tekið allt það úr löggjöfinni, er megin máli skiptir. Í kaflanum um Bretland er eins og áður er sagt, einnig slíkur útdráttur gerður af nefndinni.

#### 1. Danmörk.

Danmörk er eitt þeirra landa, sem lengi hafa viðurkennt rétt borgaranna til að stofna með sér félög og jafnvel lögboðið vissan félagsskap. Þannig var t. d. meisturum og sveinum á miðoldum boðið að hafa með sér fagfélög. Hvorki þessum félögum né öðrum var þó veittur réttur til vinnustöðvunar. Félag meistara ákvað kaup og kjör sveina án þess að sveinafelagið hefði þar um nokkurn ihlutunarrétt. Oft kom þó fyrir að sveinarnir reyndu, með samtökum sínum, að hafa áhrif á ákvarðanir meistaranna um þessi mál, en tilraunir þeirra til að knýja fram kröfur sínar með verkföllum voru brotnar á bak aftur með valdi. Er verkfallið í trésmiðasaginu í Kaupmannahöfn árið 1794 frægt dæmi um tilraun sveinanna til að hafa áhrif á ákvarðanir meistaranna. Í þessu verkfalli tóku þátt 400 sveinar og lauk því þannig að herinn bældi verkfallið niður og handtók 200 verkfallsmenn.

Vegna atburðanna 1794, og fleiri verkfalla um svipað leytti, var skipuð nefnd til að athuga og gera tillögur í samþandi við afstöðu sveinanna til meistaranna. Sam-

kvæmt tillögum hennar var gefin út konungleg tilskipun 21. mars 1800 um fagfélög í Kaupmannahöfn. Tilskipun þessi viðurkennir rétt sveina til þess að semja sjálfir um kaup sitt og kjör við meistarana og sviptir meistarana rétti til þess einhliða að ákveða kaup sveina sinna, en verkföll, verkbönn og „boycot“ eru bönnuð að viðlögðum sektum fyrir meistarana og betrunarhúsvinnu fyrir sveinanna, ef út af er brugðið. Tilskipun þessi hafði í sér fólgna nokkra réttarbót fyrir sveinana og var um langt skeið einasta vinnulöggjöf Dana.

En með breyttum atvinnuháttum í byrjun 19. aldar missa fagfélög meistara og sveina mikið af valdi sínu og gildi. Breytingin, sem þá varð á framleiðsluaðferðunum, sem að miklu leyti hafði rætur í hinni frjálsu samkeppni, leyfði engin samtök, sem ekki gátu samrýmst skilyrðislausu frelsi einstaklingsins á grundvelli hinnar frjálsu samkeppni. Fyrir þessu urðu fagfélögin að þoka, en í kjölfar þeirra komu síðar verklyðsfélögin, þegar stóriðjan hafði kennt verkamönnunum að þekkja mátt samtakanna. Í tilskipuninni frá 21. mars 1800 voru samtök verkamanna heimiluð og í stjórnarþránni frá 1849 eru ákvæði, sem heimila að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi. Fyrsta reglulega verklyðsfelagið í Danmörku var stofnað 1869 og landssamband danskra verkamanna árið 1898. Landssamband atvinnurekenda í Danmörku var stofnað árið 1896. Seinasta verulega andstaðan gegn verklyðsfelagsskapnum í Danmörku kom fram í dómi hæstaréttar 1873, er hann daemdi verklyðsfelagið frá 1869 ólögmætt vegna þess að það hefði verið stofnað i ólögmætum tilgangi. Jafnhliða baráttunni fyrir félagsfrelinu tóku verkamenn og atvinnurekendur upp baráttu fyrir einhverskonar stofnun, er hefði það starf með höndum að draga úr vinnudeilum. Fyrstu opinberu tilraunirnar, og merkustu, sem gerðar voru í þessa átt af hálfu verklyðsfelaganna komu fram á verklyðsfundi í Nørrefællið 5. maí 1872 og á skandinavisku verklyðsþingi í Gautaborg 1886, eins og áður var um getið. Á fundinum 1872 var borin upp tillaga þess efnis að iðnaðarmönnum í einstökum iðngreinum skyldi heimilt að stofna sáttaneftnd, er vinna skyldi að því að jafna deilur milli sveina og meistara. Tillagan kom aldrei undir atkvæði, því að lögregla og hermenn leystu fundinn upp, en á skandinaviska verklyðsþinginu var borin upp og samþykkt tillaga sú, sem áður var getið. Af hálfu atvinnurekenda voru um þessar mundir uppi tillögur, sem gengu í mjög svipaða átt og tillögur verkamanna. Má bezt marka það á því, að við stofnun atvinnurekendasambandsins 19. maí 1896 er það heinlinis tekið fram í samþykkt sambandsins, að unnið skuli að því að allar deilur verkamanna og atvinnurekenda séu lagðar fyrir sáttaneftnd, ef annarhvor aðilinn óskar þess, og gerðardómur í vissum tilfellum útkljá deilurnar. Ennfremur var í samþykkt þessari að því stefnt, að komið skyldi upp föstum vinnudómstól, er hefði það hlutverk að dæma um hvort deiluaðila hefði verið heimilt að skorast undan að láta sáttaneftnd fjalla um ágreiningsatriðin og hvort gerðir samningar hefðu verið brotnir. Atvinnurekendur og verkamenn stefna því báðir að sama marki eftir sömu leiðum.

Jafnhliða því sem verkamenn og atvinnurekendur gerðu hvorir í sínu lagi samþykktir um að leita eftir friðsamlegrí lausn deilumála sinna, tóku þeir einnig upp í suma samninga sína ákvæði, sem heindust í sömu átt. Sem dæmi má nefna, að á árinu 1875 voru tekin upp gerðardómsákvæði í samninga prentara, vindlagerðarmanna og byggingarmanna í Kaupmannahöfn. Árið 1897 var tekið upp gerðardómsákvæði í samning vælavirkja í Ålaborg og járníðnaðarmanna í Odense og Slagelse. Um sama leyti var tekið upp samskonar ákvæði í samninga klæðskera og fólks, sem að saumaskap vann. Voru allir þessir samningar mjög þýðingarmiklir, þegar þess er gætt, hversu margt fólk heyrði undir þá. Í framkvæmdinni reyndist gerðardómurinn hins vegar ekki eins vel og menn höfðu búist við. Kom það til af því, að vald og starfsvið dómsins var of þróngt og honum ætlað að starfa án þess að hafa nokkurn fastan réttargrundvöll til þess að byggja niðurstöður sínar á. Það var því sameiginlegt hlutverk verkamanna og atvinnurekenda að skapa sér reglur um vinnustöðvanir og

mynda gerðardómstólunum þannig réttargrundvöll til að byggja niðurstöður sínar á, því að báðir voru þessir aðilar sammála um nauðsyn þess, að dómstóllinn kæmist á og yrði starfhaefur. Sönnunin syrir því, að þörf væri á fastri stofnun til að draga úr vinnudeilum, og tækifærið til að koma henni á fót og skapa henni starfsgrundvöll, kom líka upp í hendurnar á aðilunum áður en varði.

Það var hið mikla allsherjarverkbann, sem atvinnurekendur hófu í maí 1899, sem varð til þess að verkamenn og atvinnurekendur leystu þetta mál. Vinnustöðvun þessi tók um tíma til 40 þús. verkamanna og 5 þús. atvinnurekenda og hafði í för með sér alvarlegt ástand í landinu. Báðir aðilar voru sammála um, að e. t. v. hefði mátt komast hjá þessu yfirgripsmikla verkbanni, ef nægilega vel hefði verið gengið frá samningsákvæðum um sáttatilraunir og gerðardóm. Reynsla sú, sem fekkst í þessari miklu vinnustöðvun, færði mönnum heim sanninn um, að hin sterku heildarsamtök gátu skapað svo stóra árekstra, að atvinnulíf landsins var í haettu, ef ekki var úr þeim dregið eða komið í veg fyrir að þeir endurtæki sig með stuttu millibili. Aðilar notuðu því tækifærið, meðan verið var að semja um lausn þessarar einstöku deilu, til að koma sér saman um fastar reglur um vinnudeilur í framtíðinni. Árangur þessara samninga-umleitana er hin svonefnd „septembersætt“ frá 5. sept. 1899, sem kölluð hefir verið „stjórnarskrá i vinnudeilum“ og enn er í gildi með viðbót, sem nýlega hefir verið gerð. Og á septembersættinni og með tilvisun til hennar hefir danska þingið byggt upp vinnulöggjöf sína. Septembersættin kveður svo á, að begar ríkið stofni vinnudómstól með lögum, skuli ágreiningi út af einstökum samningum og sættinni sjálfri, skotið til hans úrskurðar. Efnisútdráttur úr septembersættinni er birtur hér á eftir, ásamt gildandi danskri vinnulöggjöf.

Pann 17. ágúst 1908 var samþykkt í Danmörku að skipa nefnd til að undirbúa vinnulöggjöf. Í henni áttu sæti 10 fulltrúar verkamanna og 10 fulltrúar atvinnurekenda, en formaður og oddamaður var H. Ussing, sem síðar var um langt skeið forseti danske vinnudómsins og er kunnur fyrir rit sín um vinnudeilur. Árangur af starfi nefndarinnar voru lög um vinnudóm (den. faste Voldgiftsret) frá 12. apríl 1910. Þeim lögum var síðar breytt, og eru nú-gildandi vinnudómslög frá árinu 1919. Nefndin tók einnig til meðferðar tvö önnur atriði yinnulöggjafar, um sáttasemjara í vinnudeilum og gerðardóm í hagsmunaaágreiningi, en um hvorugt náðist samkomulag í nefndinni. Fulltrúar atvinnurekenda beittu sér eindregið gegn því að sett væru lög um sáttasemjara og strandaði það á mótsprunu þeirra. Radikali-flokkurinn var því fylgjandi að kaup yrði ákveðið með dómi og hefir ávallt talið það stefnu sína, en sú leið fekk ekki byr og hefir ekki fengið úr neinni annari átt þar í landi. Síðar voru þessi mál þó tekin til nýrrar athugunar og 21. des. 1921 voru sett lög um sáttatilraunir í vinnudeilum. Þeim lögum var breytt 28. febrúar 1927 og aftur 18. janúar 1934. Með lögum um frá 1934 voru meðal annars tekin inn ákvæði um aukinn meirihluta við atkvæða-greiðslu um miðlunartillögur sáttasemjara og um það, að miðlunartillaga skuli teljast samþykkt ef ekki hafa að minnsta kosti 25% félagsmannar greitt atkvæði um hana.

Auk þess, sem nú hefir sagt verið um danske vinnulöggjöf skal það tekið fram, sem áður var getið, að númerandi ríkisstjórn Dana hefir haft forgöngu um 3 laga-setningar til lauðnar sérstökum vinnudeilum. Hefir þar verið höfð sú aðferð að banna vinnustöðvun og útkljá með gerðardómi hagsmunaaágreining þann, er fyrir lá. Er hér átt við lög frá 31. jan. 1933 um allsherjarbann gegn vinnustöðvunum til 1. febrúar 1934, lög frá 1934 um gerðardóm í slátraradeilunni og lög frá 1936 um gerðardóm í umfangsmiklum vinnudeilum, er hófust í febrúar það ár. (Visast til efnisútdráttar úr þeim lögum hér á eftir.)

Á eftir efnisútdráttinum úr vinnulöggjöf Dana, er hér fer á eftir, eru birt bréf landssambanda danskra verkamanna og atvinnurekenda, sem nefndinni hafa horzt og getið hefir verið hér að framan.

### a. Septembersættin 1899.

Ákvæði hennar eru ekki lög, heldur samningur milli aðila: Dansk Arbejdsgiver- og Mesterforening og De samvirkende Fagforbund.

Aðilar viðurkenna hvor annan sem samningsaðila í vinnudeilum.

Tillaga um vinnustöðvun skal tilkynnt gagnaðila 14 dögum áður en vinnustöðvunin á að hefjast samkvæmt tillöggunni. Samþykkt um vinnustöðvun skal á sama hátt tilkynnt 7 dögum áður en hún á að hefjast. Samþykkt um vinnustöðvun er því aðeins gild að hún hafi hlotið ½ greiddra atkvæða á fundi, sem vald hefir til að gera bindandi ákvárdanir um vinnustöðvanir.

Báðir samningsaðilar skuldbinda sig til að styðja ekki á neinn hátt að vinnustöðvun, sem hafin er í bága við ákvæði samþykktarinnar. Aðilar bera ábyrgð á að samningar, sem þeir hafa gert, séu haldnir af meðlimum þeirra.

Það er á valdi atvinnurekenda að ákveða fjölda verkamanna og „lede og fordele Arbejdet“.

Verkstjórar séu ekki skyldir að vera í verkamannafélagi. Uppsagnarfrestur vinnusamnings sé minnst 3 mánuðir. Boycot má ekki eiga sér stað eftir að vinnuðila er útkljáð.

Agreiningi út af samningi skal skotið til gerðardóms, þegar hann hefir verið stofnaður með lögum.

### b. Lög 1934 um sáttatilraunir í vinnudeilum.

Ráðherra skipar 3 sáttasemjara til þriggja ára. Starfstími eins sáttasemjara rennur út ár hvert. Skipun skal gerð eftir tilnefningu hins „fasta gerðardóms“, enda hafi að minnsta kosti einn fulltrúi atvinnurekenda og einn fulltrúi verkamanna samþykkt tilnefninguna, ella skipar ráðherra án tilnefningar. Sáttasemjarar skipta með sér verkum og starfa hver í sínu lagi. Þeir gefa ráðherra skýrslu um starf sitt. Þeir velja sér formann og halda fundi til að ræða ástand í vinnudeilum almennt. Skylt er að senda þeim afrit af öllum samningum, sem gerðir eru.

Sérhverju félagi atvinnurekenda eða verkamanna er skylt að senda sáttasemjum afrit af tilkynningu um vinnustöðvun, svo framarlega sem deilan heyrir ekki undir vinnudóminn. Félög, sem eru aðilar að septembersættinni þurfa þó aðeins að senda afrit af síðari tilkynningunni, þ. e. tilkynninguna um að vinnustöðvun hafi verið samþykkt í félagi.

Ef sáttasemjari telur hættu á alvarlegri vinnustöðvun og sáttatilraunir milli aðila sjálfrfa, að dómi annars aðilans, eru strandaðar, getur hann af eigin hvöt, eða eftir ósk annars aðilans, kvatt til sáttafundar. Aðilar eru skyldir að mæta á sáttandi. Þegar sáttasemjari hefir ákveðið að leita sætta getur hann hvenær sem er sett það skilyrði fyrir sáttaukleitunum, frá sinni hendi, að vinnustöðvun verði ekki hafin fyrr en sáttatilraununum er lokið. Hann getur þó ekki krafist að sáttaukleitunum sé frestað um lengri tíma en eina viku og ekki nema einu sinni í sömu vinnudeilu. Komist sáttasemjari að þeirri niðurstöðu, að málið, eða einstök atriði þess, sé ekki nægilega (faglega) ljóst aðilum sjálfum, getur hann neitað að skipta sér af því þangað til þeir hafa tekið það til fullnægjandi meðferðar að þessu leyti sín á milli.

Sáttasemjari getur, þegar hann álitur hentugt, borið fram tillögur til málamiðlunar. Tillögu má ekki birta fyrr en aðilar hafa tekið afstöðu til hennar. Áður en hann ber fram tillöguna skal hann ráðgast við aðila og fulltrúa frá landssambandi, sem aðilar eru meðlimir í. Sáttasemjari ákveður svarfrest fyrir aðila í samráði við þá. Sé deilan mjög alvarlegs eðlis geta sáttasemjarar ákveðið að vinna allir saman

að sáttatilraunum. Sáttasemjari getur krafzit þess að vitnaleiðslur fari frá fram til að slá því föstu hvernig vinnukjörin hafi verið áður en deilan hófst.

Atkvæði skal greiða með eða móti tillögu sáttasemjara, eins og hún liggur fyrir. Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg. Þegar atkvæðagreiðslu er lokið skal viðkomandi félag tilkynna sáttasemjara úrsliit hennar ásamt tölu atkvæðisbærra félagsmanna. Félag skal, svo sem unnt er, gera ráðstafanir til að félagsmenn hafi að stöðu til að kynna sér efni tillögunnar.

Sáttatillaga er felld við almenna atkvæðagreiðslu (Uravstemning) ef meira en 50% greiða atkvæði á móti henni, enda hafi minnst 75% atkvæðisbærra félagsmanna tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Móti hverju 1% af félagsmanninatölju, sem þátttakan er undir 75%, þarf móttatkvaðafjöldinn að vera 1% greiddra atkvæða hærri. Sé þátttakan undir 25% telst tillagan samþykkt. Auðir og ógildir seðlar eru ekki teknir til greina.

Telji sáttasemjari deiluna, þó í fleiri greinum en einni sé, verða aðeins leysta í einu lagi, getur hann lagt til að einstakar sáttatillögur séu skoðaðar sem heild og atkvæði greidd um þær í öllum félögum í einu lagi. Þar sem frám fer að sumu leyti almenn atkvæðagreiðsla og að öðru leyti atkvæðagreiðsla á fundi gilda sérstakar reglur. Þar sem hlut eiga að máli atvinnurekendur reiknast atkvæðamagnið í hlutfalli við greidd vinnulaun á síðasta almanaksári.

Bannað er að leiða vitni um það, sem lagt hefir verið til eða upplýst á sáttafundi nema báðir aðilar samþykki.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, eða allt að þriggja mánaða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Það er sérstaklega fram tekið að refsivert sé að gefa ólöglegar upplýsingar um miðlunartillögur sáttasemjara eða atkvæðagreiðslu, jafnvel þó að slíkar upplýsingar séu birtar í blöðum sem orðrómur. Sektir samkvæmt þessu ákvæði renna í ríkissjóð.

### c. Lög 1919 um „fastan gerðardóm“.

Gerðardóminn skipa 7 menn, 3 frá verkamönnum, 3 frá atvinnurekendum og formaður, sem kosinn er af hinum 6, eða ef sú kosning ferst fyrir innan tilskilins tíma, þá af dómsforsetum hæstaréttar og yfirdómanni í Kaupmannahöfn, enda sé hann þá hæstaréttardómari eða yfirdómarí. Fáist ekki full tilnefning af hálfu félagsskapar verkamanna eða atvinnurekenda tilnefnir innanríkisráðherra dómendur með það fyrir augum, að gætt sé að jöfnu hagsmuna beggja aðilja. A. m. k. formaður og einn fulltrúi frá hvorum aðila þurfa að vera dómgengir lögfræðingar.

Dómstóllinn tekur til meðferðar:

- 1) Brot gegn septembersættinni frá 1899.
- 2) Brot gegn samningum milli verkamannafélaga og atvinnurekenda, ef samningar ekki ákveða hið gagnstæða.

Hafi verið boðuð vinnustöðvun, sem aðili telur fara í bága við samning og hafi hann mótmælt innan 5 daga, getur hann kært málið fyrir dómstólnum. Hafi slik vinnustöðvun verið gerð, og sé haldir áfram þrátt fyrir samninga eða dóm, getur aðili höfðað skaðabótamál fyrir dómstólnum. Aðilum er heimilt að leggja önnur mál fyrir dómstólinn ef 5 dómendur samþykka.

Ef félag, sem mál þarf að höfða gegn, er í sambandi, skal málið höfðað gegn sambandinu, og mál skal einnig höfðað af því sambandi, sem málshöfðandi er í.

Hinir brotlegu aðilar dæmast í sektir. Sé um tjón af völdum þeirra að ræða, renna sektirnar sem skaðabætur til þess sem fyrir tjóninu varð, og ákveðast með hliðsjón af því (sektabætur), ella renna þær til þess, er málið höfðaði.

Almennir dómstólar mega ekki dæma mál, sem heyra undir vinnudómstólinn.

Úrskurði vinnudómstólsins verður ekki áfrýjað. Formaður dómsins getur leitað um sættir áður en mál er tekið fyrir.

Á þeim 27 árum, sem danski vinnudómstóllinn hefir starfað, hefir verið vísað til hans alls mikið á annað þúsund deilumálum. Samkvæmt dómasafni, sem út hefir verið gefið fyrir árin 1910—1925 hafa úrslit mála orðið þau, að af 944 málum, sem á þeim tíma hefir verið vísað til dómsins, hafa komið á sættir í 337 málum, en 129 mál félru niður. Í 478 málum var dómur felldur.

#### d. Lög um sérstakar vinnudeilur.

##### Lög 31. janúar 1933.

Allir vinnusamningar verkamannafélaganna skulu vera í gildi til 1. febrúar 1934 með áðurgildandi uppsagnarfresti.

Verkföll og verkbönn, þar sem samningarnir eru í gildi, eru bönnuð til 1. febrúar 1934. Brot gegn þessu ákvæði heyra undir vinnudómstóllinn.

Í lögunum er enn fremur ákveðið að skipa nefnd til að gera tillögur um nýja vinnulöggjöf og sé forsætisráðherra formaður hennar. (Árangur þessa ákvæðis eru sáttasemjaralögin nýju frá 1934).

##### Lög um bindandi gerðardóm í slátraradeilunni 1934.

Priggja manna gerðardómur fellir bindandi úrskurð um deilumál slátruhússanna og slátrarasambandsins. Hinn „fasti gerðardómur“ tilnefnir 2 dómendur, en formaður hinnar opinberu sáttastofnunar hinn þriðja. Hinn „fasti gerðardómur“ tilnefnir formann og ræður hann úrslitum, ef ekki fást a. m. k. 2 atkv. samhljóða. Gerðardómurinn má ekki ákveða lengri samningstíma en eitt ár.

##### Lög í marzmánuði 1936.

Vinnustöðvanir þær, er hófust eftir 21. febrúar 1936, skulu hætta 30. mars og vinnulaun greiðast með „forelögibig Afregning“. Samningaumleitanir um þær tillögur sáttasemjara, sem ágreiningur er um, skulu hefjast þegar í stað. Samkomulag samninganefndar skal vera bindandi. Annars skal úrskurður felldur af gerðardómi. Í gerðardóminum sitja 4 dómrarar: Formaður hins „fasta gerðardóms“, 2 útnefnir hinn „fasti gerðardómur“ og einn er útnefndur af sáttastofnuninni. Endanlegan dóm skal fella fyrir 8. apríl.

Þess skal getið í þessu sambandi, að vinnudómstóll í hagsmunáágreiningi hefir einu sinni áður verið á dagskrá í Danmörku og tekinn til rækilegrar ihugunar. Það var árið 1925, 18. mars það ár hófust í landinu stórkostleg verkbönn og verkföll, sem að lokum náðu til ca. 100 þúsund verkamanna. Stóð sú vinnustöðvun til 8. júní, en alls er talið, að tapast hafi 4 milljónir vinnudaga. Er þetta hin stærsta vinnustöðvun, er átt hefir sér stað í Danmörku. Stjórnin, sem þá sat, hafði um það leyti, sem deilunni lauk, undirbúið frumvarp til laga um að leysa hana að tilhlutun hins opinbera. Í maímaðuði þetta ár var skipuð nefnd, sem gaf út álit í september 1926, og kom dómstóll í hagsmunáágreiningi þar mjög til álita, en bæði fulltrúar verkamanna og atvinnurekenda lögðust á móti honum. Nefndin klofnaði í margra hluta og af starfi hennar varð enginn árangur að sinni.

#### e. Bréf landssambanda danskra verkamanna og atvinnurekenda.

Til þess að reyna að fá sem bezt yfirlit um afstöðu danskra atvinnurekenda og verkamanna til vinnulöggjafar Dana hefir samböndum þessara tveggja aðila,

eins og áður er sagt, verið skrifað bréf og þau beðin um ýmsar upplýsingar. Fer hér á eftir íslenzk þýðing á bréfi þessu og svörum sambandanna, Dansk Arbejdsgiverforening og De samvirkende Fagforbund. Bréf nefndarinnar var á þessa leið:

„Reykjavík, 17. desember 1937.

Í tilefni af því, að atvinnumálaráðherra Íslands hefir skipað nefnd til að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um löggjöf um réttindi verkalyðssamtakanna, afstöðu þeirra til atvinnurekenda og meðferð deilumála milli þessara aðila, vil ég undirritaður formaður nefndarinnar fyrir hennar hönd leyfa mér að fara þess á leit við yður, að þér látið nefndinni í té upplýsingar um afstöðu samtaka yðar til löggjafar lands yðar um það efni, sem nefndinni er ætlað að sjalla.

Sérstaklega telur nefndin sér nauðsynlegt að fá upplýsingar um eftifarandi atriði:

1. Hvernig telja samtök yðar, að löggjöf lands yðar um réttindi verkalyðssamtakanna, afstöðu þeirra til atvinnurekenda og meðferð deilumála milli þessara aðila hafi reynst? Hverja teljið þér höfuðkosti og galla löggjafarinnar og hvaða breytingar telja samtök yðar æskilegust á henni?
2. Er nú í ráði að gera breytingar á þessari löggjöf af hálfu samtakanna, ríkisstjórnarinnar eða annara? Ef svo er, hvaða breytingar eru í undirbúningi um þetta efni.
3. Hafa einstök sambönd eða félög innan samtaka yðar lýst óánægju sinni öðrum fremur á gildandi löggjöf um þetta efni og ef svo er, i hverju er sú óánægja fólgin og hver er grundvöllur sérstöðu þeirra?
4. Hefir sambandið gefið út nokkur rit um þetta efni, og ef svo er, hver? Vill nefndin vinsamlegast óska þess, að þér sendið henni þau.

Væntir nefndin þess fastlega, að þér sjáið yður fært að leysa úr þessum spurningum sem itarlegast, svo að haegt verði að notsæra sér reynslu yðar eftir því, sem við á hér.

Með fyrirfram þakklæti.

Virðingarfyllst

Guðm. Guðmundsson.“

Svar danska verkamannasambandsins var á þessa leið:

#### „DE SAMVIRKENDE FAGFORBUND I DANMARK

Kaupmannahöfn, 5. febr. 1937.

Sem svar við bréfi yðar viljum vér taka fram, að réttargrundvöllurinn milli verkamanna og vinnuveitenda hér í Danmörku byggist á

- 1) **Septembersamkomulaginu**, sem er aðalsamningurinn milli helztu samtakanna, þ. e. verkamanna og vinnuveitenda.
- 2) **reglunum um samningsfyrirkomulag í vinnudeilum**, sem samþykktar eru af aðalsamtökum beggja aðila og eru gildandi reglur, er fara skal eftir við skýringu á samningum, sem gerðir eru innan samtakanna.
- 3) **hinum fasta vinnudómi**, sbr. lög frá 4. október 1919, ásamt breytingu þeirri, er gerð var með lögnum frá 2. maí 1934, og byggð er á fyrrnefndum tveim aðalreglum, og löginn nefna.
- 4) **sáttasemjarastofnuninni**, sem samkv. lögum frá 18. janúar 1934 er sáttastofnun ríkisins í deilum milli verkamanna og vinnuveitenda.

Öll þessi atriði er ásamt fleiri tekin til rækilegrar meðferðar í meðfylgjandi bók „Arbejdsretten i Danmark“.

Er almenn ósk meðal fagsambandanna, að farið sé með öll réttarleg viðskipti milli verkamanna og vinnuveitenda eftir fyrrnefndum eða svipuðum reglum og þau tekin til meðferðar af vinnudómstóli, því eins og nú stendur á geta ófélagsbundnir vinnuveitendur og ófélagsbundnir verkamenn skotið sér undan hinu almenna skipulagi og leitað verndar fyrir almennum dómstólum.

Sérstök lög:

- 5) Lög til verndar vinnufriði frá mars 1929 (kölluð „Tugthuslög“), sem í náinni framtíð munu verða numin úr gildi, en sem þó munu að efni til gilda áfram að miklu leyti.

Væntum vér með framanrituðu að hafa svarað nægilega fyrirspurn yðar.

Virðingarfyllst  
Christian Jensen.“

Svar atvinnurekendasambandsins var á þessa leið:

#### DANSK ARBEJDSGIVERFORENING

København, 18. janúar 1937.

Pér hafið lagt fyrir oss nokkrar spurningar, sem vér leyfum oss að svara á eftirfarandi hátt:

1. sp. Til skýringar þessu efni vísum við til greinar þeirrar, er fyrrverandi sáttasemjari, Departementschef Ad. Jensen, hefir skrifast um þetta og hann kallar „Forligsmandsinstitutionen“. Grein þessi birtist í ritinu „Danmarks Sociallovgiving“, sem út kom árið 1918. Gerum vér ráð fyrir að rit þetta sé til í bókasöfnum yðar, eða að hægt sé að útvega það. Er efni þetta tekið hér til meðferðar mjög itarlega, þaði frá sjónarmiði sáttasemjarans, vinnuveitenda og verkamanna.

Mikilverðasta breytingin, sem orðið hefir á lögunum, síðan þau voru sett, er heimild sú, sem sáttasemjaralög (Forligsmandsloven) frá 18. janúar 1934 veita sáttasemjara til þess, að geta krafist að sáttatillögu skuli svarað i einu lagi af öllum þeim fagfélögum, sem í deilunni eiga. Áður en þetta ákvæði var sett, gat eitt einstakt fagfélag, með því að neita sáttatillöggunni fyrir sitt leyti, komið því til leiðar, að mikilvægt sáttasemjarastarf varð til ónýtis og lagt vinnufriðinn í hættu. Árið 1931 samþykktu þannig öll fagfélög, að undanteknu félagi danskra skógerðarmanna sáttatillögu þá, er sáttasemjarinn bar fram. Vinnuveitendur höfðu því í það skipti getað litið svo á, að sáttatillöggunni í heild væri hafnað, en vinnuveitendafélagið samþykkti þó að láta skógerðarverkamennina standa eina í deilunni og lauk henni með því, að þeir samþykktu loks tillögu þá, er þeir áður höfðu hafnað.

Var það ekki sízt deila þessi, sem varð þess valdandi, að sáttasemjaranum var veitt framangreind heimild, og verður því ekki með réttu mótmælt, að heimild þessi hefir á síðustu árum verið til heilla fyrir verkamenn.

2. sp. Okkur er ekki kunnugt um að í undirbúnungi séu breytingar á sáttasemjaralögunum.

3. sp. Út af spurningu yðar um það, hvort félög vor hafi látið í ljósi óánægju með hið núverandi fyrirkomulag, skulum vér taka það fram, að engar sérstakar samþykktir liggja fyrir hér að lútandi. Það hefir ætið verið rætt mjög um það, hvort heppilegt væri að sáttasemjarastofnunin starfaði sem föst stofnun. Hafa mótsstöðumenn stofnunarinnar bent á það, að tilvera hennar verkaði sem hindrun gegn því að raunverulegir samningar næðust milli félaganna, þannig, að hvorugur aðili hafi þorað að koma fram með sitt endanlega tilboð, af ótta við það, að standa þá

ver að vigi, er sáttatillagan kæmi fram. Með tilliti til þessa var líka vinnuveitendafélagið upphaflega á móti hugmyndinni um það, að setja á fót fasta sáttasemjara-stofnun.

Til þess m. a. að koma í veg fyrir þennan ótta við það, að samningarár mistækjust, komu aðalsamtök verkamanna og danska vinnuveitendafélagsins sér saman um nýjar samningareglur vorið 1936, sem menn vænta fastlega, að muni verka mjög bætandi á alla samninga milli fyrnefndra aðila. Látum vér fylgja hér með eitt eintak af samningsreglunum og sést af þeim, að allir samningarár eiga að renna út ákvæðinn dag, 1. marz, að öllum samningstilraunum skuli lokið innan ákvæðins tíma o. s. frv. Reglur þessar hafa hér í fyrsta skipti komið til framkvæmda nú í ár og hafa fram að þessu reynst prýðilega, með því að þær samningstilraunir, sem fram hafa farið til 15. janúar þ. á. hafa horið þann árangur, að töluluvert margir samningarár hafa náðst, án þess að leita þyrfti til aðalsambandsins eða sáttasemjara.

4. sp. Að undanskildri fyrnefndri ritgerð eftir Departementschef Ad. Jensen, eru ekki til bækur um þetta efni.

Væntum vér þess að framanritaðar upplýsingar séu fullnæggjandi fyrir yður, en erum að sjálfsögðu fúsir til að gefa yður frekari upplýsingar, ef á þarf að halda.

Virðingarfyllst

Julius Madsen.“

## 2. Noregur.

Í norscum lögum hefir aldrei verið lagt bann við stofnun verklýðsfélaga. Í stjórnarskránni frá 1814 eru engin slík ákvæði. Þó gilti tilskipun frá 1733 um bann gegn verkföllum, en síðu tilskipun var afnumin 1849. Hinsvegar beittu norskir attvinnurekendur sér eindregið gegn samþökum verkamanna og töldu verkamenn sig verða hart úti oft á tíðum í þeim viðskiptum. Var það og jafnvel viðurkennt af löggjafarvaldinu að þar væri hart að gengið. T. d. veitti stórbingsið árið 1893 10 þúsund kr. styrk til verkamanna, sem útilokaðir voru frá vinnu vegna þáttöku þeirra í vinnudeilum.

Þetta varð til þess að norskir verkamenn urðu þess sinnis, að rétt væri að leita aðstoðar löggjafarvaldsins til að hafa áhrif á vinnudeilur og úrslit þeirra. Á skandinaviska verklýðsbíningu í Oslo 1890 var gerð samþykkt þess efnis að verklýðssamtökunum á Norðurlöndum bæri að vinna að því að rétturinn til að stofna verklýðsfélög yrði verndaður sérstaklega með lögum. Árið eftir var samþykkt á verklýðsfundi í Drammen að norsku verklýðssamtökum skyldu taka upp baráttu fyrir því að fá félagsréttindi sín lögverduð. Sendi fundurinn beiðni til rikisstjórnarinnar um slíka löggjöf. Árið 1893 sendi Verkamannaflokkurinn norski stórbingsið frv. til laga svohljóðandi: „Ef einhver, sem yfir annan er settur hegðar sér þannig við undirmann sinn að framkoman er til þess hæf, hvort sem það er vegna uppsagnar, hótunar um uppsögn, loforða um gjafir eða annars, að hindra undirmann í því að njóta algerlega og óþvingað borgaralegra réttinda sinna, taka þátt i þjóðfélagslifi og öðru lögmaetu félagslifi, þá varðar það sektum, fangelsi eða betrunarhúsvinnu á 5. stigi.“ Frv. þetta var lagt fyrir norska þingið árið 1894 og oft síðan, en aldrei náði það samþykki. Lengst komst það árið 1896; munaði þá aðeins einu atkvæði.

Frá hendi atvinnurekenda kom fram á sömu árum tillaga um sérstök laga-ákvæði til verndar verkamónnum, er tæki að sér vinnu, þar sem verkföll standa

yfir („verkfallsbrjótum“), en þær tillögur náðu þá eigi heldur fram að ganga. En árið 1927 var samþykkt í stórpínginu svohljóðandi viðbótarákvæði við 222 gr. hegningarálaganna:

- „1. Með sektum frá 25—25000 kr. eða fangelsi allt að einu ári skal refsa hverjum þeim, sem kemur því til leiðar, eða reynir að koma því til leiðar að einhver segir upp vinnu, fær ekki vinnu eða einhver tekur ekki aðra í vinnu eða segir starfsmanni sínum upp:
  - a) Með því að baka viðkomanda óþæginda eða beita hann ofbeldi.
  - b) Með því að elta hann frá einum stað til annars.
  - c) Með því að gefa opinberlega yfirlýsingum um hvar viðkomandi hafi verið við vinnu meðan á vinnustöðvun hefir staðið.
  - d) Með því að hindra hann með ólöglegu móti í því að vinna.
- 2. Á sama hátt skal refsa hverjum, sem með „boycot“ reynir að neyða verkamann eða atvinnurekanda til þess að ganga í félag verkamanna eða atvinnurekenda.
- 3. Á sama hátt skal refsa hverjum þeim, sem hvetur til eða tekur þátt í slikum verknaði, sem rætt er um í nr. 1 og 2.“

Um lagaákvæði þetta hafa staðið mjög hörð átök í Noregi og hafa verkamannafélögin barist ákaflega fyrir því, að það yrði afnumið, en ekki fengið því framengt.

Um sama leyti, sem frv. um vernd verklýðsfélaganna var á ferðinni, komust gerðardómur í vinnudeilum og sáttatilraunir einnig á dagskrá. Afstaða verklýðsfélaganna til þeirra lagaákvæða var mjög svipuð afstöðu þeirra til ákvæðanna um verndun félagsréttarins, þ. e. a. s. þau voru hlynnt samningu löggjafar um gerðardóm og sáttatilraunir.

Á árunum 1870—1880 var almennt byrjað að taka upp i vinnusamninga ákvæði um gerðardóma í einstökum tilfellum. Á skandinaviska verklýðþínginu 1886 lýsti þingið sig, s. s. áður er sagt, fylgjandi lögskipuðum gerðardómi. (Aðallega mun þó hafa verið átt við gerðardóm í réttarágreiningi) og á sameiginlegum fundi, sem stjórnir norsku verklýðsfélaganna héldu 19. nóv. 1899 var kosin nefnd til þess að undirbúa tillögur um skipun og fyrirkomulag gerðardóms og sáttanefndar. Tillögur komu frá þessari nefnd árið 1901 og voru á þá leið, að komið yrði á fót stofnun, er annast skyldi sáttatilraunir í vinnudeilum, daema í réttarágreiningi og einnig hagsmunáágreiningi, ef báðir aðilar væru á það sáttir. Tillögur þessar voru þó aldrei sendar ríkisstjórninni. Kom það til af því að þegar á sama ári og tillögurnar voru afgreiddar gerði ríkisstjórnin sjálf ráðstafanir til að undirbúa lagafrumvarp um sama efni. Hinsvegar tókust um þessar mundir samningar með samböndum verkamanna og atvinnurekenda um þessi mál. Samkvæmt þeim skyldi leggja allar vinnudeilur fyrir sáttanefnd. Kæmst sættir ekki á, var skylt að láta gerðardóm útkljá málið, ef annarhvor aðili óskaði þess, enda væri eingöngu um réttarágreining að ræða. Væri um hagsmunáágreining að ræða þurftu báðir aðilar að vera sammála um, að málið skyldi leggjast fyrir gerðardóm til þess að úrskurður hans væri bindandi. Samningur þessi var í gildi frá því um haustið 1902 til 1. janúar 1905. Tókst þá ekki að fá hann framlengdan, en þá var hinsvegar orðið mjög titt að taka samskonar ákvæði upp í samninga einstakra félaga og félagsdeilda. Og verklýðssambandinu að synja um staðfestingu allra vinnusamninga, sem ekki höfðu samskonar ákvæði um þessi atriði og allsherjarsamningurinn 1902.

Árið 1902 lagði svo ríkisstjórnin fram í stórpínginu frv. sitt um sáttatilraunir í vinnudeilum og um gerðardóm í réttarágreiningi. Verklýðssamtökum tóku þessu frv. vel, en atvinnurekendur lögðust á móti því og á aðalfundi sambands atvinnurekenda 1907 var samþykkt að ráða frá því að samþykkt yrðu lög um sáttatilraunir og vinnudómstól. Engin niðurstaða fekst í þessum málum fyrst um sinn.

fyrir en mörgum árum seinna, en byrjað var þá að hreyfa því að setja lög um dómstól í hagsmunaágreiningi.

Hinn 6. ágúst 1915 setti stórbingið hin fyrstu lög um vinnudeilur. Eru það lög um dómstól í réttarágreiningi og sáttatilraunir í vinnudeilum. Lög þessi gengu í gildi 1. janúar 1916. Efni þeirra var í stuttu málí betta: Stofnaður skal vinnudómstóll, er dæmi í öllum ágreiningi um gildi og skilning vinnusamninga. Út af slikum ágreiningi má ekki stofna til vinnustöðvunar. Dómstóllinn hefir aðsetur sitt í Oslo og er skipaður 5 mönnum. Um sættir eru þau ákvæði, að sérhver vinnu-eða samningsuppsögn, sem gerð er í þeim tilgangi að fá nýja samninga eða til þess að gera breytingar á vinnuskilyrðum skuli tilkynnast sáttasemjara og vinnustöðvun megi ekki hefja fyrir en uppsagnarfrestur er útrunninn. Sáttasemjara er þá heimilt að banna vinnustöðvun þar til sáttauumleitanir hafa farið fram, ef hann telur það nauðsynlegt. Ef sáttasemjari hefir bannað vinnustöðvun, ber honum að hefja sáttauumleitanir þegar í stað, og 10 dögum eftir að sliku banni er lýst yfir getur hvor aðilinn sem er krafist þess, að haett sé sáttatilraunum og má þá hefja vinnustöðvun 4 dögum síðar. Um gerðardóm í hagsmunaágreiningi voru engin ákvæði í þessum lögum.

Í tilefni af samþykkt þessara laga kallaði stjórn landssambands verkamanna saman verklýðsþing í Oslo 14. okt. 1915. Þar var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn tveimur, að verkalyðsfélögin skyldu sætta sig við lögini.

En á striðsárunum og næstu árum á eftir tóku þessi mál að nokkru leyti nýja stefnu í Noregi. Á þessum árum urðu þrásinnis stórkostlegar vinnudeilur og kraf-an um lögskipaðan dóm i hagsmunaágreiningi kom þá fram á ný og fékk öflugan byr, í maí 1915 hófust verkbönn og horfur voru á, að þau mundu ná til 70 þús. verkamanna. Ríkisstjórnin lagði þá fram frv. um dómstól í hagsmunaágreiningi og lýsti yfir því, að það mundi verða látið ganga fram, ef deilan ekki leystist. Þetta frv. varð að lögum 9. júní sama ár. Stjórnin gaf þá út fyrirskipun um að kaup námuverkamanna, járnviðnaðarmanna og verkamanna við áburðarverksmiðjurnar skyldi ákvæðið af dómstólnum og vinna tekin upp þegar í stað. Atvinnurekendur hlyddu, en þá gerðu verkamenn verkfall. Alsherjarþing verkamanna var kallað saman. En það samþykkti, að verkfallinu skyldi hætt og úrsurði dómsins hlytt fremur en að taka upp baráttu, sem sennilega mundi enda með ósigri verkamannastéttarinnar. Var þetta samþykkt með 197 gegn 45 atkvæðum. Sömuleiðis ákvað þetta þing, eftir harðar deilur, að verkamenn skyldu tilnefna fulltrúa í dómstólinn og bera vitni fyrir dónum, ef krafist yrði. Dómurinn féll á þá leið, að verkamenn undu honum sémilega að minsta kosti að verulegu leyti.

Þessi lög áttu aðeins að gilda meðan striðið stæði yfir. En 1919 bar ríkisstjórnin fram frv. um fram lengingu laganna. Verkamenn beittu sér móti henni, en með atkvæðum Hægri og Vinstrimanna og með stuðningi atvinnurekenda voru lögini fram lengd um eitt ár til 1. apr. 1920. Þessi fram lenging var gerð með tilliti til launadeilu, sem þá stóð fyrir dyrum, en sú deila leystist á annan hátt. En 1920 komu upp nýjar alvarlegar launadeilur í fjölda mörgum starfsgreinum og þá ákvað stjórnin að láta dómstóllinn skera úr. Alls voru felldir dómar í 53 deilumálum og þessir dómar gengu yfirleitt verkamönnum í hag.

Pegar þessi úrslit komu, hafði það mikil áhrif á afstöðu aðila til þessa málს. Aðstaðan var þá orðin sú, að atvinnurekendur voru komnir í harða andstöðu gegn gerðardómi í hagsmunaágreiningi, en verkamenn voru honum hlynntir, og þegar málid árið 1922 aftur var tekið upp í þinginu, var gerðardómur í hagsmunaágreiningi samþykktur með 68 gegn 40 atkvæðum. Með honum voru fulltrúar vinstrimanna og Verkamannaflokkanna, en á móti þingmenn haegrimanna. Norski verkamannaflokkurinn var þá nýklofnaður með þeim afleiðingum í Stórbinginu, að af 37 verkamannafulltrúum töldust 29 kommunistar. En háðir verkamannaflokkarnir

voru með lögnum, kommúnistar, undir forystu Olav Scheflo, engu síður en hinir. Lögin skyldu gilda til 1. apr. 1923.

Pessi dómstóll fekk nóg verkefni. Á árinu 1922 kvað hann upp eigi færri en 111 dóma. Ástandið í landinu hafði breyzt allverulega á þessum 2 árum og úrskurður dómstólsins var nú, með tilliti til aðila, allur annar en 1920, því nú gengu dómarnir yfirleitt á móti verkamönum. Laun voru lækkuð, frídögum fækkað o. s. frv.

Eftir þetta voru ekki sett ný lög um þetta efni fyrr en 1927. Voru þau samþykkt með atkvæðum allra flokka nema Verkamannaflokksins og áttu að gilda til 1. ágúst 1929. Stjórn vinstrimanna, sem alltaf hefir talið sig hlynnta þessari leið ætlaði þá enn að framlengja löginn, en Hægrimenn og Verkamannaflokkurinn felldu þau. Síðan hefir þessi leið engan byr haft í Noregi. Það var sérstaklega ein deila í byggingariðnimum, sem varð til þess aðallega að veikja trú almennings á sílum dómstóli (í hagsmunaágreiningi). Verkamenn gerðu sem sé ver�fall til að fá úrskurði dómstólsins breytt. Var það auðvitað ólöglegt, en dómurinn reyndist ekki framkvæmanlegur, og niðurstaðan varð sú, að vinnuveitendur, eftir tillögu hins almenna vinnudómstóls, gegnu sjálfrir að verulegu leyti inn á þær breytingar, sem verkamenn vildu gera á úrskurðinum.

Par með virðist dómstóllinn í hagsmunaágreiningi vera úr sögunni í Noregi, að minnsta kosti fyrst um sinn. En 5. maí 1927 voru sett ný lög um vinnudeilur, er komu í stað laganna frá 1915. Meðal annars var þar ákvæði um fjölgun dómara í vinnudómstólnum úr 5 upp í 7 og að ríkisvaldið tilnefndi 3 í stað 1 áður. Viðauki við þessi lög var samþykktur 19. júní 1931. 1931 skipaði stjórn vinstrimanna nefnd, sem átti að hafa það hlutverk með höndum að efla friðsamlega sambúð milli verkamanna og atvinnurekenda. Til hennar var vísað frv., er fram komu í stórbinginu 1931, bæði frá Bændaflokknum og flokki haegrimanna. Síðar skipaði stjórn Bændaflokkssins nýja nefnd í árslok 1932. Upp úr þessum nefndarstörfum og eftir að hin nýja stjórn vinstrimanna var tekin við aftur, kom svo hin nýja viðbót við norsku vinnulöggjöfina 7. júlí 1933. Þar voru tekin upp ákvæði um ábyrgð félaga og refsingu, nýjar breytingar viðkomandi vinnudómi og svo hin sérstöku ákvæði um boycot, sáttamleitanir og dómstól í boycot-málum, sem mjög einkenna hina norsku vinnulöggjöf, eins og hún nú er. 26. júní 1934 er lögnum enn breytt og tekin inn ákvæði um atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu sáttasemjara o. s. frv. En þessi ákvæði um atkvæðagreiðslu voru numín úr gildi með nýrri breytingu á lögnum 29. mars 1935, eftir að stjórn Bændaflokkssins og Verkamannaflokksins kom til valda. Hinsvegar hafa landssambond verkamanna og atvinnurekenda á árinu 1935 gert með sér samning, sem kallaður hefir verið „norska septembersættin“, og eru þar meðal annars teknað upp reglur um atkvæðagreiðslur. Samningur þessi gildir til 5 ára.

Í „norsku septembersættinni“ frá 1935 eru ákvæði um trúnaðarmenn verkamanna og að ekki megi segja þeim upp með skemmri fyrirvara en 4 vikum og af „særlig Grund“. Ekkert er í þessari sætt um það, hvort atvinnurekandi hafi rétt til að „lede og fordele Arbejdet“, en ákvæði í þá átt eru hinsvegar tekin upp í flesta norska vinnusamninga.

Auk þeirrar vinnulöggjafar, sem nefnd hefir verið, eru í gildi í Noregi sérstök lög frá 6. júlí 1933 og 7. júní 1935 um vinnudeilur við áfengisverzlun ríkisins (bindandi gerðardómur og bann gegn vinnustöðvun) og lög frá 6. júlí 1933 um samningsrétt starfsmanna ríkisins og starfsmannadóm.

Forseti norska vinnudómsins var skipaður í upphafi hrn. Paal Berg og hefir hann gegnt því starfi síðan. Hann er viðurkenndur fræðimaður á þessu svíði og hefir meðal annars ritað um vinnulöggjöf Norðurlanda í tímárit verkamálastkrifstofunnar í Geneyé.

Hér fer á eftir efnisútdráttur úr gildandi vinnulöggjöf Noregs. Ennfremur svör norska atvinnurekandasambandsins við áðurnefndu bréfi nefndarinnar.

#### a. Um vinnusamninga o. fl.

Verkamanna- og atvinnurekendaflög eru skyldug til að gefa ríkisstjórn og sáttasemjara allar upplýsingar um skipulag sitt, meðlimafjölda o. s. frv.

Vinnusamningar skulu vera skriflegir. Staðfest afrit sendist sáttasemjara innan 2 vikna. Sé ekki annað fram tekið skoðast samningstíminn 3 ár og uppsagnarfrestur 3 mánuðir. Sé eigi sagt upp eða samið á ný endurnýjast um 1 ár. Meðlimur losnar ekki við samningsskuldbindingar við úrsögn.

Samningar einstakra meðlima eru ógildir, ef þeir fara í bága við aðalsamninginn. Samband eða félag ber ábyrgð á, að meðlimir haldi samning, enda hafi þó ekki reynt að hindra samningsbrot. Sambandi eða félagi er ávalt heimilt að útiloka meðlim, sem brýtur vinnusamning. Við ákvörðun skaðabóta fyrir samningsbrot, ólöglega vinnustöðvun, eða boycot skal taka tillit bæði til tjóns og sakar — skaðabætur geta fallið burt. Vinnustöðvun er óheimil út af deilu um skilning eða gildi samnings. Vinnudómurinn getur þó leyft vinnustöðvun, ef fyrri úrskurður hans hefir ekki verið tekin til greina.

Ágreining út af öðru en samningi má ekki útkljá með vinnustöðvun, nema útrunnir séu þeir frestir, sem ákvæði um sáttatilraunir gera ráð fyrir.

Loks eru ýms ákvæði um boycot.

#### b. Um sáttatilraunir.

Konungur skipar einn ríkissáttasemjara og auk þess umdæmissáttasemjara í hverju sáttaudæmi og skiptir landinu í sáttaudæmi. Ríkissáttasemjari er yfirmaður umdæmissáttasemjaranna. Ríkissáttasemjari á að sylgjast með ástandi vinnumála í landinu og umdæmissáttasemjarar hver i sínu umdæmi. Telji ríkissáttasemjari að hætta sé á vinnustöðvun, getur hann krafíð aðila um upplýsingar meðal annars um, hvaða kröfur hafi verið gerðar. Hann getur hafið sáttaukleitanir, þó vinnu hafi ekki verið sagt upp eða falið umdæmissáttasemjara að gera það. Hafi vinnu verið sagt upp vegna ágreinings um kaup og kjör, skal tafarlaust tilkynna það ríkissáttasemjara og gagnaðila. Sé aðili í sambandi, sendist tilkynningin því, en sambandið sendir hana sáttasemjara.

Vinnustöðvun má ekki framkvæma fyrr en uppsagnarfrestur er liðinn og ekki fyrr en 4 virkir dagar eru liðir siðan ríkissáttasemjara barst tilkynning um, að samningar hafi ekki hafizt, þeim hafi verið slitið eða uppsögnin gerð viðtækari. Telji sáttasemjari vinnudeiluna alvarlegs eðlis, skal hann þegar í stað banna vinnustöðvun unz sáttatilraun er lokið. Til þess að bannið hafi gildi, verður það að vera gefið út innan 2 daga eftir að honum barzt tilkynningin. Þó að sáttasemjari hafi eigi bannað vinnustöðvun getur hann eigi að síður hafið sáttaukleitanir. Sáttasemjari kallar aðila til fundar. Sáttasemjari hefir vald til vitnaleiðslu og getur krafíð aðilana um skýrslur og reikninga. Samkomulagstillögu frá sáttasemjara má eiga birta nema með samþykki aðila.

10 dögum eftir að bann gegn vinnustöðvun er gefið út, getur aðili krafist, að sáttaukleitunum sé hætt, enda hafi hann mætt á fundum og tekið þátt í sáttaukleitunum.

Sáttaukleitunum skal hætt ekki seinna en 4 dögum eftir að krafan um það kom fræm,

Ef sáttatilraun hefir misheppnast, getur sáttasemjari birt skýrslu um málið, á þann hátt, sem hann telur heppilegt.

Um miðlunartillögu sáttasemjara skal greiða atkvæði eins og hún liggur fyrir. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg og skrifleg. Aðilar skulu sjá um, að allir atkvæðisbærir félagsmenn hafi aðstöðu til að kynna sér miðlunartillögu áður en atkvæði eru greidd um hana. Að atkvæðagreiðslu lokinni skulu aðilar strax tilkynna sáttasemjara, hvort miðlunartillaga er samþykkt eða felld. Sé miðlunartillaga felld, skal tekið fram, hve margir hafi greitt atkvæði með og hve margir á móti og hve margir hafa haft atkvæðisrétt um hana.

Ef sáttasemjari álítur, að deilu í fleiri en einni grein beri að leysa í einu lagi, getur hann ákyeðið sameiginlegar atkvæðagreiðslur um miðlunartillögu.

Bannað er að birta hluta af atkvæðagreiðslu áður en heildarniðurstaða er birt.

Um atkvæðagreiðslu farmanna getur sáttasemjari sett sérstakar reglur, eftir því sem við á, enda hafi aðilar ekki sjálfr komið sér saman um hana.

Ef aðili felst á miðlunartillögu eftir að sáttatilraun var lokið tilkynnir hann það sáttasemjara, sem tilkynnir það gagnaðila. Ef gagnaðili samþykkir, boðar sáttasemjari til fundar og gengur frá vinnusamningi. Aðilar geta í sameiningu krafzt að sáttatilraunir séu teknar upp á ný.

#### e. Um vinnudómstóli.

Dóminn skipa 7 menn. Formaður og 2 meðdómendur eru skipaðir af konungi. Formaður og annar hinna þurfa að uppfylla skilyrði hæstaréttardómara. Engin dómandi má vera í stjórni atvinnurekenda- eða verkamannafélags. 2 dómendur skulu skipaðir eftir tillögu verkamanna og 2 eftir tillögu atvinnurekenda. Tilnefna skal helmingi fleiri en skipa á. Vanti tilnefningu skal skipað án tilnefningar. Um tilnefninguna eru all-ýtarlegar reglur og mörg sambönd geta tekið þátt í henni.

Til þess að dómurinn sé ályktunarfær, þarf hann að vera fullskipaður.

Vinnudómurinn tekur til meðferðar:

- Ágreining um gildi og skilning vinnusamnings og kröfur, sem byggðar eru á vinnusamningi.
- Hvort aðila er leyfilegt að gera vinnustöðvun til að þvinga gagnaðila til að fara eftir úrskurði vinnudóms.
- Ágreining um skilning á sérsamningi, byggðum á vinnusamningi.

Vinnudómurinn dæmir skaðabætur.

„Domstolen for boikottsaker“ skipa 5 menn án tilnefningar.

Samböndin eru málsaðilar.

Mál, sem heyra undir vinnudóminn, verða ekki tekin fyrir af öðrum dómtólum. Hæstiréttur getur skorið úr um það, hvort mál heyrir undir vinnudóminn. Að öðru leyti verður úrskurði vinnudóms yfirleitt ekki áfrýjað.

#### d. Önnur lög.

**Lög frá 6. júlí 1933 um samningsrétt starfsmanna ríkisins og um stofnun starfsmannadómstóls.**

Lög þessi ná til allra starfsmanna sem ráðnir eru hjá ríkinu og fá laun frá hinu opinbera, nema þeir heyri undir lög um vinnudeilur (lög 5. maí 1927). Ef starfsmaður er aðeins launaður að hluta af ríkinu, sker konungur úr því, hvort hann fellur undir þessi lög.

Starfsmenn ríkisins hafa rétt til að krefjast að samningsumleitanir um gildandi launa- og starfskjör verði teknar upp,

Pennan samningsrétt hafa:

- Félög starfsmanna í ákveðinni starfsgrein eða ákveðins hóps innan starfsgreinar.
- Sambönd starfsmannafélaga, sem nefnd eru í a-lið.
- Minnst 50 starfsmenn, sem ekki eru félagsbundnir í starfsmannafélögum. Önnur starfsmannafélög en þau, sem konungur hefir viðurkennt, fá þó ekki samningsrétt.

Starfsmannafélög geta því aðeins fengið viðurkenningu:

- Að félagsmenn séu aðeins nýverandi og fyrrverandi starfsmenn ríkisins í viðkomandi starfsgrein.
- Að félagið geti talist fulltrúi yfirgnæfandi meirihluta starfsmanna innan viðkomandi starfsgreinar eða hóps (Gruppe).

Byrja skal á samningsumleitunum innan 14 daga eftir að krafa hefir verið borin fram um það frá réttum aðila til rétts aðila.

Ef ríkið vill breyta launakjörum skal það áður leita samkomulags um það hjá viðkomandi félagssamtökum starfsmanna ríkisins.

Ef 14 dagar líða eftir að byrjað hefir verið á samningsumleitunum, getur hvor aðila sem er, krafzt að samningsumleitunum sé hætt, þrem dögum eftir að slik krafa kemur fram.

Ef samkomulag næst í samninganeftnd skal málið svo fljótt sem við verður komið lagt fyrir þá aðila, sem hafa fullnaðarákvörðunarrétt í málinu.

Ef samkomulag næst ekki geta fulltrúar ríkisins krafist, að þeir starfsmenn, sem hagsmunu hafa að gæta, greiði atkvæði um tilboð þau, sem þeir hafa lagt fram. Fulltrúar starfsmanna geta sömuleiðis krafist, að tilboð þau, sem þeir hafa lagt fram, verði lögð fyrir það ríkisyfirvald, sem hefir endanlegt úrskurðarvald.

Í höfuðstað landsins skal setja á stofn starfsmannadóm.

Í dóminum eiga sæti formaður og 6 meðdómendur.

Dómstjóri hæstaréttar skipar formann og 4 meðdómendur, til 3ja ára í senn, ásamt varamönnum.

Stjórnardeild sú, sem vinnumálin heyra undir, nefnir einn dómarar ásamt varadómarar, af þeim, sem hæstiréttur skipar, og viðurkend sambönd embættis- og sýslunarmanna annan ásamt varadómara.

Þeir meðdómendur, ásamt varadómurum, sem eftir eru, skulu skipaðir í hvert einstakt mál, og skal annar þeirra vera starfsmaður í þeiri grein, sem málið fjallar um, og skipaður samkvæmt tillögu viðkomandi aðalsambands starfsmannafélaganna.

Dómstóllinn tekur til meðferðar deilur milli ríkisins annarsvegar og áðurnefndra starfmannasamtaka hinsvegar um skilning og framkvæmd á gildandi launa- og starfskjörum.

Slikar deilur verða ekki útkljáðar fyrir öðrum dómsstólum.

Dómstóllinn getur dæmt um kröfur einstakra manna, ef úrskurður um þær byggist á niðurstöðu heildardóms um laun eða starfskjör.

Lög um vinnudeilur frá 5. maí 1927, 12—26. gr. og 41.—46. gr. taka til þessa dómsstóls eftir því, sem ástæða er til.

**Lög um vinnudeilur við áfengiseinkasöluna og vínuðsölurnar (vinmonopolet og samlagene).**

Í deilu milli verklýðsfélags annarsvegar og Áfengiseinkasölunnar og vínuðsalanna hinsvegar um skilning eða gildi vinnusamnings, eða um kröfu, sem byggist á vinnusamningi, getur hvor aðili kært fyrir vinnudómstólnum samkvæmt ákvæðum í lögum um vinnudeilur.

Í deilu milli sömu aðila um kaup og kjör getur hvor aðili krafist, að sáttayfir-

völd, sem sett eru samkvæmt vinnudeilulögum, taki að sér að leita um sættir í deilunni.

Pegar sáttu hefir verið leitað árangurslaust, getur hvor aðili sem er krafist, að deilumálið sé úrskurðað af gerðardómi.

Pangað til málið hefir verið úrskurðað gilda sömu kjör og voru áður en deil-an hófst.

Það er ólöglegt að gera vinnustöðvun hjá Áfengiseinkasölunni og vínútsöl-unum eða nota boycot eða fremja annan verknað gegn þeim, sem væri brot á vinnusamningum.

Setja skal á stofn gerðardóm til að skera úr kaupdeilumálum.

Í réttinum eiga sæti formaður, varaformaður og 3 aðrir dómarar.

Formaður, varaformaður og einn dómari skulu skipaðir af forseta hæstaréttar, en stjórn Áfengiseinkasölunnar og sambandsstjórn útsalanna skal áður gefið tækifæri til að benda á 3 menn hvorri, en dómara og verkamönnum og starfsmönnum hjá Áfengiseinkasölunni skal cinnig gefið tækifæri til að benda á 3 menn hvorum hóp.

Í úrskurði gerðardóms skal tekið fram hve lengi hann á að vera í gildi. Hann má ekki gilda lengur en 2 ár.

Úrskurður gerðardómsins er óáfrýjanlegur.

Það varðar sektum frá 5—25 þús. kr. eða fangelsi allt að einu ári, eða báðum þessum refsingum samanlagt:

- Að taka þátt í að ákveða að byrja á, að halda áfram að styðja eða að viður-kenna vinnustöðvun.
- Að hvetja til að byrja á eða halda áfram vinnustöðvun eða safna styrktarfé eða útbýta styrktarfé til að koma af stað eða halda áfram vinnustöðvun.
- Að byrja eða halda áfram ólöglegu boycot eða öðru, sem mundi stríða móti vinnusamningi.

Í úrskurði má ákveða að sektir megi innheimta hjá því félagi, sem hinn seki hefir unnið brotið fyrir eða er trúnaðarmaður hjá, nema brotið fari í bága við samþykktir félagsins.

Ef vinnuveitandi eða fulltrúi hans gerir vinnustöðvun eða heldur áfram vinnustöðvun, varðar það sektum frá 5—25 þús. kr. eða fangelsi allt að einu ári. Það varðar sektum frá 5—25 þús. kr. eða fangelsi allt að 3 mánuðum, ef verkamaður leggur niður vinnu.

Það varðar sektum frá 5—25 þús. kr. eða fangelsi allt að einu ári, eða báðum þessum refsingum samanlagt:

- Að hafa áhrif á eða reyna að hafa áhrif á, að einhver missi eða hætti við starf sitt eða sækji ekki um eða fái ekki starf, ef það er gert í þeim tilgangi að koma af stað vinnustöðvun.
- Að hvetja til verka, sem talað er um í a lið.
- Að hafa áhrif á eða reyna að hafa áhrif á að vinnuveitandi taki þátt í ólöglegri vinnustöðvun eða taki ekki verkamenn í vinnu, sem ólögleg vinnustöðvun kemur niður á, eða geri annað, sem styður ólöglega vinnustöðvun.
- Að hvetja til verka, sem talað er um í c lið.

Pessi lög gengu í gildi 6. júlí 1933 og áttu að gilda til 1. ágúst 1935. En rikis-stjórnin lét fram lengja þau með þeim breytingum að dómarar í gerðardóminn skyldu skipaðir til 3 ára.

Í norsku lögum varðar það 5—25 þús. kr. sektum eða allt að 3 mánaða fang-elsi að gera ólöglega vinnustöðvun eða aðstoða við hana eftir því sem nánar er tiltekið í lögumum.

Brot á bagnarskyldu varðar sektum,

Það varðar einnig sektum að sýna vinnudómi eða sáttasemjara óvirðingu, vanrækja að mæta eða gefa upplýsingar í máli. Í slikum tilfellum má einnig dæma hlutaðeigendur til að greiða kostnað, sem brot hans veldur.

Óparfa kærur varða einnig sektum.

#### e. Bréf landssambands norska atvinnurekenda

##### Bréf landssambands norskra atvinnurekenda.

Bréfi nefndarinnar, sem prentað er á bls. 18 hér að framan, hefir landssamband norska atvinnurekanda svarað á þessa leið:

„NORSK ARBEIDSGIVERFORENING

Oslo, 22. janúar 1937.

##### Norsk lagaákvæði um vinnudeilur.

Vér höfum mótttekið bréf yðar dags. 30. f. m. og leyfum oss að svara því þannig:

Fyrstu lög vor um vinnudeilur voru frá 6. ágúst 1915. Var þeim breytt með lögum frá 5. maí 1927. Gerðum vér ráð fyrir að þessi lög, ásamt síðari viðbótum við þau séu yður kunn.

Vér höfum þannig nú í 20 ár haft lög um þetta efni hjá oss.

Skiptast lögin í two hluta:

Vinnudeilur, en undir þær fellur „boikott“, sem ræðir um í 2. kafla laganna. Sættir, sem rætt er um í 3. kafla laganna.

Gerum vér ráð fyrir, að það sé lagaákvæði vor um vinnudeilur, sem þér óskið álits um.

Lögin gera ráð fyrir því, að gerðir séu vinnusamningar (Tariffavtaler) milli félags vors og hlutaðeigandi verklyðssamtaka og að eftir þessum samningum fari um sambandið milli vinnuveitenda og verkamanna.

Tilgangur laganna er þá að ákvæða um það, hvernig leysa skuli þær deilur, sem rísa kunna á samningstímabilinu. Álitum vér það mjög mikilvægt að lagaákvæði hafa verið sett um þetta. Í 6. gr. laganna eru ákvæði, sem banna vinnustlöðvun er slikein deilur rísa. Skal sérhver ágreiningur um skýringu á samningum fara fyrir vinnudóminn (Arbeidsretten).

Álitum vér þetta ákvæði, um að vinnufriður skuli haldast á samningstímabilinu og að vinnudómstóllinn skuli skera úr um allan ágreining, mjög svo þýðingarmikið. Sérhver verknaður í þá átt, að koma af stað breytingum á hinu samningsbundna ástandi er skilyrðislaust bannaður. Slikur verknaður er því ólöglegur og bakar bæði verkamönnum þeim, er þátt taka í honum sem og samtökum þeirra, ábyrgð eftir lögum.

Í 4. og 5. gr. laganna eru nánari ákvæði um ábyrgð þess, en reglur vorar um þetta atriði eru ekki fullnægjandi með því, að vinnudómstóllinn hefir heimild til að draga úr ábyrgðinni eða jafnvæl að leysa verkalyðssamtökin undan allri ábyrgð, komist dómurinn að þeirri niðurstöðu, að verklyðssamtökin hafi gert allt, sem í þeirra þeirra valdi stóð til þess, að koma í veg fyrir ólöglega deili.

Því miður hefir vinnudómstóll vor haft tilhneigingu til þess, að leysa verklyðssamtökin undan ábyrgðinni; og álitum vér, að það hafi dregið mjög úr gildi þeirra ákvæða laganna, sem banna ólöglegar athafnir.

Hafi farið svo, að vér höfum fengið skaðabótadóm á verkamenn sjálfa höfum vér í allmögum tilfellum átt það á hættu og orðið fyrir því, að þeir hafa ekki hlýtt dóminum, og skákað í því skjólinu að þeir hefðu ekkert til þess að greiða með, og höfum vér þannig raunverulega ekki getað komið fram neinni ábyrgð gagnvart þeim.

Vinnudómstóll vor er ekki, eins og danski vinnudómstóllinn, bær um að dæma

i sektir, og verðum vér því að snúa oss til refsidómstóla vorra, svo framarlega sem vér viljum koma fram refsíabyrgð vegna ólöglegra athafna, en þetta hefir i reyndinni orðið mjög ófullnægjandi.

Í ráði er, að samtök vor taki þetta efni til athugunar við hina fyrirhuguðu endurskoðun á vinnusamningunum, þar sem vér teljum okkur nauðsynlegt að hafa frekara öryggi um að þeir samningar, sem gerðir eru, séu haldnir.

Samkvæmt vorum lögum er vinnudómstóllinn fyrir allt landið. Hefir fjöldi þeirra mála, sem til hans berazt mjög aukist á síðstu tímum. Stjórnin hefir því í undirbúningi lagafrumvarp, þar sem gert er ráð fyrir því, að deilur viðvíkjandi ófélagsbundnum atvinnuekstri og staðbundnum félagsskap, skuli að nokkru leyti fara fyrir hina venjulegu undirrétti, en áfrýja megi þeim til vinnudómstólsins. Dóm vinnudómstólsins er ekki hægt að áfrýja, nema að því leyti, sem snertir formhlið málssins, sem þá er áfrýjað til hæstaréttar.

Eftir þeirri þróun, sem orðið hefir, verðum vér að álita, að það hafi verið nauðsynlegt að hafa lagaákvæði um þessi mál og að undanteknum ákvæðum um skaðabæturnar og ábyrgðina, teljum vér að þau hafi reynzt fullnægjandi.

Væntum vér með þessu, að hafa svarað fullnægjandi framangreindu bréfi yðar.

#### Virðingarfyllst

Norsk Arbeidsgiverforening  
Finn Dahl"

### 3. Svíþjóð.

Í sánskri löggjöf hefir ekki frekar en í norskrí verið neitt ákvæði er bannaði að stofna verkalyðsfélög. Sánsku lögum hafa hvorki haft að geyma ákvæði er leyfðu slikt eða bannaði. Í hegningarlögunum frá 1864 er að vísu ákvæði, sem heimila yfirvöldunum að hafa eftirlit með hverskonar fundarhöldum og félagsskap, en í því felst ekkert sérstakt fyrir verklyðsfélögum.

Hin eiginlegu stéttarfélög verkamanna eru fyrst stofnuð um 1880. Stóð myndun þeirra í nánu sambandi við stofnun sánska Jafnaðarmannaflokkins og undir forstu hans var landssamband sánskra verkamanna stofnað árið 1898. Í fyrstu neituðu atvinnurekendur að viðurkenna félög verkamanna eða gera við þau samninga, en frá því var þó horfið og atvinnurekendur fóru þá að dæmi verkamanna og stofnuðu atvinnurekendafélög. Árið 1902 stofnuðu þeir Svenska Arbetsgivareföreningen og Sveriges Verkstedsforening og árið 1903 Sveriges Centrala Arbetsgivareförbundet. Þessi 3 félög störfuðu út af fyrir sig í 15 ár, en gengu þá saman í eitt alsherjaratvinnurekendafélag Svenska Arbetsgivareföreningen.

Sánsk verklyðsfélög settu sér í upphafi það takmark að forðast vinnustöðvanir. Þó hefir svo farið, að verkföll og verkbönn hafa ekki verið ótið í Svíþjóð. Á tímabilinu 1863—98 eru vinnustöðvanir talðar 222, frá 1890—1902 yfir 1000 og frá 1903—1928 alls 5833.

Á tímabilinu frá 1908—1912 styrkist atvinnurekendasambandið mjög. Fram til þess tíma hafði það verið mun veikara en verkmannasambandið. Árið 1909 vann það mikinn sigur í vinnudeilu við verkmannasambandið. Fækkaði meðlimum verkmannasbandsins við þessa deilu, eftir því sem skýrslur herma, úr 230667 niður í 121509, en árið 1917 var það búið að ná meðlimatölu sinni aftur og hefir verið í örum vexti síðan. Fyrst framan af snerust deilurnar aðallega um rétt verkamanna til að mynda með sér félög og gera samninga og hinsvegar rétt atvinnurek-

enda til að nota „verkfallsbrjóta“ og ófélagsbundna verkamenn, en hin síðari ár hafa næstum allar vinnudeilur snúið um kaup og kjör. Árið 1906 tókst verkamönnum og atvinnurekendum að semja með sér um það, að atvinnurekendur skyldu sjálfir ráða, hverja og hvernig þeir létu vinna, en verkamönnum voru gefin tæki-færi til að halda verkamönnum að félögum sínum og vinna gegn „verkfallsbrjótum“. Félagsréttur verkamanna var viðurkenndur af hálfu atvinnurekenda.

Svíar hafa lagt mjög mikla vinnu í það að koma upp traustri og heilbrigðri löggjöf um viðskipti verkamanna og atvinnurekenda. Hafa þeir skipað hverja nefndina á fætur annari til þess að rannsaka það mál og undirbúa frv. Í bréfum þeim, sem hér fara á eftir frá sánska atvinnurekendasambandinu og verkamannasambandinu eru þau mál svo ýtarlega rakin og svo glögglega gerð grein fyrir afstöðu verkamanna og atvinnurekenda til þess máls að til þess má að vernulegu leyti vísa, og skal hér farið stutt yfir sögu.

Á þingi Svía komu fram ýms frv. til vinnulöggjafar löngu fyrir aldamót. Fyrsta frv. um vinnusamninga var flutt 1887 og fyrsta frv. um sáttatilraunir var flutt 1892. Árið 1899 var samþykkt áskorun til stjórnarinnar um að undirbúa vinnulöggjöf og var skipuð nefnd í því skyni. Nefndin skilaði álið 1901, en tillögur hennar voru ekki lagðar fyrir þingið.

31. des. 1906 voru samþykkt lög um sáttatilraunir í vinnudeilum og er það fyrsta vinnulöggjöf Svía. Breytingar og viðaukar við þau lög eru frá árunum 1920, 1931, 1935 og 1936. Árið 1910—1911 lagði stjórnin fram frv. bæði um vinnusamninga og vinnudómstól (í réttarágreiningi) en eigi náðu þau samþykki. 28. maí 1920 voru samþykkt lög um „central skiljanmd för vissa Arbetstvister“. Nefnd sú, sem þessi lög gerðu ráð fyrir, átti að taka til meðferðar ágreining, sem risi út af gerðum samningum, þó því að eins, að svo væri ákveðið í samningnum eða báðir aðilar væru sammála um að skjóta ágreiningnum til hennar. Skyldi úrskurður nefndarinnar þá vera bindandi. Þessi lög urðu vinsæl, ekki sít af verkamönnum, en þau voru afnumin með vinnudómslögunum 1928.

Á þingi 1921 komu fram ýmsar tillögur til verndunar vinnufriðnum í landinu. 22. maí 1928 samþykkti sánska þingið lög um vinnusamninga og vinnudóm. Á vinnudómslögunum voru gerðar breytingar 1936 í samræmi við hin nýju lög um félags og samningsrétt.

Pegar frv. um vinnudóm kom fram í þinginu reis gegn því allmikil andstaða meðal verkamannasamtakanna og 22. maí lýsti stjórn landssambands verkamanna yfir alsherjarmótmaðlaverkfalli og tóku þátt i því rúmlega 370 þús. manns. Þetta verkfall var þó aðeins mótmælaverkfall, sem stóð í einn dag. Og verkamenn sættu sig við lögini og landssamband þeirra tilnefndi 2 menn í dóminn. Og eins og fram er tekið í bréfi landssambandsins hér á eftir eru þessi lög nú yfirleitt vinsæl meðal sánskra verkamanna. Á árunum 1929—1933 var vísað til dómsins 870 deillumálum. Af þessum 870 málum höfðuðu atvinnurekendur, eða félög þeirra, 163, en verkamenn eða félög þeirra 700. Í 7 tilfellum voru báðir aðilar sammála um að skjóta málini til dómsins.

Árið 1935 var samþykkt viðbót við sáttasemjaralögini (um að tilkynna vinnustöðvun með viku fyrirvara) og 11. sept. 1936 var samþykkt ný löggjöf í þessu efni, en það eru lögini um félaga og samningsrétt.

Þess skal getið, að bæði í Svíþjóð og Noregi hefir verið mikið um það rætt að tryggja með löggjöf rétt 3. manns í vinnudeilum. Niðurstöður hafa ekki af því orðið, en að þessu lúta að nokkru leyti ákvæðin um boycot í norskum lögum.

Í tilefni af tillögu, sem samþykkt var í annari deild sánska þingsins 1929 fórlíkisstjórnin prófessor Ragnar Bergendal að gera tillögur um rétt 3. manns í vinnudeilum. Hann skilaði álið 1933 ásamt þrem frumvörpum. Í þessum frv. er farið út fyrir sjálfar vinnudeilurnar og ná þau meðal annars til ýmsra viðskiptamála.

Tillögur próf. Bergendal voru síðan sendar til umsagnar ýmsum félögum (atvinnurekendafélögum, samvinnufélögum, verkamannafélögum o. s. frv.) viðsvegar um landið. Að fenginni umsögn þeirra skipaði stjórnin 13 manna nefnd í málið 9. mars 1934. Skilaði nefndin álti 4. maí s. á., en varð ekki sammála. Stjórnin undirbjó síðan frv. um „vissa ekonomiska Stridsåtgärder“, en ekki hefir það orðið að lögum.

Þess má geta að svokallaðir Kilbom-Kommunistar hafa í byrjun ársins 1937 borið fram í þinginu frv. um afnám vinnudómslaganna og laganna um vinnusamninga.

Hér fer á eftir útdráttur úr gildandi sánskri vinnulöggjöf. Lögin um samningsrétt og félagsrétt eru þó prentuð hér orðrétt, enda er þar um alveg nýja og nokkuð sérstaka löggjöf að ræða. Því næst eru birt svör sánska verkamannasambandsins og atvinnurekendasambandsins við bréfi nefndarinnar.

#### a. Um sáttatilraunir fí vinnudeilum.

Konungur skiptir landinu í sáttauemdæmi og skipar einn sáttasemjara í hverju umdæmi.

Hlutverk sáttasemjara er:

- Að fylgjast með vinnumálum í umdæmi sinu.
- Að vinna að lausn vinnudeilna í umdæminu, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.
- Að aðstoða, ef óskað er, við samningagerðir, sem líklegar eru til að bæta sambúðina milli atvinnurekenda og verkamanna.

Rísi vinnudeila alvarlegs eðlis ber sáttasemjara að setja sig í samband við deiluaðila, rannsaka tilefni deilunnar, skora á aðila að framkyðema ekki eða auka vinnustöðvun á meðan á sáttatilraun stendur, kalla deiluaðila á sáttafund og reyna þar að koma á sáttum milli þeirra. Þótt vinnudeila virðist ekki vera alvarlegs eðlis, ber sáttasemjara samt að leita um sættir, sé þess óskað af vinnuveitanda eða verkalyðsfélagi, sem í er a. m. k. helmingur þeirra verkamanna, sem deilan snertir.

Deiluaðilum er skyld að mæta á fundi, sem boðaður er af sáttasemjara.

Liggi vinnustöðvun eigi fyrir og telji aðilar sáttatilraun þýðingarlausa skal sáttasemjari eigi leita um sættir nema ástæður breytist. Sáttasemjara ber fyrst og fremst að leggja til grundvallar þau tilboð eða tillögur, er fram koma frá aðilum sjálfum. Aðilum er skyld, að láta sáttasemjara í té reikninga og hagfraeðilegar upplýsingar, sem snerta deiluna og veita honum aðgang að vinnustöðvum. Sáttasemjari hefir þagnarskyldu.

Náist ekki sætt, getur sáttasemjari skorað á aðila að leggja deiluna í gerðardóm. Skal hann hjálpa til að mynda gerðardóminn, en má ekki vera í honum sjálfur.

Ákvæði laganna koma ekki til greina, þar sem sérstök samningsákvæði eru um meðferð deilumála, nema báðir aðilar óski aðstoðar sáttasemjara, og færí líkur fyrir, að hún sé nauðsynleg.

Sé um mjög alvarlega deilu að ræða, getur konungur skipað sérstaka sáttanefnd eða nýjan sáttasemjara í málið.

Sáttasemjurum ber að senda ráðuneytinu skýrslu um starf sitt, og skal skýrslan gefin út.

Viðauki við sáttasemjaralögini (ný gr. sem er 3. gr.) gekk í gildi 1. okt. 1935. Samkv. þessari grein skal tilkynna gagnaðila og sáttasemjara vinnustöðvun með viku fyrirvara, „därest giltigt hinder ikke möter“. Vanræksla varðar 300 kr. sekt. Mál út af brotum gegn þessu ákvæði eru rekin sem opinber mál fyrir almennum dómstóli.

### b. Lög um vinnusamninga.

Vinnusamningar skulu vera skriflegir.

Vinnusamningur félags bindur meðlimi þess, fari hann ekki í bága við vinnusamning, sem þeir eru áður bundnir við. Meðlimur losnar ekki við samningsskuld-bindingu, þó hann gangi úr féluginu. Sérsamningar milli meðlima, sem fara í bága við aðalsamninginn, eru ógildir.

Aðila vinnusamnings er, meðan samningur er í gildi bannað að gera vinnustöðvun, „blockad“, „boikott“ eða þvílikt.

- Vegna deilu um gildi samningsins eða skilning á honum eða vegna deilu um, hvort brotið hafi verið gegn samningnum eða lögum þessum.
- Til að fá samningnum breytt.
- Til að koma fram ákvörðun, sem á að ganga í gildi, eftir að samningstíminn er útrunninn.
- Til styrktar aðila, sem sjálfur hefir gert vinnustöðvun í heimildarleysi.

Félag má ekki veita meðlimum sínum aðstoð við ólöglega vinnustöðvun, heldur á að reyna að hindra hana. Gagnstæð ákvæði þessu í vinnusamningi er ógilt.

Ákveðið er, að þar sem margir aðilar eru að vinnusamningi og einhverjir þeirra hafa sagt honum upp, geti hinir sent uppsögn innan þriggja vikna eða skemmtíma, ef uppsagnarfrestur er styrti en 6 vikur. Samningsuppsögn sé skrifleg.

Vinnudómurinn getur fellt samning úr gildi, ef hann hefir verið brotinn og mótparturinn óskar eftir. Samningsaðili bætir tjón, sem verður af samningsrofi, einstakur verkamaður þó ekki með hærri upphæð en 200 kr. Við ákvörðun skaðabótanna skal taka tillit til þeirra hagsmuna, sem aðilar hafa af því, að samningurinn sé haldinn.

### c. Lög um vinnudómstól.

Vinnudóminn skipa 7 menn. Formaður og tveir aðrir dómendur skulu tilnefndir af konungi. Formaður og annar til skulu vera lögfræðingar og hafa reynslu í dómstarfi. Tveir dómendur skulu skipaðir eftir tillögu frá atvinnurekendum og tveir eftir tillögu frá verkamönnum, þannig, að tilnefndir séu 4 af hvorum aðila og skipað úr hópi þeirra. Skorti fullkomna tilnefningu aðila, skipar konungur honum fulltrúa.

Vinnudómurinn tekur til meðferðar:

- Gildi og skilning vinnusamnings (kollektivavtal).
- Brot gegn vinnusamningi eða lögum um vinnusamninga (kollektivavtal).
- Afleiðingar af broti gegn vinnusamningi eða áðurnefndum lögum.

Samböndin eru málsaðilar, ef félag er í sambandi, og félög fyrir einstaka meðlimi. Vilji samband eða félag eigi hefja mál, má meðlimur þó gera það. Sektir renna í ríkissjóð.

### d. Lög um félaga og samningsrétt.

Réttur til að stofna atvinnurekenda- og verkamannafélög er friðhelgur. Sé réttur þessi skertur með samningsuppsögn eða öðrum löggjörningi er slíkt ógilt.

4. gr. Með samningsrétti er í lögum þessum átt við rétt til að krefjast samninga varðandi ráðningarkjör eða annað samband milli atvinnurekenda og verkamanna. Atvinnurekandi eða félag atvinnurekenda annarsvegar, hefur þennan rétt og hinsvegar félag verkamanna. Samningsréttur annars aðila hefir i för með sér skyldu hins til að hefja samninga og koma fram með tillögu til lausnar því, sem um er deilt, sé þess krafzt.

5. gr. Fund til samninga skal halda svo fljótt, sem unnt er, eftir að krafa er komin fram um það. Bóka skal það, sem fram fer á fundum ef annar aðili óskar þess.

6. gr. Atvinnurekanda er skyldt að gefa verkamanni frí um stundarsakir frá vinnu, ef hann hefir verið valinn til að fara með umboð félags síns við samningaumleitanir.

#### Um framkvæmd samningsréttar í einstökum tilfellum.

8. gr. Vilji aðalsamband verkamanna láta eftirfarandi ákvæði gilda um sambandið, sendir stjórn þess beiðni um það til ríkisstjórnarinnar, ásamt yfirlýsingum um friðarskuldbindingu samkv. 16. gr.

Með beiðni til ríkisstjórnarinnar skulu fylgja lög sambandsins, nöfn stjórnenda þess og heimilisfang, staðfest eftirrit úr fundabók, sem sýnir að löginn hafi verið samþykkt og stjórnin löglega kosin.

Nú verða breytingar á lögum sambandsins eða stjórn þess og skal það þegar tilkynnt ríkisstjórninni.

9. gr. Ákvæði þessa kafla laganna gildir um aðalsamband verkamanna, sem sent hefir beiðni um það samkv. 8. gr., og félög þau, sem í sambandinu eru, frá og með byrjun fjórða almanaksmánaðar eftir að beiðni var send og bar til eitt ár er liðið frá því beiðni var afturkölluð, þó þannig að afturköllun beiðni getur ekki átt sér stað fyrr en tveim árum eftir að hún var send.

Gildi ákvæði þessa kafla um félag verkamanna og atvinnurekendur, er félagsmenn vinna hjá, vita um það, skulu sömu ákvæði gilda um atvinnurekendur gagnvart féluginu og meðlimum þess.

10. gr. Náist ekki samkomulag með samningum skv. 4.—5. gr. skipar ríkisstjórnin óvilhallan sáttasemjara, sé þess krafist, til þess að stýra sáttamleitunum.

Ríkisstjórnin getur þó neitað að skipa súlikan sáttasemjara 1) ef sá, sem beiðist þess hefur að einhverju leyti vanrækt skyldu sína samkv. 4.—7. gr. til að reyna lausn deilunnar, 2) ef beiðandi er félag verkamanna og í því er ekki a. m. k. helmingur þeirra verkamanna, sem deiluatriðið varðar, 3) ef beiðandi er félag, sem ekki allir hafa heimild til að vera í, sem hagsmunu hafa að gæta við lausn deilunnar, og 4) ef félagið er verkamannafélag með færri meðlimum en 300.

11. gr. Líti ríkisstjórnin svo á, að deilan sé mjög alvarlegs eðlis eða óvenjulega margbrotin, getur hún í stað óvilhalls sáttasemjara skipað þriggja manna nefnd, er um gilda sömu reglur og sáttasemjarann.

12. gr. Stýri óvilhallur sáttasemjari samningum, eru aðilar skyldir að koma saman, er hann boðar þá. Hafi aðili skotið deilumálum til dómkóðs, er hann undanþeginn skyldu að taka þátt í samningum. Eftir kröfu sáttasemjara, er hvor aðili skyldur að koma með tillögu til lausnar deilunni.

Aðilum er skyldt, ef sáttasemjari krefst, að láta honum í té reikninga og hagfræðilegar skýrslur, sem snerta deiluna og veita honum aðgang að vinnustöðvum. Sáttasemjari hefur pagnarskyldu um atriði þessi, sé þess krafist. Bóka skal það, sem gerist við samningaumleitanir.

13. gr. Náist ekki samningar skal sáttasemjari skora á aðila að útnefna menn í gerðardóm, er þeir skuldbindi sig til að hlýða, en ekki má sáttasemjari vera í honum sjálfur. Verði aðilar ekki við kröfu þessari, fer sáttasemjari þess á leit við ríkisstjórnina, ef annar aðili óskar þess, að hún útnefni nefnd, til þess að koma með tillögu til lausnar deilunni.

14. gr. Hafi ríkisstjórninni borizt slik beiðni, útnefnir hún minnist þrjá óvilhalla menn í nefnd. Sáttasemjari skv. 10. gr. eða oddamaður nefndar skv. 11. gr. skýrir malið fyrir nefnd þessari. Nefndin skal koma með tillögu til lausnar deilunni, byggða á upplýsingum, sem sáttamaður hefir fengið og því, sem bókað hefir verið við sáttamleitanir. Telji nefndin þess þróf, getur hún krafist frekari gagna. Pagnar-

skylda hvilir á nefndinni, hafi þess verið krafzt skv. 12. gr. Nefndin veitir aðilum ákveðinn frest til að ákveða, hvort tillagan verði samþykkt.

15. gr. Sáttasemjari sendir ríkisstjórninni skýrslu yfir störf sin innan mánaðar eftir að hann lauk störfum. Hafi nefnd verið skipuð samkv. 14. gr. skal ennfremur vera í skýrslunni tillaga nefndarinnar um lausn deilunnar.

16. gr. Á þeim tíma og með þeim forsendum, sem um ræðir í 9. gr. má hvorugur aðili samþykkja þvingunarráðstafanir. Friðarskylda þessi fellur þó niður ef tillaga skv. 14. gr. verður ekki samþykkt af háðum aðilum, enda tilkynni annar aðili hinum svo og ríkisstjórninni, að þvingunarráðstöfunum verði beitt. Tilkynning þessi skal koma fram a. m. k. innan mánaðar eftir að frestur sá er liðinn, sem um ræðir í 12. gr.

Áður en þvingunarráðstafanir eru hafðar, skal það tilkynnt gagnaðila og ríkisstjórninni a. m. k. viku áður en ráðstafanir byrja, ef hindranir eru ekki því til fyrirstöðu svo gilt sé.

17. gr. Hafi aðili tilkynnt þvingunarráðstafnir, felur ríkisstjórnin sáttasemjara skv. 10. gr. að fylgjast vel með deilunni og bjóða aðilum samninga á ný ef breytt atvik gefa tilefni til.

Loks er sérstakur kafli um viðurlög ef lögini eru brotin.

Refsingar fyrir brot á lögum eru sektir allt að 300 kr.

Hver sem gerir sig sekan um þvingunarráðstafanir, sem bannaðar eru samkv. lögum þessum, bæti tjón er af þeim kunna að leiða.

Félagi er skylt að viðlagðri skaðabótaábyrgð, að hindra einstaka meðlimi sína í framkvæmd ólögmætra þvingunarráðstafana, er það fær vitneskju um.

Nú vill maður krefjast skaðabóta samkv. lögum þessum og skal hann þá innan tveggja mánaða frá því hann fékk vitneskju um tjónið og hver hafi valdið því, tilkynna honum fyrirætlan sína og hefja málsókn innan tveggja ára frá því að ráðstöfunum þeim lauk, sem skaðabótakrafan byggist á. Sé þetta vanrækt, er krafan fallin niður.

Mál út af lögum þessum fer vinnudómstóllinn með nema mál út af brotum á 16. gr., sem almennir dómstólar daema.

#### e. Bréf landssambands sánskra verkamanna og atvinnurekenda.

Bréfi nefndarinnar, sem prentað er á bls. 18 hér að framan, hafa sánsku atvinnurekenda- og verkamannasamböndin svarað. Bréf atvinnurekendasambandsins er á þessa leið:

„Stockholm 23. jan. 1937.

I tilefni af bréfi yðar, dags. 29. des. 1936, sem vér fengum í hendur 18. þ. m. leyfum vér oss að skýra frá eftirfarandi:

#### Lög um sættir í vinnudeilum.

Lög þessi ákveða um óhlutdrægan sáttasemjara í launadeilum, er upp kunna að koma milli aðilja, til þes að koma í veg fyrir verkfall eða verkbann, eða til þess að fá enda á þær vinnustöðvanir, sem þegar eru komnar á. Lausn launadeilna verður að öllum jafnaði með samkomulagi um almenna vinnusamninga, þar sem kjörin eru ákveðin fyrir vissan tíma fram í límann. Þegar nýir almenningar vinnusamningar komast á eða eldri eru endurnýjaðir, hefir sáttasemjari ríkisins mikilvægt hlutverk að leysa af hendi.

Lögini eru frá 1906 og gilda ennþá með nokkrum minniháttar breytingum, sem gerðar hafa verið á þeim árin 1920, 1931 og 1936.

Reynsla vor af þessum lögum hefir í aðalatriðum verið góð, sem fyrst og fremst

má þakka því, að þeir sáttasemjarar ríkisins, sem útnefndir hafa verið, hafa að jafnaði reynzt vel færir um að leysa af hendi hið vandasama og ábyrgðarmikla starf sitt.

Vort álit er að það hafi verið til bóta fyrir þróun þessara mála, að löginn hafa takmarkað verksvið sáttasemjarans einungis við að vera sáttasemjari, en ekki fengið honum i hendur réttindi til þess að kveða upp bindandi úrskurði.

Fyrirætlanir eru engar, hvorki frá okkar félagi eða þeim vinnuveitendasamböndum, sem tilheyra okkar félagi, um að breyta þessum lögum.

#### Lög um almenna vinnusamninga og lög um vinnudómstól.

Þessi hvorutveggja lög, sem hafa verið í gildi síðan í ársþyrjun 1929, hafa verið sett til þess að koma í veg fyrir deilur um gildi laganna, yfirgrip þeirra og skilning á almennum vinnusamningum, sem í gildi eru. Áður var hægt að skjóta slíkum málum til almennra dómstóla, sem í reyndinni var aldrei gert sökum þess hvað það tók langan tíma. Afleiðingin varð því sú, að slikar deilur voru leystar með hótum um baráttuaðgerðir (vinnustöðvanir). Nú getur slikt ekki átt sér stað. Ofannefnd lög hafa þannig valdið því að heilbrigðara ástand er nú ríkjandi á þessu sviði. Að árangurinn hefir orðið svo góður stafar af því, að vinnudómstóllinn hefir frá byrjun ekki hikað við að notsæra sér löghelgunarréttinni við brot á hinum almennu vinnusamningalögum. Reynsla annara landa sýnir, að eftirgjöf í slíkum efnunum veikir virðinguna fyrir lögum af þessu laegi, og er því til skaða fyrir réttaröryggid á þessu sviði. Sama gildir um þessi lög eins og um sáttalögum, að af hálfu vinnuveitenda liggja ekki fyrir neinar óskir um að koma fram breytingum á lögunum.

Hér með sylgir greinargerð, sem nýlega hefir komið út.

#### Lög um félags- og samningsrétt.

Síðastliðið ár voru samþykkt lög um félags- og samningsrétt, sem gengu í gildi um síðustu áramót. Lög þessi banna hverskonar þvingunaraðferðir við einstakling, er miða að því að hindra hann eða gera honum erfiðara fyrir um að tilheyra eða taka þátt í stéttarfélagi. Í lögunum eru einnig fyrirmæli um að vinnuveitandi skuli, ef ósk um það kemur fram, semja um ráðningarkjör einstaks verkamanns við stéttarfélag hans og hefir sérstök sáttasamningastofnun verið sett á stofn til þess að taka að sér súlik mál, ef viðkomandi verkalyðsfélag krefst þess. Vor skoðun á þessum lögum kemur fram í meðfylgjandi umsögn um betta lagafrumvarp.

Par sem löginn hafa aðeins stuttan tíma verið í gildi, höfum vér enga reynslu í framkvæmd þeirra. Einn af riturum vorum hefir samið skýringar við löginn, sem sendast hér með.

Einnig sendum vér ummæli okkar félags viðvikjandi tillögum um reglur um verkban og viðskiptabann, sem beint er gegn þeim, sem utanvið deilurnar eru, en sem ennþá hefir eigi orðið að lögum.

Fylgiskjölín sendast í sérstökum pakka.

Virðingarfyllst,  
Svenska Arbetsgivareföreningen  
Gustaf Söderlund.“

Bréf verkamannasambandsins er svohljóðandi:

„Stockholm 28. jan. 1937.

I tilefni af bréfi, sem vér höfum haft heiðurinn af að fá frá nefnd þeirri, er atvinnumálaráðherra Íslands hefir útnefnt, og sem þér eruð formaður fyrir, leyfum vér oss að gefa eftirfarandi svör við þeim spurningum, er þér leggið fyrir oss.

**1. spurning:** Hvaða reynzu hefir samband yðar af löggjöf landsins í vinnudeilum? Hverja teljið bér þýðingarmestu kosti þessara laga, og hvaða galla teljið bér helzta? Álítið þér nokkrar breytingar á lögnum æskilegar?

**Svar:** Sænsk lög um vinnudeilur eru: Lög frá 1906 um sættir í vinnudeilum, lög frá 1920 um sérstakan sáttasemjara, lög frá 1929 um almenna vinnusamninga og vinnudómstól, lög frá 1935 um aðvörur í vinnudeilum og lög frá 1936 um félags- og samningsrétt.

Vér göngum út frá að nefndin hafi texta þessara laga og lárum því nægja að greina frá þeim sem hér segir.

Reynslan, af lögnum um sættir í vinnudeilum, má segja að hafi eingöngu verið góð, bæði fyrir verkamenn og vinnuveitendur. Lög þessi hafa, án efa, stuðlað að því að fyrirbyggja vinnustöðvanir og aðrar sambærilegar baráttuaðferðir. Gengið er út frá að aðiljarnir undirgangist sáttasemjara-aðferðina í samræmi við lögini. 1920 var strangara lagaákvæði bætt við, er fóli í sér skyldu fyrir aðilana að mæta, ef sáttasemjari eða sáttasamninganeftnd kallaði þá á fund, en skylda um að, de facto, hefja samninga, hefir ekki verið fyrirskipuð fyrr en með lögnum frá 1936 um félags- og samningsrétt. Þrátt fyrir að aðilarnir allt að síðastliðnum áramótum, hafi sjálfrir getað ákveðið, hvort þeir tækju þátt í samningum, eða létu fulltrúa mæta fyrir sig á auglýstum samningafundum sáttasamninganeftndar, hefir það aðeins i einstaka undantekningum komið fyrir að nokkur aðilji hafi neitað að taka upp samningaumleitanir.

Vort álit er, að lögini um vinnudeilur séu sérstaklega vel sniðin við hæfi hins frjálsa skipulags aðiljanna, og frá sjónarmiði verkamannasambandsins er engin þörf á breytingum.

Það sama má segja um lögini frá 1920 um sérstakan sáttasemjara í vinnudeilum. Í lögum þessum er einnig gengið út frá, að aðiljarnir notsæri sér þessi lög af frjáls-um vilja. Nokkra verulega þýðingu munu þessi lög þó ekki hafa haft, minsta kosti ekki á því svæði, þar sem almennu vinnusamningarnir (kollektivavtal) gilda.

Um lögini um almenna vinnusamninga og vinnudómstól, viljum vér fyrst geta þess að lög þessi voru samþykkt í andstöðu við skoðun mikils hluta hinna félagsbundnu verkamanna. Menn voru hræddir við, að lögini um almenna vinnusamninga, mundu sérstaklega hefta frelsi verklýðsfélaganna. Í sambandi við mótmælaverkfallið, sem gert var gegn lagafrumvarpi stjórnarinnar 22. maí 1928, var svohljóðandi álitsgerð afhent forsætis- og atvinnumálaráðherranum:

„Frumvarp stjórnarinnar um vinnusamningslög er hættulegt vixlspor frá þeiri föstu reglu um frélsi, sem réttur verkalyðsins hefir hvilt á og þróast. Vér höfum því með kviða fylgst með tilraunum stjórnarinnar til þess að fá ríkisþingið til þess að brjóta niður þann rétt, sem báðir aðiljar hafa á undanförnum áratugum byggt upp með miklum erfiðismunum. Þessi óverjandi meðferð á þessu þýðingarmesta mál-efni verkalyðsins og atvinnulifssins, hefir vakið sterka óánægjuöldu meðal verkalyðsins. Öll verkalyðssamtökin: Fulltrúaráð landssambandsins, fagsambandið, verkalyðsfélin og önnur félög verkamanna viðsvegar um landið, hafa mjög ákveðið og eindregið haldið því fram, að í þeim samningalögum, sem stungið sé upp á, komi fram ótilhlýðileg litilsvirðing á verkalyðshreyfingunni.

Pegar Ríkisþingið á nú að taka afstöðu til þessa mikilsverða mál, óskum vér að láta í ljósi við yður, ótta vorn við skaðleg áhrif af svo óheppilegum lögum á sviði samningsréttarins. Þau lög, sem tillagan er um, munu gera samninga nær því ómögulega. Í stað þess að skapa frið á vinnumarkaðnum munu lögini verða hættuleg fyrir almenna vinnusamninga, og koma af stað óreglu og stjórnleysi, þar sem nú ríkir regla og skipulag. Lagaákvæði, sem veldur hinum almennu vinnusamningaðferðum alvarlegs hnekkis og geta valdið örlagaríkum afdrifum og sviftir verkalyssamtökin möguleika til svigrúms, geta ekki verið í samræmi við þá skyldu ríkis-

stjórnarinnar, sem að sjálfsögðu er að geta hags ríkisins í hvívetna. Vér væntum því að ríkisstjórnin taki frumvarp þetta til rækilegrar athugunar á ný, með tilliti til þeirra mikilvægu raka, sem frami hafa komið gegn þessum lögum, og hætti við áform sitt um að koma á lögum, sem eru mjög hættuleg fyrir vinnufriðinn í landinu.“

I ofangreindum ummælum hafa þýðingarmestu röksemdafærslurnar gegn þessum lögum verið framsettar. Þáverandi formaður Landssambandsins Arvid Thorberg, gerði ítarlega grein fyrir þessari skoðun í ræðu, sem hann hélt í efri deild Ríkisþingsins, sama daginn og löginn voru samþykkt. Eitt eintak af þeim þingtíðindum, þar sem ræða þessi er prentuð sendizt yður með þessu bréfi. Að öðru leyti vísum vér til frumvarps socialdemokrata í ofannefndri lagasetningu og til þess undirskriftaskjals þar sem sænskur verkalyður var hvattur til þess að taka þátt í mótmælaverkfallinu. Gögn þessi eru að finna í Fackföreningsrörelsen nr. 13 og 21 frá 1928, sem vér sendum yður í dag.

Eftir að ríkisþingið hafði samþykkt lögini um almenna vinnusamninga og vinnudómstól samþykkti fulltrúaráð Landssambandsins lögini fyrir þess hönd, á þann hátt, að samkvæmt vinnudómstólslögunum eigi það að stinga upp á fulltrúum í vinnudómstólinn.

Síðan lögini komu til framkvæmda hefir tortryggini gagnvart þeim minkað mjög mikið meðal verkamanna. Félög þeirra hafa líka notað sér þau að svo miklu leyti, sem þau hafa talið nauðsynlegt. Reynslan af framkvæmd laganna hefir nær því eingöngu verið góð. I einstaka tilfellum hafa þó þær réttarvenjur, sem skapazt hafa, sætt andmælum.

I nokkrum tilfellum hafa dómarnir verið óhagstædir frá sjónarmiði verkamanna. I öðrum tilfellum hafa þeir verið gagnstædir hagsmunum vinnuveitendanna. Þetta mun mest hafa stafað af formgöllum á samningum, frá lögfræðilegu sjónarmiði. Á nokkrum stöðum er sú skoðun ríkjandi að lög þessi ættu að afnemast, sökum þess, að þau séu til travala fyrir hagsmunu-baráttu verkalyðsfélaganna. Þing landssambandsins, sem síðast í fyrra hafði tækifæri til þess að taka afstöðu til þessara laga, hefir þó ekki viljað samþykkja þá neikvæðu aðstöðu, sem fram hefir komið í þessari skoðun á lögunum.

Sökum þess að notkun aðvörunarlaganna hefir verið mjög litil, vegna þess hve stuttan tíma þau hafa verið í gildi, er lítil reynsla fengin á þeim. Nokkur sértök óþægindi fyrir starfsemi verkalyðsfélaganna almennt stafa ekki af þessum lögum, sem að vissu leyti — líkt og almennu samningalögini — eru aðeins skjalfesting á þeim venjum, sem verkalyðsfélögin sjálf hafa tekið þátt í að skapa.

Það sem að lokum viðvíkur lögunum um félags- og samningsrétt, viljum vér taka fram, að þau lög gengu fyrst í gildi 1. jan. 1937, svo reynsla um þau er þar af leiðandi engin ennþá. Sökum útbreiðslu hinna almennu vinnusamninga í landi voru, og að samningar þessir hafa orðið nokkurskonar tákni um viðurkenningu samningaráttarins, mun þessi löggjöf ekki koma til með að hafa nokkra raunverulega þýðingu fyrir Landssambandið eða fyrir starfssvið þeirra félaga, sem í því eru. Aftur á móti gera félög vinnuþiggjenda, sem seint hafa skipulagt félagsstarfsemi sína, og ennþá ekki getað gert sig gildandi á vinnumarkaðnum, sér miklar vonir um þau. Þessi vinnuþiggjandafélög eru félög andlegra starfsmanna, eins og t. d. skrifstofufólks, bankamanna, starfsmanna við iðnfyrirtæki, verkstjórar o. s. frv. Ef nefndin óskar eftir nánari upplýsingum um þessi félög mun vera hægt að fá þær hjá „De Abstäldas Centralorganisation, Skippsborrn 32 Stockholm“.

**2. spurning:** Undirbýr samband yðar, ríkisstjórn eða aðrir nú nokkrar breyttingar á ofannefndum lögum? Ef svo er, hverjar eru þær breytingar?

Svar. Landssambandið eða sambönd þau, er í því eru, undirbúa engar breytingar á ofannefndum lögum. Frá ríkisstjórninni mun heldur engra slíkra tillagna vera að vænta, að minsta kosti ekki er koma eiga fyrir ríkisþing þessa árs. Flokkur hægri-

manna (Högerpartiet) og frjálslyndi flokkurinn (Liberala folkpartiet) hafa einmitt nú þessa dagana lagt fram lagafrumvarp um viðbót á hinni svo kölluðu vinnufriðarlöggjöf. Frumvörp þessi eru um hlutleysisrétt þriðja manns í launadeilum, aðgerðir við s. k. þjóðhættuleg verkföll, bann gegn verksfallsvörðum og bann við úthlutun tilkynninga um verkfall, verkbann o. fl.

Par sem minnst var hér á bann gegn s. k. þjóðhættulegum verkföllum, má geta þess að bæði Landssambandið og Sænska vinnuveitendafélagið hafa greinilega lýst því yfir að þau væru á móti lagasmíði, sem gæti valdið gerðardómum, þegar um launadeilur er að ræða. Vér leyfum oss, til þess að skjalfesta skoðun Landssambandsins, að vísa til eftirfarandi álitsgerðar þings Landssambandsins 1926:

„Tilgangurinn með lögum um gerðardómstóla í launadeilum hlýtur að vera sá, að ríkið taki á sig þær skyldur, með þeim tækjum, er það hefir yfir að ráða, að tryggja verkamönnum þau mestu lífsþægindi, sem hin almenna afkoma atvinnulífsins leyfir á hverjum tíma. Slíka tryggingu getur ríkið ekki veitt, því hagfræðivísindin geta ekki verið nægilegur leiðarvisir til þess að slikt geti ákveðið fyrirfram. Hin praktiska hagskýrslufræði er einnig of ófullkomin til þess að hægt sé að leggja hana til grundvallar til þess að dæma almennt um þessi mál. Ríkið getur heldur ekki tryggt verkamönnum það, að vinnuveitandi vilji reka fyrirtæki með þeim launagreiðslum, sem gerðardómstóllinn ákveður, eða vinnuveitanda, að verkamenn fáist til þess að vinna fyrir það kaup, sem gerðardómstóllinn ákveður. Vinnuveitendur og verkamenn eru líka á eitt sáttir um að vinna ákveðið á móti lögfestingu laga um gerðardómstóla í launadeilum. Par sem um einkarekstur er að ræða eru Vinnuveitendafélagið og Landssambandið ásátt um, að gerðardómur í launadeilum sé hvorki æskilegur né fullnægjandi.

Vinnuveitendafélagið telur sig ekki skipta hvernig laun ákveðist hjá þeim verkamönnum, sem eru í þjónustu ríkis, bæjar eða sveitafélaga. Félagsmenn Vinnuveitendafélagsins telja sig þó hafa hag af að laun hjá ríki og bæjarsfélögum séu lág, því að þar fæst, í fyrra lagi samanburður, sem hægt er að nota í þeim tilgangi að halda kaupinu niðri hjá einkafyrirtækjum, og í öðru lagi geta skattarnir, ef til vill, orðið eitthvað lægri, ef kaup er lágt við vinnu, sem greitt er fyrir af skattatekjum ríkisins. Par sem Vinnuveitendafélagið heldur því ákveðið fram, að ekki sé hægt að ákveða kaup í einkarekstri með gerðardómum, en virðist astur á móti eigi vilja halda sömu skoðun fram, þegar um vinnu fyrir það opinbera er að ræða, þá mun ástæðan til þess vera sú, að gert er ráð fyrir að gerðardómstóll, sem aðeins næði til þeirrar vinnu, sem framkvæmd er á kostnað ríkis, bæjar- og hreppsþélaga myndi hafa áhrif í þá átt að halda laununum niðri. Af hálfu verkamanna er engin ástæða til að taka á sig hættu þá, um kauplaekkun, sem því fylgir að samþykkja gerðardómstóli. Ekki virðast heldur vera nein veigamikil rök fyrir því að skapa þurfi sérstöðu fyrir vinnu hjá ríki, bæjar- og sveitarfélögum.

Þeir verkamenn, sem hér eiga hlut að máli og félög þeirra, munu áreiðanlega ekki taka þátt í eða starfa í nefnd til þess að fastákveða skyldukaup eða skylduvinnukjör og munu, þar af leiðandi, ekki skoða sig bundna af þeim samþykktum er nefndin gerir. Eigi síðan með fangelsunum eða fjársektum að þvinga verkamenn til þess að vinna við þau kjör, sem nefndin ákveður, og með skaðabótaákvæðum og upplausn verkalýðsfélaganna að fyrirbyggja að þau geti veitt þeim verkamönnum, sem ekki vilja hlyðnast úrskurði nefndarinnar stuðning, þá er á góðri leið með að koma á nokkurskonar ánaud, sem aldrei hefir áður þekkt i landi voru. Gegn öllu slíku stendur öll verkamannastéttin og félög þeirra sameinuð, öll lög, sem gengju í þessa átt og kynnu að verða samþykkt, hljóta að skoðast sem harðsvíruð stéttarlög, sem yrði að berjast gegn.

Til viðbótar við það, sem hér er sagt vill ritaraskrifstofan leggja til að þingið samþykki eftirfarandi yfirlýsing;

Par sem þingið sér ekki ástaðu til að setja lög um gerðardóm í launadeilum, hvorki innan einkaiðnaðarins eða í vinnu hins opinbera, og getur eigi heldur fallizt að viðir verkamenn séu þvingaðir með lagaákvæðum til þess sað vinna við þau kjör, sem félög þeirra geta ekki samþykkt, þá samþykkir það, að Landssambandið og þau sambönd, sem í því eru, skuli gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir súlik lög.“

**3. spurning:** Hefir nokkurt félag eða félagssamtök innan sambands yðar látið í ljósi óánægju yfir gildandi lögum á þessu sviði, og ef svo er, hver er orsókin til þeirrar óánægju?

**Svar.** Vér leyfum oss að visa til svars við 1. spurningu. Sérstaklega hefir óánægju innan byggingariðnaðarins orðið vart, bæði út af hinum almennu vinnusamnings- og vinnudómstólslögum og hinum s. k. aðvörunarlögum. Ástandið innan þessa iðn-aðar er lika nokkuð sérstætt. Sökum þess að innan þessarar atvinnugreinar eru oft heldur óareiðanlegir eða alveg ógjaldfærir vinnuveitendur, verða byggingarverkamenn, frekar öðrum verkamönnum, að vera á verði um innheimtu kaupsins og að gæta þess að farið sé eftir gildandi samningum. Reynslan hefir líka sýnt að í vissum tilfellum er nauðsynlegt að grípa til ráðstafana fyrirvaralaust, og frá sjónarmiði þessara verkamanna er lagaleg skylda um vissan aðvörunartíma áður en vinna er lögð niður, óheppileg.

**4. spurning:** Hefir samband yðar gefið út nokkrar bækur eða rit um þetta efni? Ef svo er, vill samband yðar þá gera svo vel að senda nefndinni þær?

**Svar.** Í tilefni af þessari spurningu sendum vér nokkur rit, sem vér höfum gefið út og sem vér vonumst eftir að geti komið nefndinni að gagni.

Ef nefndin óskar, er oss auðvitað ánægja í að veita þær upplýsingar, sem vér getum látið í té.

Virðingarfyllst

Landsorganisationen i Sverige

Ang Lindberg

Sigfrid Hansson.“

#### 4. Bretland.

Þróun enskrar verkalyðsmálalöggjafar hefir í mörgu verið frábrugðin þróun verkalyðslöggjafar annara þjóða. Englendingar ákváðu árið 1349 kaup verkafólks með lögum og hafa oft síðan sett lagafyrirmæli um ýms verkalyðsmál. Enskir dómstólar virðast þó hafa haft meiri áhrif á verkalyðsmálalöggjöf landsins en sjálft löggjafarvaldið og hafa dómstólanir beinlinis sveigt lagafyrirmælin til frá einum tíma til annars eftir því, hvernig aldarhátturinn hefir verið hverju sinni. Verkalyðsmálalöggjöf Englands er því öllu frekar að finna í enskum dómasöfnum en lagasöfnum. Þykir réttast til þess að gefa hugmynd um hvernig þessum málum er komið í Englandi, að birta hér í heild bréf vinnumálaráðuneytisins enska til sendiherra Íslands í London um þetta efni ásaunt skýrslu, sem fylgdi bréfinu. Par á eftir koma gildandi ensk vinnulög, samkvæmt efnisútdrátti, sem gerður hefir verið af nefndinni.

##### a. Bréf brezka vinnumálaráðuneytisins.

„Lög Stóra Bretlands ‘viðvíkjandi verklyðsfélögum og vinnudeilum eru sett með allmögum lagabálkum, sem ekki hefir verið greint frá sem heild í neinu opinberu plaggi.

Hér með fylgir þó skýrsla, sem ekki hefir verið samin í sambandi við þessa sérstöku fyrirspurn og er ekki tæmandi, en hún mun nægja til þess að gefa nokkra hugmynd um ástandið hér í landi, og sérstaklega getur hún um helztu lögum og tilit nokkurra fræðibóka um þetta efni.

Það má geta þess, að Stóra Bretland býður fram merkilegt dæmi um kerfi til þess að skipa vinnuskilyrðunum fyrir milligöngu starfandi frjálsra stofnana innan végbanda frjáls félagskapar. Í helztu iðnaðargreinum eru til sameiginlegar stofnanir, sem skipulagðar eru á þann hátt, sem bezt þykir henta hverri iðnaðargrein, er í hlut á, og mikill meirihluti þeirra spurninga, sem rísa viðvíkjandi hinum sibreylegu skilyrðum iðnaðargreinanna er afgreiddur af aðiljum fyrir milligöngu stofnana sjálfrá þeirra. Jafnframt er það, að það hlýtur að rísa ágreiningur, sem engar sameiginlegar stofnanir ná yfir, eða hinum sameiginlegu stofnunum ekki tekst að jafna. Ríkið hefir því gert ráðstafanir til að veita aðstoð til þess að koma í veg fyrir vinnudeilur og til þess að jafna þær. Með þetta starf fer verka-málaráðherrann, og lagavald hans í því efni byggist á sáttalögunum frá 1896 og iðnaðardómstólalögnum frá 1919. Með hinum síðar nefndu lögum voru lögleiddar uppástungur Whitleynefndarinnar um sættir og gerðardóma.

Aðferðir þær, sem heimilaðar eru, er jafna skal vinnudeilur samkvæmt sáttalögnum frá 1896 og iðnaðardómstólalögnum frá 1919, eru: a) sáttatilraunir, b) gerðardómar, c) rannsókn og skipun rannsóknardóms. Að því er snertir gerðardóm, skal benda á tvö atriði, er skipta miklu mál. Í fyrsta lagi: vald ráðherrans er að því leyti takmarkað, að hann getur því aðeins lagt misklið í gerðardóm, að báðir aðiljar fallist á þetta. Í öðru lagi: hann hefir ekki heimild til þess að leggja misklið í gerð, nema og fyrr en að mistekizt hefir að jafna málid á grundvelli gerðra samninga um sættir og gerðardóm, sem í gildi eru innan þess atvinnureksturs eða iðnar, sem um ræðir. Ef aðiljar deilu eru reiðubúnir til þess að ganga að gerðardómi í einhverri mynd til þess að ná sáttum á þann veg, er svo mikill sveigjanleiki dómsins, sem bezt henfar hætti málsins og aðiljum er auðvaldast að fallast á.

Samkvæmt öðrum kafla dómstólalaganna frá 1919, hefir ráðherrann heimild til þess, að taka hætti og aðstæður hyrrar vinnudeilu sem er til rannsóknar, hvort sem málid er boríð undir hann eða ekki, og ef honum býður svo við að horfa, til þess að skipa rannsóknardóm, er taki málid til meðferðar og gefi honum skýrslu um það. Rannsóknardómstólarnir eiga ekki beinlinis neitt skyld við sættir eða gerðardóm, og þar er sá verulegi munur, að ekki þarf samþykki aðilja til þess að skipa slikan dóm. Rannsóknardómarnir eru fyrst og fremst tæki til þess að afla þinginu og almenningu upplýsingar, og til þeirra er aðeins gripið sem síðasta úrrædis, þegar engin hinna venjulegu aðferða til þess að jafna deilu virðist ætla að duga, þegar málid er komið í sjálfheldu, og ef deila eða ótti við deilu hefir, eða er líklegur til að hafa, alvarleg áhrif á hagsmuni alþjóðar. Það liggr því í augum uppi, að valdið til þess að skipa rannsóknardóm er ekki haegt að nota nema mjög sparlega, þegar um mikilvæg málefni er að ræða, sem snerta hagsmuni miklu fleiri manna, en þeirra, sem beinlinis eru aðiljar að delunni.“

#### Skýrsla um löggjöf viðvíkjandi verkalyðsfélögum og vinnudeilum.

##### 1. Verkalýðsfélögin 1871.

„Áður en lögum frá 1871 voru sett, hafði verkalyðsfélag sem slikt, enga aðstöðu að lögum. Með almennum orðum sagt var það félag kaupþega stofnað í þeim tilgangi að bæta eða halda óbreyttum atvinnuskilyrðum þeirra. Það fól í sér tvænnan tilgang, að vera bróðernis félagskapur og atvinnugildi. Að því er hinu fyrra viðvíkur veitti það félögum sínum hjálp, er þeir voru atvinulausir vegna veikinda eða slysa eða í verkfalli, það er deilu- og atvinnuleysisstyrki, sem svo hafa verið nefndir,

og að því er síðari tilganginum viðvikur, samdi það við vinnuveitendur fyrir hönd allra félaga sinna og með þeim haetti, sem samskipuð félagsheild hefir, um hærra kaup, styttri vinnutíma og annað slikt.“

J. L. Farwell í málínu Osborne gegn Amalgamated Society of Railway Servants (1909) 1. kap. bls. 189.

„1871 lögleiddi löggjafarvaldið þessi félög og létt þau ná til vinnuveitenda jafnt sem verksamanna, en forðaðist að gera þau að juridiskum persónum og bannaði þeim að leita til hinna opinberu dómstóla í þeim tilgangi að koma fram hinum venjulegu verklyðsfelagasmningum.“

J. L. Farwell á sama stað bls. 190.

„Samkvæmt lögnum frá 1871 varð skrásett verklyðsfélag „lögbundin, lögleg stofnun“, óvenjuleg að því leyti, að hún getur átt eignir og látið umboðsmenn gera ráðstafanir fyrir sína hönd, enda þótt hún sé skipuð hverfulum hóp einstaklinga og sé ekki juridisk persóna.“

J. L. Farwell á sama stað bls. 191.

„Áður en verklyðsfelagalögum frá 1871 voru sett, voru verklyðsfelögum félög, sem ekki voru juridiskar persónur og ekki talin vera lögleg, þau voru í vissum skilningi beinlínis talin ólöglögleg, vegna þess að tilgangur þeirra væri að skerða atvinnufrelsið og bryti bág við opinbert velsæmi. Hvorki lagadómstóarnir né heldur sann-girnisdómstóarnir vildu viðurkenna eða koma fram lögum slikra félaga eða fulltrúa þá, sem fóru með fjármuni þeirra. Með nefndum lögum var létt af verklyðsfelögnum ólögleggleika þeim, sem leiddi af því, að þau voru álitin brjóta bág við opinbert velsæmi (sjá 2. gr.). Það er ekki lengur hægt að telja lög þeirra eða fulltrúa ógilda af því að þau vilji skerða iðnaðinn (sjá 3. gr.). Það má vera að þau séu ólögleg eða óframkvæmanleg af einhverjum öðrum ástæðum, og ef svo er, þá hvorki löggilda lögum frá 1871 þau að neinu leyti, né heldur líta að þeim.

En lögum frá 1871 gera meira fyrir verklyðsfelögum en að forða þeim undan afleiðingum af því, að á þau væri litið sem ólögleg félög; þau leyfa þeim að mjög miklu leyti að fara með sín eigin mál, án þess að vera háð eftirliti hinna venjulegu dómstóla héraðsins (sjá 4. gr.) og heimila þeim að láta skrá sig með nafni (sjá 13., 14. gr. og 1. viðaukagrein) og hraðan málarekstur á hendur starfsmönnum þeirra, ef þeir brjóta af sér í stöðum sínum (sjá 12. gr.). Enn fremur heimila þau þeim að eiga eignir, er umboðsmenn fari með, og umboðsmönnum heimila þau að sækja mál og að vera sóttir í málum, sem út af slikum eignum kunna að rísa (sjá 9. gr.).

Eitt var þó, sem lögum frá 1871 ekki gerðu. Þau gerðu ekki verklyðsféögin að juridiskum persónum, enda þótt þau væru skrásett með nafni samkvæmt lögnum. Verklyðsfélag má eiga eignir, sem umboðsmenn fara með; en af því að það er ekki juridisk persóna, þá er ekki að lögum neinn einstakur maður eða stofnun, sem á heimild á afrakstrinum af eign verklyðsfélags. Afraksturinn eiga allir félagar verklyðsfélagsins einn fyrir alla og allir fyrir einn. Þetta er ljóst af 8. gr., sem fær eignir hvers skráðs verklyðsfélags í hendur umboðsmönnum, sem eiga að stjórna þeim til nota og hags fyrir verklyðsfélag það, sem í hlut á og félaga þess. Verklyðsfélag er, og nafn þess er aðeins hentugt heiti á félagi einstaklinga, sem ekki eru juridisk peróna. Áður en úrskurður þessarar þingdeildar féll í málínu Taff Vale Co. gegn Amalgamated Society of Railway Servants, var það vafasamt hvort skrásett verklyðsfélag gæti sótt mál eða verið sótt í málí undir hinu skrásettu nafni. Deildin úrskurðaði, að hægt væri að sækja það í málí út úr banni til umboðsmanna þess. En þess var gælt í þessu málí að taka það fram, að verklyðsfélag væri ekki

félagsskapur með eðli juridiskrar persónu, enda þótt hægt væri að sækja það undir hinu skrásetta nafni þess.

Verklýðsfélagalögin frá 1871 hafa að geyma vel samanfellt kerfi til þess að gera verklýðsfélögum kleift að eignast og með umboðsmenn sem milliliði að eiga fjármuni til hags fyrir meðlimi sína, sem eins og þegar hefir verið tekið fram er greinilega getið í 8. gr. Nema annað finnist í lögum þessum er það eðlileg og lögleg ályktun, að félögunum sé heimilt að gera venjulegar og sanngjarnar ráðstafanir til þess að varðveita þá eign, sem umboðsmennirnir fara með og til þess að koma þeirri umboðsmennsku í framkvæmd, sem eignirnar eiga að lúta. . . .“

Lindley lávarður í málinu Yorkshire Miners Association  
gegn Howden 1905, skjöl erkikanzlarans bls. 258.

Ofangreindar tilvitnanir í málsskjöl veita heildarsýn yfir tilgang laganna frá 1871.

Það væri ef til vill rétt að athuga 4. gr. laganna nokkru rækilegar. Þegar 3. gr. gerir ráð fyrir því, að tilgangur verklýðsfélags skuli ekki fyrir þá sök eina, að hann sé að hindra iðnaðinn, teljast ólöglegur, svo að hann gerða samninga og skyldur ógildar eða ógildanlegar, þá reynir 4. gr. að setja framkvamanleika vissra tilgreindra samninga skorður. Greinin er sem hér segir:

4. Ekkert í lögum þessum skal heimila neinum dómtóli að gripa til neinna réttarsúrræða, sem hæf eru til þess beinlinis að þvinga fram eða koma fram skaðabótum fyrir brot á einhverjum eftirgreindra samninga, sem eru:

1. Allir samningar milli félaga í „trade unions“ sem slíkum viðvígjandi skilyrðum þeim, með hverjum félagar, sem í svipinn eru í sliku „trade union“ skulu eða skulu ekki selja vörur sínar, reka viðskipti, veita atvinnu eða þiggja atvinnu,
2. Allir samningar um greiðslu manns á samskotafé eða sekt til verklýðsfélags,
3. Allir samningar um að verja sjóðum verklýðsfélags
  - a) til styrks til félags, eða
  - b) til þess að leggja fram tillag til nokkurs vinnuveitanda eða verkamanns, sem ekki er félagi í sliku atvinnufélagi í viðurkenningarskyni fyrir það, að slíkur vinnuveitandi eða verkamaður starfi í samræmi við reglur og samþykktir sliks atvinnufélags, eða
  - c) til að greiða sekt, sem einhver hefir fengið með dómi sakamáladómstóls,
4. Allir samningar gerðir milli tveggja verklýðsfélaga, eða
5. Allar skuldbindingar til þess að tryggja framkvæmd einhvers ofangreindra samninga.

Ekkert í þessari grein skal talið kveða svo á, að neinn þeirra samninga, sem að ofan greinir sé ólöglegur.

Það ber að taka það fram, að þessi takmörkun á aðeins við, ef um er að ræða félagsskap til þess að teppa viðskipti. Það er ekki vist að verklýðsfélag þurfi að sjálfsögðu að vinna að teppu viðskipta. Það fer eftir lögum þess. Málið Osborne gegn Amalgamated Society of Railway 1911, kap. 1, 540. er dæmi um verkamannafélag, sem ekki hefir teppu viðskipta að markmiði og málið Evans & Co Ltd. gegn Heathcote 1918, 1 K. B. 418 er dæmi um vinnuveitendafélag, sem vill teppa viðskipti.

Ef ekki eru teptt viðskiptin í aðalþáttum sinum, eru framkvæmdarhæfi réttar meðlima í slíkum félögum engin takmörk sett.

Enda þótt samningarnir séu ekki framkvæmdarhæfir sem slíkir, eru þeir ekki ólöglegir. Rétturinn getur og hefir skýrt fyrirmæli, enda þótt hann hafi ekki getað daemt skaðabætur. Í málinu Osborne gegn Amalgamated Society of Railway Servants, sem getið var, lýsti rétturinn því yfir, að samþykkt nokkur um brottrekstur væri heimildarlaus og skipaði svo fyrir, að meina skyldi verjanda að taka tillit til hans

eða knýja hann fram, og þessar ráðstafnir mundu hafa verið góðar og gildar, enda þótt félagið hefði verið ólöglegt vegna þess að það væri vinnuteppandi. Það eru aðeins réttarráðstafanir, „sem hæfar eru til þess beinlinis að þvinga fram eða koma fram skaðabótum fyrir brot á einhverjum hinna greindu samningu“, sem ekki er hægt að koma fram í rétti. Dómurinn í málunum Yorkshire Miners Association gegn Howden varpar ljósi yfir það á hvern hátt dómstólarnir hafa skilið þessi orð.

*Yorkshire Miners Association gegn Howden 1905 A. C. 256.*

Verklýðsfélag var stofnað meðal annars í þeim tilgangi að standa straum af greiðslum til félaga, sem lágu undir vinnustöðvum eða stóðu í verkfalli. Allar eigur félagsins átti að nota í þessum sérstaka tilgangi í samræmi við lög félagsins. Félagið misnotaði hluta af eignum sínum til þess að greiða verkfallsfé i tilfellum, sem ekki voru heimiluð í lögunum. Einn félagi höfðaði mál gegn féluginu, stjórn þess og sumum af starfsmönnum þess til þess að fá úrskurð, sem bannaði þeim að inna þessar greiðslur af hendi.

Þeir jarlinn af Halsbury, aðsti dómari, og lávarðarnir Macnaghten, Robertson og Lindley dæmdu að málið hefði ekki verið hafið í þeim tilgangi „beinlinis að þvinga fram“ samkomulag um að nota fóð til þess að veita meðlimum styrk í skilningi 4. gr. verklýðsfélaganna frá 1871, tilgangurinn hefði ekki verið að nota, heldur koma, i veg fyrir misnotkun fjárins, og að málshöfðunin hefði því við rök að styðjast.

*Machnaghten lávarður bls. 265.*

„Pá kem ég að spurningunni: Hvað var tilefni þessara málafærsla? Var það að þvinga fram samkomulag um að nota fjármuni félagsins til þess að veita félögum styrk. Ég myndi segja, áreiðanlega ekki. Tilgangur málafærlnanna var að fá lögfullan úrskurð um að sú athöfn félagsins, sem kærandi bar sig upp undan væri ekki heimiluð að félagslögum. Úrskurðurinn getur tekið á sig mynd yfirlýsingar eða mynd fyrirskipunar eða hvortveggja í senn. En hvaða mynd, sem úrskurðurinn tæki á sig, mundi hann binda enda á deiluna. Það var ekki beðið um eða óskað eftir neinni sérstakri stjórn eða notkun fjármuna félagsins. Tilgangur málafærlnanna var blátt áfram að koma í veg fyrir misnotkun fjármuna félagsins, en ekki að fá að stjórna þeim eða nota þá til þess að veita félagsmönnum styrk.“

*Lindley lávarður bls. 281 og 282.*

„... tilgangur þessara málafærla er ekki að skipta upp fjármunum þeim, sem farið er með í umboði verklýðsfélagsins og ekki heldur að fá greiddar upphæðir af þeim eða að ná stjórn á þessum fjármunum á neinn veg. Kærandinn, sem er félagi í þessu verklýðsfélagi og á hlutdeildarhagsmunu að gæta með tilliti til fjárins, kærir yfir því, að þeir, sem hafa eftirlit með því, geri sig líklega til og hafi í hyggju að nota það í augnamiði, sem ekki er heimilað í félagslögum; og allur tilgangur málafærlnanna er að fá úrskurð til hindrunar hinni fyrirhuguðu notkun fjárins. ...“

„... Tilgangur málafærlnanna er ekki beinlinis að þvinga fram samkomulag um það, að nota fjármuni verklýðsfélaganna á neinn þann veg, sem greinir í briðja lið. Tilgangur málafærlnanna er ekki sá, að notfæra fjármunina, heldur að verja þá gegn notkun í framtíðinni; og að minni hyggju á ekki 4. gr. frekar við þessi málafærli, heldur en við málafærli, sem hafin væru af stjórninni til þess að ná aftur fjármunum félagsins frá mönnum, sem rænglega hafa komið yfir þá.“

Það er frekari og merkileg takmörkun samkvæmt 2. gr. laga frá 1927 um vinnudeilur og verklýðsfélög, ef um er að ræða verkfall eða verkbann, sem ólöglegt er samkvæmt þeim lögum. Önnur gr. 1. og 2. málsgrein hljóða svo:

2. (1) Nú neitar maður að taka þátt í eða að halda áfram að taka þátt i verkfalli eða verkbanni, sem lýst hefir verið ólöglegt samkvæmt lögum þessum, og skal

þá óheimilt að vísa honum úr nokkru verklýðsfelagi eða sambandi sakir slikrar neitunar eða sakir nokkurrar athafnar, sem hann hefir framið samkvæmt þessari grein, og ekki má heldur leggja á hann sektir neinar eða fjárlát eða svipta hann neinum rétti eða hlunnindum, sem hann eða hans löglegir persónulegir umboðsmenn mundu eiga heimtingu á, ef öðruvísi væri ástatt, og ekki á neinn hátt hvorki beint eða óbeint láta hann verða fyrir réttindarýrnunum eða aðstöðuskerðingu móts við aðra félaga sambandsins eða félagsins, enda þótt ákvæði í lögum verklýðsfélagsins kunni að mæla fyrir á annan veg.

(2) Engin fyrirmæli verklýðsfelaganna frá 1871 til 1917, sem takmarka málafærli, sem koma megi fram við dómstólana, og ekkert í lögum verklýðsfélags eða sambands, er fyrirskipar jöfnun delu á einhvern hátt, skal gilda um neinar ráðstafanir til þess að knýja fram einhvern rétt eða undanbágu, sem tryggð er með þessari grein, og í öllum slikum málum getur dómstóllinn, í stað þess að skipa svo fyrir, að taka skuli mann upp aftur sem félaga, er rekinn hefir verið úr verklýðsfelagi eða sambandi, mælt svo fyrir, að honum skuli sem uppbót eða skaðabætur greiða upp hæð úr sjóði verklýðsfélagsins eða sambandsins eftir mati réttarins.

Allir málavextir eru því sem hér segir:

- ef um er að ræða verklýðsfelag, sem teppir atvinnurekstur, þá er ekki hægt með hjálp dómstóllanna að koma fram samningum þeim, sem greindir eru í 4. gr. laganna frá 1871, en
- félagi er verndaður gegn brottrekstri úr félagi, gegn sektum og gegn réttindasviptingu, sem byggð er á neitun hans við því að taka þátt í verkfalli eða verkbanni, er ólöglegt er samkvæmt lögnum frá 1927,
- og takmarkanir þær, sem 4. gr. setur um málarekstur, eiga ekki við, ef verklýðsfelagið teppir ekki atvinnurekstur.

## 2. Fjórða grein vinnudeilulaganna frá 1906.

Fjórða grein miðar ekki að því að afnema málshöfðun fyrir dómstólunum til þess að fá lagt bann við að verklýðsfélög noti sjóði sina eða fái fjárhagslega að stoð hjá öðrum stofnunum til þess að ýta undir iðnaðardeilur. Það leiðir af 1. málsgrein, að ekki er hægt undir neinum kringumstæðum að höfða mál gegn neinu verklýðsfelagi fyrir óréttmætar athafnir framdar af því eða fyrir þess hönd, hvort sem slikar óréttmætar athafnir hafa verið í því fólgunar að huga á vinnudeilu eða styðja að henni, eða ekki. En þrátt fyrir þessa grein mundi verklýðsfelag vera skaðabótaskylt vegna óréttmætra athafna starfsmanna sinna, sem þeir fremdu vegna stöðu sinnar. (Sjá málid Taff Vale Railway gegn Amalgamated Society of Railway Servants 1901 A. C. 426).

Í málinu Vacher & Sons Ltd. gegn London Society og Compositors 1915, A. C. 107, litu lávarðarnir Haldine og Atkinson svo á, að ef skaðabótamál er höfðað af öðrum sökum en vegna óréttmætrar athafnar framdrar af verklýðsfelagi eða fyrir þess hönd með því að huga á vinnudeilu eða styðja að henni, þá sé alltaf hægt að höfða mál gegn stjórn skrásetts verklýðsfélags, og að það megi gera því að greiða skaðabæturnar, sem af slikri óréttmætri athöfn hljótast, af eignum þeim, sem stjórnin hefir á milli handa. Í sama mál sagði Macnaghten lávarður, að ekki væri auðvelt að sjá, hver væri tilgangur málsgreinarnar eða að skilja merkingu hennar nákvæmlega.

Áttunda grein verklýðsfelagalaganna 1871 felur fasteignir og lausafé skrásetts verklýðsfélags stjórn þess til umsjár og 9. gr. veitir stjórninni heimild til að höfða eða láta höfða mál, málafærli, lögsókn og bera fram kærur og svara til sakar eða láta svara til sakar við hvaða lagadómstól eða sanngirnisdómstól sem er, ef málid lýtur að eignarréttindum eða eignakröfum af hendí verklýðsfélagsins. Það virðist því svo sem ekkert sé í 4. gr. laganna frá 1906, er sé því til fyrirstöðu, að stjórn skráðs félags sé lögsótt fyrir óréttmætar athafnir framdar af félagini eða af þess hálfu svo fram-

arlega sem, a) athafnir þessar snerta eða lúta að eignum verklýðsfélagsins, og b) það séu ekki athafnir, er lúta að því að huga á eða ýta undir vinnudeilu.

Það virðist því svo sem óskráðu verklýðsfélagi sé að þessu leyti betur í sveit komið en skráðu verklýðsfélagi, þar sem samkvæmt 1. gr. alls ekki er hægt að lögsækja óskráð verklýðsfélag vegna óréttmætra athafna, enda þótt hægt sé að lögsækja stjórn verklýðsfélags, sem er skráð, vegna óréttmætra athafna, ef svo stendur á sem að ofan greinir.

Með 1. gr. vinnudeilu- og verklýðsfélagalaganna frá 1927, eru verklýðsfélög gerð ábyrg fyrir málssóknum út af óréttmætum athöfnum, sem umboðsmenn þeirra kunna að hafa framið innan valdsviðs sins i sambandi við verkföll eða verkbönn, sem lýst hafa verið ólögleg samkvæmt þeim lögum. Með öðrum orðum, vernd 4. gr. er tekin aftur, ef verkfallið er ólöglegt samkvæmt lögunum frá 1927.

### 3. Vinnudeilu- og verklýðsfélagalögjin frá 1927.

Með vinnudeilu- og verklýðsfélagalögnum frá 1927, eru vissar tegundir verkfalla og verkbanna lýstar ólöglegar. Það eru verkföll og verkbönn, sem 1) hafa annan tilgang eða aukatilgang um fram það að styðja vinnudeilu í þeirri atvinnugrein eða iðngrein, sem verkfallsmenn eða vinnuveitendur heir, er verkbannið hafa sett starfa í og 2) eru ætlaðar til eða lagaðar til að þvinga stjórnina, annaðhvort beinlinis eða með því að valda þjóðfélaginu óþaegindum. Ekki skal talið að vinnudeila eigi sér stað í þessum tilgangi í atvinnugrein eða iðngrein, nema það sé deila milli vinnuveitenda og verkamanna eða milli verkamanna og verkamanna í þeirri atvinnugrein eða iðngrein, sem riðin er við ráðningu til vinnu eða að ráða ekki til vinnu eða skilmálana fyrir vinnuráðningu eða við vinnuskilyrði manna í þeirri atvinnugrein eða iðngrein, og, að óskertu almennu gildi orðatiltækisins „atvinnugrein eða iðngrein“, skulu verkamenn taldir vera í þeirri atvinnugrein eða iðngrein, sem um ræðir, ef kaup þeirra eða ráðningarskilyrði eru ákveðin í samræmi við ákvarðanir þess sameiginlega iðnráðs, sem í hlut á, sáttanefndar eða annrar svipaðrar stofnunar, eða í samræmi við samninga, sem gerðir hafa verið við þann vinnuveitanda eða vinnuveitendaflokka, sem í hlut á.

Það er ólöglegt að hefja eða halda áfram ólöglegu verkfalli eða verkbanni og að verja nokkru fé til hjálpar eða styrktar slíku.

Ef nokkur maður segir öðrum manni að taka þátt í eða að styðja á annan hátt að framgangi ólöglegs verkfalls eða verkbanni eða æsir menn til bess eða hvetur, þá fremur hann glæpsamlegt athæfi. Ef slikur maður er kærður fyrir dómstóli á Englandi, þá verður málið ekki rekið nema til komi samþykki ríkissóknarans.

Það skal þó tekið fram, að maður fremur ekki brot með því eingöngu að leggja niður vinnu eða neita að halda áfram að vinna eða að láta ráða sig til vinnu, enda þótt hann reyndar með því að hætta vinnu þvert ofan í samning eigi það á hættu að vera sóttur til skaðabóta í einkamáli.

Sérhver athöfn, sem framin er til þess að áforma eða koma í verk ólöglegu verkfalli eða verkbanni, skal ekki talin gerð í þeim tilgangi að nein fyrirskipun sé gefin um að áforma eða hefja vinnudeilu, og ákvæði vinnudeilulaganna frá 1906 eiga ekki við slikein athafnir.

Að því er til vinnudeilulaganna frá 1906 kemur, er afleiðingin af lögum frá 1927 sú

1) að höfða má einkamál jafnt sem opinber mál á hendur mönnum, sem taka þátt í verkföllum og verkbönnum:

Fyrsta grein vinnudeilulaganna frá 1906 kveður svo á: „Athöfn, sem framin er samkvæmt samningi eða sammælum tveggja eða fleiri manna, skal, enda þótt hún sé gerð í þeim tilgangi að áforma eða koma af stað vinnudeilum, ekki varða við

lög, nema athöfnin, enda þótt hún væri framin án þess að slíkur samningur eða sammæli sé til, myndi varða við lög.“

(Þetta ákvæði kemur í staðinn fyrir viðbót við 1. málgr. 3. greinar samærис- og eignaverndarlaganna frá 1875, sem ræðir um verklýðsfélög með tilliti til samæris sem glæps).

„Vinnudeila“ er í 5. (3) laganna frá 1906 útskýrt svo, að hún sé „sérhver deila milli vinnuveitenda og verkamanna eða milli verkamanna og verkamanna, sem lýtur að ráðningu til vinnu eða að ráða ekki til vinnu eða skilmálum fyrir vinnuráðningu eða að vinnuskilyrðum nokkurs manns, og orðatiltækið „verkamenn“ á við alla menn, sem atvinnu hafa í atvinnugrein eða iðngrein, hvort sem þeir vinna hjá þeim vinnuveitanda, sem vinnudeilan er við eða ekki.“

Athafnir, sem framdar eru af mörgum mönnum í sameiningu, ef af þeim hlýzt skaði, eru taldar samsæri og varða við lög, enda þótt slíkar athafnir framdar af einum einstökum manni myndu ekki taldar saknæmar.

Spurningin um eðli einkamálsóknar vegna samsæris, sem hefir tjón í för með sér, er mjög erfið viðfangs, og hefir verið um hana fjallað í allmögum stórmálum. Þetta malefni hlaut fulla skýringu og var á enda kljáð með úrskurði efri málstofunnar í málínu Sorrell gegn Smith 1925. A. C. Dunedin lávarður gerir á bls. 716 eftirfarandi grein fyrir því efni:

„Ef hópur af mönnum gerir það, sem mundi vera saknæmt, ef einn maður gerði það, þá mundi það blátt áfram engu máli skipta að færa sönnur á að samsæri hefði átt sér stað til þess að byggja á því einkamálssókn. En ef ekkert hefir verið framið, sem í sjálfu sér mundi vera afbrot, þá blasir við manni sú hugleidiðing allt í einu, að sérstök athöfn, sem framin er og er ekki í sjálfu sér afbrot, geti að vísu verið óbaugileg, en þó þoland, ef aðeins er um einn fremjanda að ræða, en gæti hinsvegar verið óþoland og valdið verulegu tjóni, ef framin er af mörgum í sameiningu.“

Aðstaðan í þessu efni er því sem hér segir:

Það er ekki haegt að koma fram neinni einkamálshöfðun fyrir samsæri, ef athafnirnar voru framdar til þess að áformá eða koma af stað vinnudeilu, nema ef athafnirnar myndu hafa gefið tilefni til málsóknar, ef þær hefðu verið framdar af einstökum manni.

Slikri málsókn yrði hins vegar komið fram, ef athafnirnar, sem kært er yfir, væru framdar í þeim tilgangi að áformá eða koma af stað verkfalli eða verkbanni, sem lýst er ólöglegt með lögunum um vinnudeilur og verklýðsfélög frá 1927.

2) að verkfallsvarðganga í sambandi við ólögleg verkföll og verkbönn hljóta enga vernd.

Spurningin um verkfallsvarðgönguna liggar utan við svið þessarar rannsóknar.

3) að það er haegt að koma fram skaðabótakröfu á hendur mönnum, sem tæla aðra menn til þess að brjóta vinnusamninga í sambandi við ólögleg verkföll og verkbönn.

Priðja grein vinnudeilulaganna frá 1906 mælir svo fyrir:

„3. Ekki verður sótt til sakar um athöfn, sem maður fremur í þeim tilgangi að áformá eða koma af stað vinnudeilu af þeiri ástæðu einni, að það tælir aðra menn til þess að brjóta vinnusamning eða að með því er verið að sletta sér fram í atvinnurekstur, viðskipti eða vinnuráðningu annara manna eða í rétt annars manns til þess að ráða yfir fjármunum sínum eða vinnu sinni eins og honum lýst.“

Enda þótt 3. gr. verndi þá menn við skaðabótamálshöfðun, sem tæla til sammingsrofa, verndar hún ekki manninn, sem teldur hefir verið til þess að brjóta samning sinn gegn málsókn vegna samningsrofs.

Pegar athöfn hefir verið framin í þeim tilgangi að áformá eða koma af stað

ólöglegu verkfalli eða verkbanni, er aðstaðan sú samkvæmt ákvæðunum frá 1927, að athöfnin njóti ekki verndar ákvæðanna frá 1906, og til þess þá að athuga hvaða réttarathafnir séu nothæfar, er nauðsynlegt að athuga ákvæði almennra laga. Hér verður líka að gæta þess, að það er hegningarálagabrot samkvæmt lögunum frá 1927 að styðja að ólöglegu verkfalli. Ákvæði hinna almennu laga eru annað en óbrotin, og það er vonandi að eftirfarandi athugasemdir geti komið að notum.

Svo sem kunnugt er varðar það við almenn lög, að tæla mann til þess að brjóta samning um þjónustu, nema einhver fullnaegjandi afsökun hafi verið fyrir hendi.

„Það er brot á löglegum rétti að sletta sér fram í samningsbundið samband, sem staðfest hefir verið að lögum, ef ekki er nægileg ástæða til þess að sletta sér fram í það.“

Macnaghten lávarður í málínu Quinn gegn Leathem 1901 A. C. á bls. 520.

„Illur vilji í merkingunni illgirni eða fólska er ekki fastur liður í athöfninni.“

„Það er ekki fólgin nein afsökun í þeirri staðreynd, að verjendur hafi aðhafst annaðhvort til þess að styrkja hagsmuni atvinnu sjálfra sín eða til þess að styrkja hagsmuni þeirra, sem þeir voru í sambandi við.“

J. McCardie í málínu Pratt gegn British Medical Association 1919 1 K.B.

„Hvað verður talið lögleg afsökun fyrir því að valda samningsrofi?“

J. McCardie lýsir á þeim stað, sem að ofan greinir, þessu með dænum.

„Ég geri ráð fyrir því, að föður sé heimilt að skerast í leikinn til þess að hindra döttur sína frá því að ganga að eiga mann með glæpatilhneigingu. Með þessu mundi í raun og veru verið að uppfylla greinilega skyldu. Eins er það, að verjandi, sem hefir áður gerðan samning við þriðjamann, sem ekki samrýmist samningi kæranda við sama mann, er að minni hyggju afsakaður, þó að hann valdi því, að síðari samningurinn sé rofinn.“

Ef maður veldur spjöllum á atvinnu annars manns með því að beita ólöglegum aðferðum, svo sem hótunum, ógnunum eða ofheldi, enda þótt ekkert raunverulegt samningsrof hafi af því hlotizt, þá virðist vera fólgin athöfn í þessum aðstæðum og hægt að fá skaðabætur fyrir þau rangindi, sem orðið hefir að þola. Í málínu Quinn gegn Leathem, sem að ofan getur, lýsir Lindley lávarður á bls. 534—535 almennum réttindum brezkra þegna sem hér greinir:

„Hann var frjáls að því að vinna fyrir framfæri sinu á þann veg, sem honum leizt sjálfum, að því tilskildu, að hann bryti ekki nein sérstök lög, er bönnuðu honum að haga sér svo, og að því tilskildu, að hann skerti ekki rétt annara manna. Þetta frelsi hefir í för með sér frjálsræði til þess að skipta við aðra menn, sem eru fúsír til þess að skipta við hann. Þetta frelsi er lögverndaður réttur; við þetta frelsi stenzt á almenn skylda allra manna til þess að hindra ekki frjálsa hagnýtingu þessa frjálsræðis, nema að svo miklu leyti sem athafnafrelni þeirra sjálfra réttlætir að þeir geri það. En frelsi manns eða réttur til þess að skipta við aðra menn er gagnslaus, nema þeir séu frjálsir að því að skipta við hann, ef þeim býður svo við að horfa. Afleiðingar af öllum afskiptum af frelsi þeirra til þess að skipta við hann lenda á honum. Ef slik afskipti eru réttlætanleg frá lagalegu sjónarmiði, þá verður hann að þola þau bótalaust. En ef slik afskipti eru órétt, þá er maðurinn, sem beinlinis verður fyrir því, að jafnaði eini maðurinn, sem getur höfðað mál af því tilefni; annar maður, sem verður fyrir óþægindum af því, verður að jafnaði að þola það bótalaust; tjónið fyrir hann er því of óverulegt, og það er bersýnilega ómögulegt í framkvæmdinni og mjög óþægilegt, að veita öllum þeim mönnum skaðabætur að lögum, sem beðið hafa tjón af slikeum ójöfnuði. En ef afskiptin eru óréttmæt og gerð í þeim tilgangi að skaða þriðja mann, og ef hann hefir í raun réttri orðið fyrir tjóni — með öðrum orðum, ef hann að óréttmætu og af ásettu ráði hefir orðið fyrir áfalli af völdum annara manna og beðið tjón af — þá breytist allur svipur málsins; ójöfnuður sá, sem aðrir hafa verið beittir, nær til hans,

réttindi hans hafa verið skert, enda þótt óbeinlínis sé, og það er hvorki að skaðabætur til hans séu fjarri lagi eða órokstuddar, heldur eru þær hein afleiðing af því, sem gert hefir verið. Lög vor eru, að því er mér skilst, ekki svo gloppótt, að þau meini honum að reka réttar síns með málsókn, begar svo stendur á.“

Í þessu sambandi verður að geta þess, að í þessu sambandi er aðvörun ekki sama og hótun.

MacCardie á ofangreindum stað.

Málið Brimelow gegn Casson býður mjög eftirtakanlegt dæmi máls, þar sem slik afsökun kemur til greina.

Hin sameinaða verndarnefnd, sem hafði umboð ýmsra leikhúsfélaga, er aðallega voru vinnuþegar i, var talin afsökuð af því, að hafa talið leikhúseigendur á það, að hafa ekki leyft kæranda afnot leikhúsa þeirra, ýmist með því að brjóta samninga, sem þegar var búið að gera, eða með því að neita að gera samninga. Kærandi borgaði dansstílkum minna en tiltekið var sem lágmarkskaup ef hendi leikarafélagsins, og kaupið, sem greitt var og skilyrðin voru með þeim hætti, að þau héldu óskírlífi að stílkunum. J. Russell segir á bls. 313: „Verjendur þessa máls .... höfðu skyldu gagnvart köllun sinni og félögum sínum og, ég freistast til þess að segja, gagnvart almenningi, til þess að gera allar nauðsynlegar friðsamlegar ráðstafanir til þess að hætt yrði að greiða þessi ófullnægjandi laun, sem í félagi því, sem verjandi mætir fyrir, hefir bersýnilega í framkvæmdinni borið þá ávexti ríkulega, sem undanfarandi reynsla þeirra hafði leitt þá til að hagnýta sér.“

4) að verklýðsfélög eru gerð ábyrg fyrir athöfnum, sem skaðabótaskylda getur leitt af, og umboðsmenn þeirra kunna að fremja innan valdsviðs síns í sambandi við ólögleg verkföll eða verkhönn.

Sjá athugasemd við 4. gr. vinnudeilulaganna frá 1906 á bls. 5 og 6.

4. Fjórða grein laganna frá 1927 hefir að geyma ákvæði um stjórnmálasjóði verklýðsfélaganna.

Saga þess máls er í fám orðum svo sem hér greinir:

Hugtakið „verklýðsfélag“ var skýrt í verklýðsfélagalögum frá 1871 og sú skýring endurbætt í verklýðsfélagalögum frá 1876.

Það var úrskurðað af dómstólunum, að verklýðsfélögin, eins og það hugtak er skýrt í þeim lögum, hafi ekkert vald til að safna sjóðum með stjórnmálatilgangi og stjórnna þeim. Sjá málið Amalgamated Society of Railway Servants gegn Osborne (1910) A. C. 87.

Pess vegna var það að verklýðsfélögin frá 1913 skýrðu hugtakið „trade union“ sem hvert annað samband, og hvort sem það er til bráðabirgða eða frambúðar, er aðaltilgangur þess að skipuleggja samkvæmt lögum sínum samskipti verkamanna og vinnuveitenda, samskipti verkamanna og verkamanna eða samskipti vinnuveitenda og vinnuveitenda eða að leggja höft á rekstur einhværra atvinnugreina eða viðskiptagreina, eða lika að veita félögum styrk.

Löginn frá 1913 veittu lika verklýðsfélagli heimild til að nota sjóði sína í sérhverjum löglegum tilgangi eða augnamiði um þann tíma, sem lög þessi heimila, þó með þeim takmörkunum, sem löginn setja um notkun sjóðanna í sérstökum pólitískum tilgangi. Það má ekki nota sjóðina í slíkum pólitískum tilgangi, nema samkvæmt meiri hlutasamþykkt sambandsins og reglum, sem staðfestar eru af ritara Hjálparfélags verkamanna, sem kveða á um greiðslu á fé til styrktar þessum tilgangi úr sérstökum sjóði, sem heitir stjórnmálasjóður, og nema sérhver félagi sambandsins sé undanþeginn allri skyldu til þess að greiða til sliks sjóðs, ef hann hefir lýst því yfir að hann vilji það ekki. Félagi með slíka undanþágu má ekki bíða neina réttindaskerðingu við hana, og það er ekki heimilt að gera greiðslu til stjórnmálasjóðs að skilyrði fyrir upptöku í sambandið.

Sérhver félagi, sem ber það fram, að það hafi verið gert á hluta hans með því

að brjóta einhverja af þessum reglum, getur kvartað til ritara Hjálparfélags verka-manna, sem getur gert endanlega, bindandi og framkvæmdarhæfa skipun á þessu.

Pessum ákvæðum um pólitiska sjóði verklýðsfélaga var breytt í mjög veru-legum atriðum með 4. gr. vinnudeilu- og verklýðsfélaganna frá 1927, sem lýsti það sérstaklega ólöglegt, að heimta af félaga verklýðsfélags, að hann greiddi til stjórn-málasjóðs verklýðsfélags, nema hann gæfi skjallega yfirlýsingum um það, að hann væri fús á að greiða í þann sjóð.

Sjöunda grein laganna frá 1927 mælir svo fyrir, sem hér segir:

7. „Án þess að með því sé gengið á rétt nokkurs manns, sem fullgildra hags-muna á að gaeta í málsókn, sem reynt hefir verið að hefja eða koma fram til þess að fá bann við notkun sjóða verklýðsfélags ofan í ákvæði þessara laga, er hægt sam-kvaemt kæru eða eftir kröfu ríkissóknarans, að fá úrskurð, sem bannar notkun sjóða verklýðsfélags þvert ofan í ákvæði 1. gr. þessara laga.

Ef beita skal ákvæðum þessarar greinar á Skottlandi, þá þarf, ef svo ber undir, að láta koma skírskotun til banns í stað fyrirmæla, og skírskotunar til ríkissóknara, skírskotun til málaflutningsmanns ríkisins.“

Það kemur því í ljós, að sérhver meðlimur í verklýðsfélagi, sem leggur það til að hafið sé verksfall eða verkann þvert ofan í fyrstu grein laganna, hefir nægi-lega ástæðu til þess að hefja mál til þess að fá bann, þar sem eyðsla á sjóðunum til ólöglegs verkfalls mundi hafa áhrif á fjárhagsafkomu verklýðsfélags þess, sem hann væri meðlimur í.

Pegar ríkissóknarinn var að tala um þetta atriði laganna, komst hann svo að orði: „Aðaltilgangurinn, sem fyrir mér vakir við þennan hluta laganna, er ekki að hegna mönnum, sem taka þátt í ólöglegu verksfali, heldur að hindra ólögleg verk-föll ... Það sem ég vil er, að ef ... allsherjarverksfall skellur á, þá geti stjórnin fyrir milligöngu ríkissóknara skotið málinu til hæstaréttar með skírskotun til 7. grein-ar, þegar krafist er banns, fengið bráðabirgðaúrskurð um það, hvort verksfallið, sem áformáð er, er ólöglegt eða ekki, og hvort megi nota verklýðsfelagssjóðina til þess að styrkja það eða ekki. (Handard 18. maí 1927, 206. bindi, Cols 1225/1227), (Fyrir aðalfyfirmælum 1. gr. hefur verið gerð grein á bls. 6 og 7 í skýrslu þessari).

5. Tilgangur þessarar skýrslu er að gera grein fyrir spurningunni um einka-mála leg úrræði í sambandi við verklýðsfélög. Fyrsti liðurinn gerði grein fyrir lög-unum frá 1871. Þessi fyrirmæli lögleiddu verklýðsfélögum, nema þau væru ólögleg vegna þess, að þau væru viðskiptateppandi, en mæltu svo fyrir, að ekki væri hægt að koma viðsum samningum í framkvæmd. Það er líka gert ráð fyrir að verklýðsfélög séu skráð, og að skipaðir séu umboðsmenn til þess að fara með eignir verklýðsfé-laganna og vera sóttir og sækja til laga fyrir þeirra hönd. Þessi lög voru endurbætt með verklýðsfelagalögum frá 1876 í atriðum, sem ekki hafa neina sérstaka þýðingu fyrir spurningu þá, sem hér liggur fyrir.

Annar liðurinn greinir frá því, hvernig varið er málum gegn verklýðsfelögum með tilliti til tjóns, sem verklýðsfélög valda eða valdið er af þeirra hálfu.

Þriðji liðurinn ræðir um verklýðsfélög i sambandi við borgaralegar athafnir til þess að koma á samsæri, og líka um það atriði, að valda broti á samningum við mann, eða sletta sér fram í viðskipti hans o. s. frv. Hann greinir frá aðstöðunni, sem leiðir af vinnudeilulögum frá 1906 og ræðir líka um afleiðingar laganna frá 1927.

Fjórði liðurinn ræðir um í hvaða tilgangi verklýðsfélag megi nota sjóði sína og sérstaklega um þær takmarkanir, sem settar eru stjórnálasjóðum og um greiðslur til þeirra sjóða og líka um réttarúrskurði samkvæmt lögum frá 1927.

Enda þótt það sé ekki beinlinis á verksviði þessarar greinargerðar, þá kann að vera, að það sé jafngott að minnast á 4. og 5. gr. laganna um samræmi og eignarrétt-arverndum frá 1875, eins og þær eru skírðar í 6. (4.) gr. vinnudeilu- og verklýðsfé-lagalaganna frá 1927 og 31. gr. rafmagnslaganna frá 1919 (viðbót).

Almennt er það að enskum lögum ekki glæpsamlegt, að maður hætti vinnu sinni, enda þótt hann brjóti með því samning. Lögin frá 1927 telja sérstök verkföll ólöggleg, en mæla greinilega svo fyrir, að um engan mann skuli talið svo, að hann hafi gerzt brotlegur með því einu, að hafa hætt eða neitað að halda áfram að vinna eða að láta ráða sig til vinnu.

Um aðalregluna er þó mælt fyrir í fyrirmælum 4. og 5. gr. laganna um samsæri og eignarréttarverndunum frá 1875 eins og þær eru skírðar í 6. (4.) gr. um vinnudeilur og verklyðsfélög frá 1927. Samkvæmt 4. gr., þá er það glæpsamlegt athæfi af hendi manns, sem er í þjónustu bæjar eða félags eða atvinnurekanda, sem samkvæmt þinglögum hefir fengið rétt og skyldu eða á annan hátt hefir fengið rétt og skyldu að sjá borg, bæ, kaupstað eða þorpi fyrir gasi eða vatni eða hluta af því, ef hann annaðhvort af yfirlögðu ráði eða illgirni rýfur samning við það yfirvald, félag eða atvinnurekanda, sem í hlut á, vitandi eða hafandi skynsamlega ástæðu til að vita, að liklegar afleiðingar af þessu athæfi hans, annaðhvort eins eða í samfélagi við aðra, mundi vera að svifta íbúa þess bæjar, þeirrar borgar, þess kaupstaðar eða þorps eða hluta úr þessu fullkomlega eða að miklu leyti því vatni eða gasi, sem þau þurfa. Með 5. gr. laga frá 1875, eins og hún er skýrð, þá er það líka glæpsamlegt athæfi af hendi hvers manns, ef hann af ásettu ráði eða illgirni rýfur vinnusamninga eða ráðningarsamninga, vitandi eða hafandi góða ástæðu til þess að ætla, að liklegar afleiðingar af verki hans, hvort sem hann er einn eða í félagi við aðra, verði hætt fyrir mannslif eða valdi alvarlegum likamlegum spjöllum, eða stofni dýrmætum verðmætum, hvort sem það eru fasteign eða lausajármunir, í þá hættu, að þeir tortímist eða verði fyrir alvarlegum skemmdum, eða, ef hann er í þjónustu sveitar eða ríkis eða annarra opinberra valda, og þá af ásettu ráði, rýfur þjónustusamning við þau yfirvöld, sem í hlut eiga, vitandi eða hafandi góð rök til þess að álita, að liklegar afleiðingar af verki hans, hvort sem hann er einn eða í félagi við aðra, muni valda hinu opinbera þungum búsisjum, eða hættum eða alvarlegum óþægindum. Með 31. gr. rafmagnslaganna frá 1918 (viðbót) er 4. gr. samsærис- og eignarréttarverndarlaganna frá 1875 víkuð svo, að hún er látin ná til manns, sem vinnur hjá samvinnurafmagnsyfrovöldum eða hjá löggiltum starfrækslumanni á sama hátt eins og getið er um í greininni, þó svo, að vísað sé til rafmagns í stað gass og vatns.

6. Hér fer á eftir skrá um helztu lög viðvikjandi verklyðsfélögum:  
Verklýðsfélagalögın frá 1871 (34 og 35 Viet. c. 31).

Samsærис- og eignarréttarverndarlögın frá 1875 (38 og 39 Viet. c. 86).  
Verklýðsfélagalögın frá 1871 með viðbót frá 1876 (39 og 40 Viet. c. 22).

Vinnudeilulögın frá 1906 (6 Játv. 7. c. 470).

Verklýðsfélagalögın frá 1913 (2 og 3 Georg V. c. 30)

Verklýðsfélagalögın frá 1917 (Amalgamation) 7 og 8 Georg 5. c. 94).

Löggreglulögın frá 1919 (9 og 10 Georg 5. c. 46) 1., 2., 12. og 15. gr.

Iðnaðardómstólalögın frá 1919 (9 og 10 Georg 5. c. 69).

Neyðarvaldsög frá 1920 (10 og 11 Georg 5. c. 55) 2. gr.

Vinnudeilu- og verklyðsfélagalögın frá 1927 (17 og 18 Georg 5. c. 22).

Eftirfarandi bækur fjalla um þetta efni:

1. Verklýðsfélagalögın eftir Slesser og Baker.
2. Verklýðsfélagalögın og framkvæmd þeirra eftir Sophian.
3. Vinnudeilu- og verklyðsfélagalögın frá 1927 eftir Ferguson.

Allar gefa þessar bækur saman skýrt og skiljanlegt yfirlit yfir þetta málefni.

#### b. Efnisútdráttur úr brezkri vinnulöggjöf.

Eftirfarandi efnisútdráttur úr aðalatriðum brezkrar vinnu- og verklyðsmálalögjafar hefir verið gerður af nefndinni.

**Lög 1875, 3. gr.**

Samkomulag eða samtök tveggja eða fleiri manna um úrskurð í sambandi við vinnudeilu skal ekki vera talið samsæri, ef slikur úrskurður er ekki refsiverður, ef einn maður framkvæmir hann.

Ofangreint ákvæði hefir ekki áhrif á lagafyrirmæli um upphöt, ólöglega fundi, friðarspjöll, uppreisn gegn embættismönnum eða brot gegn konungi og ríkinu.

**Viðbótarlög 1906.**

Verk unnið samkvæmt samningi eða félagsákvæðum tveggja eða fleiri manna, í sambandi við vinnudeilu er ekki ólöglegt, ef það er það ekki án slíks samnings eða félagsákvæðis.

Það er löglegt í sambandi við vinnudeilu að menn af sjálfsdáðum eða fyrir hönd verklýðsfélags eða atvinnurekenda séu í eða við hús þar sem ákveðinn maður býr, vinnur eða hefir vinnustöð, ef það er aðeins gert til þess á friðsamlegan hátt að gefa upplýsingar eða fá upplýsingar eða á friðsamlegan hátt að fá mann til að vinna eða haetta að vinna.

Verk unnið í sambandi við vinnudeilu skal ekki vera ólöglegt eingöngu vegna bess að það leiðir af sér að annar maður brýtur vinnusamning eða það hefir áhrif á atvinnu eða starf annara manna eða hefir áhrif á rétt annara manna til að ráðstafa fé sínu eða vinnu.

Verklýðsfélag verður ekki dæmt fyrir hótanir eða þvinganir, sem gerðar hafa verið í þess nafni í sambandi við vinnudeilu.

**Lög 1919, um rannsóknardóm og gerðardóm í vinnudeilum.**

Setja skal á stofn fastan gerðardóm í vinnudeilum. Vinnumálaráðherra skipar í dóminn. Í dóminn skal skipa óvilhalla menn, fulltrúa fyrir vinnuveitendur, fulltrúa fyrir verkamenn og auk þess einn eða fleiri.

Ráðherra ákveður til hve langt tíma dómarí er skipaður.

Forseti dómsins ákveður hvaða dómarí tekur sæti í dómnunum til að dæma um hvert ákveðið mál.

Ráðherra ákveður í eitt skipti fyrir öll eða í hverju einstöku tilfelli hver skuli vera forseti dómsins og hverjir deildarformenn í honum. Forseti og deildarformenn skulu vera úr hópi hinna óvilhölli dómara.

Aðili í vinnudeilu má tilkynna ráðherra um deiluna. Ráðherra er skyld að taka deiluna til athugunar og gera það, sem hann álítur heppilegast til lausnar henni.

- Ráðherra getur, ef hann álítur heppilegt, og ef báðir aðilar vinnudeilu samþykkja
- vísad málinu til úrskurðar hins fasta gerðardóms,
  - vísad málinu til úrskurðar eins eða fleiri manna, sem hann tilnefnir til þess,
  - vísad málinu til úrskurðar gerðardóms, sem skipaður sé einum eða fleiri mönnum tilnefndum af viðkomandi vinnuveitendum og jafnmörgum tilnefndum af viðkomandi verkamönnum og óvilhöllum formanni, sem tilnefndur skal af ráðherra.

Ráðherra má leita álits hins fasta gerðadóms um öll mál, sem snerta eða risa út af vinnudeilu, vinnudeilum almennt eða einhverri tegund vinnudeilna eða um önnur mál, sem hann álítur að leita beri álits gerðardómsins um.

Ef fyrir hendi eru sáttadómstólar eða gerðardómstólar í einhverri atvinnugrein, sem settir hafa verið upp samkvæmt samningum milli félaga atvinnuveitenda og verkamanna, sem í er verulegur hluti atvinnurekenda og verkamanna, sem starfar í atvinnugreininni, má ráðherra ekki hafa þá meðferð á málinu sem lýst er í 5 og 6. nema báðir aðilar samþykki, fyr en reynt er að ekki næst samkomulag fyrir þessum sérstöku dómstólum.

Ráðherra getur gert eða heimilað gerðardómnum að búa til reglur um málsmeð-

ferð fyrir dómnum. Þær reglur mega meðal annars innihalda ákvæði um að vísa megi ákveðnum atriðum til úrskurðar sérstaks meðlims dómsins, ákvæði um að dómurinn megi skipta sér í eina eða fleiri deildir og ákvæði um að aukadómarar, konur eða karlar, megi taka sæti í dómnum til að dómstóllinn og deildir hans séu starfshæfar hversu marga dómara sem vantar og til að hægt sé að gera út um skilning á úrskurði án frekari álitsskjala eða upplýsinga.

Ráðherra má gefa út reglugerð um hvernig málsmæðferð skuli háttæð, þegar hann skipar mann eða menn til að gera um málid.

Ef dómarar hins fasta gerðardóms verða ekki ásáttir um dómsniðurstöðu, skal málid úrskurðað af formanni.

Ef deila er um vinnulaun, vinnutíma eða önnur atriði um vinnukjör, sem ákveðið er um i öðrum lögum, en lögum um gerðardóminn, má úrskurður gerðardómsins ekki brjóta í bág við þau lög.

Ráðherra getur, hvort sem vinnudeila er honum tilkynt eða ekki, leitað upplýsinga um ástæður til vinnudeilunnar og hvernig samningatilraunir ganga. Ef hann álítur heppilegt getur hann skipað rannsóknardóm til að rannsaka deiluna. Dómurinn rannsakar deiluna opinberlega eða fyrir lokaðum dyrum eftir ástæðum. Dómurinn skal gefa ráðherra skýrslu um rannsókn sína.

Ráðherra skipar formann rannsóknardóms og til aðstoðar honum eins marga dómara og hann telur ástæðu til.

Rannsóknardómur er starfshæfur hversu marga dómara sem vantar.

Ráðherra gefur út reglugerð um starf rannsóknardóms, skal þar tekið fram um vitnaleiðslur o. fl. Dómnum skal gefið vald til að krefjast skjala, sem hann álítur nauðsynlegt að fá vegna rannsóknarinnar.

Rannsóknardómarinn hefir heimild til að taka skýrslur af þeim mönnum, sem hann álítur að geti gefið upplýsingar um málid. Dómarinn hefir heimild til að láta staðfesta skýrslur eða framburð með eiði.

Rannsóknardómarinn getur gefið bráðabirgðaskýrslu hvenær sem hann álítur það nauðsynlegt.

Skýrslur rannsóknardóms, svo og skýrslur minnihluta rannsóknardóms, skulu lagðar fyrir báðar deildir þingsins, svo fljótt sem unnt er.

Ráðherra má hvort heldur eftir eða áður en skýrsla er lögð fyrir þingið birta hana eða einstök atriði hennar. Þá má hvorki ráðherra né dómurinn birta opinberlega upplýsingar sem dómurinn hefir fengið, ef upplýsingarnar eru ekki fáanlegar annarsstaðar, einstakt verklyðsfélag eða sérstakt fyrirtæki nema ritari verklyðsfélagsins eða forstjóri fyrirtækisins samþykki að upplýsingarnar séu birtar. Einstakir dómrarar, mega ekki heldur birta slikar upplýsingar.

Kostnaður við framkvæmd laganna greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra skal öðru hvoru gefa þinginu skýrslu um störf sín samkvæmt þessum lögum.

#### Lög 1871, um verklyðsfélög.

Það er ekki ólöglegt að vera meðlimur í verklyðsfélagi.

Samningar, sem verklyðsfélag gerir, eru gildir.

EKKI ER HÆGT AÐ FÁ DÓM FYRIR NÉ DÆMT Í SKAÐABAETUR FYRIR BROT Á EFTIRFARANDI SAMNINGUM EÐA SAMKOMULAGI.

1. Samkomulag milli meðlima „trade union“ um hvenær þeir skulu vinna eða ekki vinna, láta vinna eða ekki láta vinna.
  2. Samkomulag um áskriftargjald og sektir til félags.
  3. Samkomulag um ráðstöfun sjóða félags.
- a. til styrktar félagsmönnum,

- b. til styrktar vinnuveitanda eða verkamanni, sem ekki er félagsmaður, ef hann hegðar sér samkvæmt samþykktum eða ákvörðunum félagsins.
  - c. eða til að greiða sekt, sem einhver hefir verið dæmdur í.
4. Samningur, sem félög gera hvert við annað.
5. Allir samningar, sem gerðir eru til að fullnægja ofangreindum samningum.
- Ofangreindir samningar eru þrátt fyrir þetta ákvæði ekki ólöglegir.
- Breytingalög frá 1913 banna verklýðsfélögum að nota sjóði sína til pólitískrar starfsemi, nema meðlimir hafi sérstaklega greitt atkvæði um það og skal þá hið pólitískra gjald greitt sérstaklega. Einstakir meðlimir hafa heimild til að neita að greiða í hinn pólitískra sjóð.

#### Lög 1927, um vinnudeilur.

Verkfall er ólöglegt:

1. Ef tilgangur þess er að einhverju eða öllu leyti annar en að hafa áhrif á vinnudeilur í þeiri atvinnugrein, sem verkkalmenn vinna í.
2. Ef gert er ráð fyrir að þvinga ríkisstjórnina annaðhvort beint eða með því að skapa neyð i þjóðfélaginu.

Verkbönn eru ólögleg undir sömu kringumstæðum.

Það er ólöglegt að byrja á, halda áfram eða styrkja ólöglega vinnustöðvun með peningum. Það varðar sektum að hvetja til ólöglegrar vinnustöðvunar eða á annan hátt að taka þátt í, að hún hefjist eða haldi áfram.

Það varðar ekki sektum að hætta vinnu eða neita að halda áfram að vinna eða neita vinnu.

Það er óheimilt að reka mann úr verklýðsfelagi eða skerða rétt hans á nokkurn hátt í félagi, þó að hann hafi neitað að taka þátt í ólöglegri vinnustöðvun. Ef maður hefir af þessum ástæðum verið rekinn úr verklýðsfelagi getur hann krafist skaðabóta í stað þess að krefjast að hann verði tekinn í félagið aftur.

Það er ólöglegt af sjálfsdáðum eða fyrir hönd verklýðsfél. eða vinnuveitanda að vera í eða við hús sem ákveðinn maður býr í, vinnur í, eða hefir vinnustöð í, eða er í af tilviljun, til þess að fá eða gefa upplýsingar eða til að hvetja mann til að vinna eða hætta að vinna, ef það er gert af svo miklum fjölda manna eða á þann hátt að það sé meiðandi eða til tjóns fyrir fólk í húsinu, eða hindra að gang að eða frá húsinu, eða það leiðir til óspekta.

Það er óleyfilegt að heráðsstjórnir eða aðrar opinberar stjórnir eða nefndir geri það að skilyrði að menn fái vinnu, að þeir séu í eða ekki í verklýðsfelagi.

Það er óleyfilegt fyrir sömu aðila að semja þannig að annarhvor samningsaðilinn, skuli taka í vinnu við framkvæmd þess verks, sem um er samið, annaðhvort aðeins félagsbundna verkamenn eða ófélagsbundna verkamenn.

Samningur sem gerður er gagnstætt þessu ákvæði er ógildur.

#### „Emergency Powers Act“, 1920.

Ef einhver maður eða hópur manna fremur verknað, sem er þannig lagaður eða svo viðtækur, að hann geti hindrað dreifingu matvara, vatns, eldiviðar, eða ljósmetis eða hindrað samgöngur, eða að verulegur hluti þjóðfélagsins geti fengið lífsnauðsynjar, getur konungur lýst landið í neyðarástandi (a state of emergency).

Yfirlýsing um að landið sé í neyðarástandi gildir ekki lengur en einn mánuð, nema önnur yfirlýsing sé gefin út.

Yfirlýsing skal lögð fyrir þingið strax og haegt er og það kallað saman með 5 daga fyrirvara, ef það á ekki að mæta innan 5 daga frá því yfirlýsing var gefin út.

Meðan yfirlýsing um neyðarástand er í gildi, getur konungur látið gera það sem

hann álitur nauðsynlegt til að dreifa út vörunni, halda uppi samningum og halda uppi reglu og friði.

Reglugerðir sem konungur gefur út í þessu sambandi skulu lagðar fyrir þingið og falla þær úr gildi ef þingið hefir ekki samþykkt þær innan tiltekins tíma.

Í reglugerðinni má ekki innleiða almenna herskyldu eða þegnþylduvinnu.

## 5. Ýms önnur lönd.

### Frakkland.

Árið 1892 voru sett í Frakklandi lög um sáttatilraunir í vinnudeilum og um vinnudóm, en það er aðilum í sjálfsvald sett hvort þeir snúa sér til þessarar stofnunar, og viðurlög eru engin í þessum lögum. Sáttaumleitanir hafa oft verið reyndar af nefndum, sem settar hafa verið á stofn af einstökum tilefnum. Friðdómari viðkomandi lógsagnarumdæmis er þá venjulega formaður nefndarinnar. Ef sættir mistókust, var oft reynt að koma upp vinnudómi í deilunni kosnum af aðilum, og var þá niðurstaðan undir því komin, að allir dómendurnir væru sammála, en þessar ráðstafanir hafa alla jafnan borið fremur litinn árangur. Á árunum 1893—1920 höfðu þessar stofnanir aðeins til meðferðar um 18% af vinnudeilum og af þessum 18% leystust ekki nema helmingur með þeirra aðstoð. Árið 1929 var frv. til vinnulöggjafar borið fram í franska þinginu og samþykkt í fulltrúadeildinni, en öldungadeildin felldi það.

En á árinu 1936 komu upp mjög alvarlegar og umfangsmiklar vinnudeilur í landinu, með þeim einkennilega blæ, að iðnaðarverkamenn settust að í verksmiðjunum og neituðu að yfirgefa þær. Þá var við völd í landinu hin svokallaða alþýðufylkingarstjórn sósialradikalaflokkssins, jafnaðarmanna og kommúnista undir stjórn jafnaðarmannsins Leon Blum. Sú stjórn heitti sér fyrir því, að sett voru lög um sáttatilraunir í vinnudeilum og vinnudóm 31. des. 1936 (Loi sur les procédures de conciliation et d'arbitrage dans les conflits collectifs du travail). Í þeim er fyrir mælt á þessa leið:

Allar vinnudeilur við iðnað og verzlun skal leggja fyrir sáttastofnun, ef með þarf, áður en til vinnustöðvunar kemur. Þetta ákvæði nær til yfirstandandi vinnudeilna, og ber að hefja vinnu þegar í stað, þegar deilan hefir verið tekin til meðferðar samkvæmt lögum.

Gerðardómur skal bindandi vera fyrir báða aðila og verður honum eigi áfrýjatil. Dómurinn skal rökstuddur og birtur opinberlega.

Í samningi má ákvæða, hvernig fyrir skuli koma sáttamleitunum og gerðardómi, ella setur ríkisstjórnin með tilskipun reglur um sáttamleitanir og gerðardóm.

### Stjórnartilskipun 16. janúar 1937.

Sáttastig eru 3 og þrennskonar sáttanefndir:

1. sáttastig (héraðssáttanefnd). Þar er amtmaður (préfet) viðkomandi landshluta formaður, en nefndin er að öðru leyti skipuð fulltrúum verkamanna og vinnuveitenda. Náist ekki samkómulag innan 4 daga, skal málinu vísað til 2. sáttastigs.
2. sáttastig (Commission mixte paritaire de conciliation). Þar skipar hlutað-eigandi ráðherra formann, en nefndin er að öðru leyti skipuð fulltrúum verkamannafélaga og vinnuveitendafélaga. Náist ekki samkomulag innan 4 daga, skal málinu vísað til 3. sáttastigs.
3. sáttastig (Commission nationale interprofessionnelle de conciliation). For-

maður er hlutaðeigandi ráðherra eða fulltrúi hans, en nefndin að öðru leyti skipuð fulltrúum verkamannasambanda og atvinnurekendasambanda. Náist ekki niðurstæða innan 4 daga, skal málínu visað til gerðardóms.

Aðalverkamannasambandið og aðalatvinnurekendasambandið eiga rétt á að tilnefna einn dómarar hvort eða senda 15 manna ábendingarlista. Ella tilnefnir ráðherra dómarar af hálfu aðila. Hafi þessir 2 dómarar eigi innan 3 daga annaðhvort komið sér saman um dóm eða tilnefningu eins yfirdómara, skal yfirdómari tilnefndur af forsætisráðherra.

#### Belgía.

Aðalatriði í belgískri vinnulöggjöf felast í sáttatilraunum og aðilar hafa allmikið aðhald um að snúa sér til þeirrar stofnunar. Löggjöfin er um 40 ára gömul, en hefir tekið all-miklum breytingum á þeim tíma. Það er einkennilegt fyrir belgiska vinnulöggjöf, að þar er beitt alveg sérstökum viðurlögum, ef aðilar hefja vinnustöðvun án þess að hafa gefið ráðrúm til sáttaukleitana. Ef atvinnurekandi hefir brotið af sér í þessum efnum, er honum refsad með því, að verkamaður hans fær venjulegan atvinnuleysisstyrk meðan hann er sviptur vinnu, en hafi verkamaður brotið af sér, missir hann af þeim ástæðum sérstök hlunnindi, sem verkamönum eru ákveðin i lögum. Pessi löggjöf hefir átt vinseldum að fagna hjá báðum aðilum.

Núgildandi ákvæði eru aðallega frá 5. maí 1926.

Á árunum 1926—1929 liggja fyrir skýrslur um 522 deilur út af hagsmunágreiningi, sem til sáttaukleitana komu. Í 269 deilum urðu sættir, en 28 voru teknar til dóms með samkomulagi.

#### Holland.

Í Hollandi eru í gildi lög frá 4. maí 1923, en það eru lög um sáttaukleitanir í vinnudeilum og vinnudóm. Auk þess eru ákvæði um sérstaka rannsóknarnefnd, sem er skipuð af hlutaðeigandi ráðherra til þess að kynna sér málavexti í alvarlegum vinnudeilum. Rannsóknarnefndin gefur ráðherra skýrslu um niðurstöður og getur hann birt þær. Þó má hann ekki birta einstök atriði, sem niðurstöður nefndarinnar byggjast á, néma með samþykki aðila.

#### Sviss.

Gildandi vinnulöggjöf Svisslendinga hefir verið sett sumpart með lögum frá sambandsþinginu frá 18. júní 1914 og sumpart frá þingum einstakra landshluta (canton). Lögnum frá 1914 var breytt 1918. Er þar aðallega um að ræða sáttatilraunir í vinnudeilum. Sem sýnishorn af árangri sáttatilraunanna er eftirsarandi yfirlit:

Af 125 vinnudeilum	1927	komust	sættir	á	i	90
— 140	—	1928	—	—	—	92
— 162	—	1929	—	—	—	125
— 129	—	1930	—	—	—	129
— 176	—	1931	—	—	—	110

Árið 1929 báru sáttatilraunir árangur í deilum, sem snertu rúmlega 11000 verkamenn, en misheppnuðust í deilum, sem snertu 7400 verkamenn. Árið 1930 tókust sættir í deilum, sem snertu 26415 verkamenn, en misheppnuðust í deilum, sem snertu 13300 verkamenn.

#### Pýzkaland.

Hér er átt við þá löggjöf, sem gilti þangað til Nationalsocialisminn komst á. Að allögin eru frá 30. okt. 1923, um sáttatilraunir og vinnudóm. Annars hófst setning vinnulöggjafar í Pýzkalandi raunverulega ekki fyrr en á striðsárunum, eða með lög-

um 15. des. 1916, og voru þau lög aðallega miðuð við ófriðarástandið. 10. nóv. 1920 var gefin út sérstök stjórnartilskipun viðvíkjandi vinnudeilum við framleiðslu á gasi, neyzzluvatni og rafmagni. Þegar slík framleiðsla átti í hlut, voru aðilar skyldir til að leita til sáttasemjara og máttu ekki hefja vinnustöðvun fyrr en 3 dögum eftir að yfirlysing hafði verið gefin út um, að sáttatilraunir hefðu farið út um þúfur. Á árinu 1931 var gefin út stjórnartilskipun um bindandi dómsúrskurð í vinnudeilum, einnig í hagsmunaagreiningi, og gilti tilskipunin til 31. júlí sama ár. Úrskurðir vinnudómsins gátu verið bindandi.

Auk tilskipunarinnar frá 9 janúar 1931, voru gefnar út fleiri tilskipanir á því ári vegna yfirstandandi kreppu í iðnaðinum. Má þar nefna tilskipun frá 8. des. 1931, sem mælti svo fyrir, að öll laun skyldu færð niður í það, sem þau hefðu verið 10. janúar 1927.

20. janúar 1934 gaf núverandi ríkisstjórn Þýzkalands út lög um tilhögum vinnunnar og 24. okt. sama ár, var öll áðurgildandi vinnulöggjöf afnumin. Það sem nú gildir um viðskipti atvinnurekenda og verkamanna í Þýzkalandi er með öllu óskylt því, sem venjulega er kölluð vinnulöggjöf í lýðræðislöndum. Það er litið á atvinnurekann sem „foringja“ verkamannanna, sem við fyrirtæki hans vinna og verkamennina sem „liðsmenn“ foringjans. Á vinnustöðum, þar sem eru minnst 20 verkamenn, gilda ákvæði um trúnaðarmannaráð fyrir verkamenn, en framboðslisti við kosningar í trúnaðarmannaráð er lagður fram af atvinnurekandanum eða umboðsmanni hans og greiða verkamenn atkvæði með eða móti listanum. Ef listinn er felldur, er trúnaðarmannaráð útnefnt af sérstökum opinberum embættismönnum hinum svonefndu „Treuhänder der Arbeit“. Atvinnurekendur ákveða sjálfir kaupið og eru við það engum háðir nema íhlutun hinna áðurnefndu opinberu embættismanna, ef þeir láta til sín taka. Til eru sérstakir dómstólar (Ehresgericht), sem eiga að dæma um:

1. Ef „foringinn“ misnotar krafta „liðsmanna“ sinna.
2. Ef „liðsmenn“ setja vinnufriðinn í haettu.
3. Ef trúnaðarmenn verkaþóls viðhafa óhæfilega íhlutun um stjórn fyrirtækja eða skýra frá trúnaðarmálum.

Það er gert ráð fyrir að slíkur dómstóll geti sett „foringjann“ frá störfum eða vikið verkamanni úr vinnu. Herlögir eru hér til fyrirmynadar.

#### Austurríki.

Í Austurríki voru lög um sáttatilraunir í vinnudeilum, sem gerðu ráð fyrir 12 sáttanefndum alls í landinu, og einni yfirnefnd fyrir allt landið undir yfirstjórn dómsmálaráðherra. Sáttanefndir töku þó eigi til meðferðar deilur, nema með samþykkji aðila. Í iðnaðinum voru lög um sérstakan vinnudómstól fyrir hverja iðngrein og svipar þessu mjög til félagsskapar handverksmanna og meistara fyrr á öldum. Úrskurðir slíkra dómstóla gátu verið bindandi. 26. sept. 1923 voru samþykkt lög um vinnusamninga við landbúnaðarvinnu og skógarhögg og sérstök lög um starfsmenn ríkisins.

#### Ungverjaland.

Þar voru sett lög 4. sept. 1923 um sáttatilraunir í vinnudeilum, en þeim hefir litið verið beitt. Hinsvegar hefir víða verið samkomulag milli atvinnurekenda og verkamanna um sáttanefndir og gerðardóma.

#### Cechoslovakia.

Þar tilkast bæði sáttanefndir og vinnudómstólar, ýmist að tilhlutun ríkis eða aðila, og er þetta nokkuð mismunandi í einstökum landshlutum. Um þetta er löggjöf frá 4. júní 1931.

### Pólland.

Par voru sett lög um sáttatilraunir i vinnudeilum 1919 og 1921. Sáttanefnd var kosin af deiluaðilum og varðar það sektum að skipa ekki fulltrúa. Oddamaður er frá hinu opinbera. Samkomulag í slíkri nefnd er bindandi og gildir um eitt ár. Um dómstól í vinnudeilum er ákvæði í sömu lögum. Í dómstólnum sitja 3—5 fulltrúar frá hvorum aðila, formaður kosinn af þeim eða útnefndur af verkamálaráðherra. Í lögum unum er enn fremur gert ráð fyrir sérstökum vinnudómstól með viðtækara valdi. Í honum sitja 3 fulltrúar frá ríkinu auch fulltrúa frá aðilum. Þessi löggjöf gildir þó að eins um landbúnaðarvinnu. Um aðrar vinnudeilur er engin heildarlöggjöf til, en í vesturhluta landsins hefir verið farið eftir þýzkum lögum.

### Eystrasaltslöndin.

Í þessum löndum er engin allsherjarvinnulöggjöf, hvorki um sáttatilraunir eða um vinnudómstól, en ákvæði viðkomandi slíku, gilda þó fyrir ýmsar atvinnugreinar.

### Finnland.

Lög um vinnudómstóla eru þar ekki til, en hinsvegar eru til ákvæði um samninga og lög um sáttatilraunir i vinnudeilum frá 1. janúar 1926. Landinu er skipt í 4 sáttaumundæmi, einn sáttasemjari í hverju. Hann fylgist með vinnudeilum og tekur upp sáttatilraunir, ef annarhvor aðili fer þess á leit. Mótaðili er þó ekki skyldur til að mæta. Fari sáttaukleitanir út um þúfur, verða þær ekki teknar upp aftur nema eftir beiðni beggja aðila.

En auch þess eru í gildi lög frá 18. des. 1930, um verndun vinnufriðarins. Í þeim lögum er svo á kveðið, að enginn hafi rétt til þess að hindra eða leitast við að hindra, nokkurn i að vinna eða leita sér vinnu, þvinga eða reyna til að þvinga verkamenn til þátttöku í verkfalli, til að yfirgefa vinnustað eða til að þvinga vinnuveitanda til að stöðva rekstur sinn, segja upp verkamönum eða hætta við að ráða verkamenn; skal líka vera vitalaust að vinna eða láta vinna þótt vinnustöðvun hafi verið yfirlýst. Óleyfilegt er að þvinga verkamann eða vinnuveitanda til að vera í félagi eða ganga úr félagi. Brot gegn lögum þessum sæta almennri opinberri ákæru, og fyrir þau er refsad með sektum eða allt að eins árs fangelsi.

### Sovétlýðveldin.

Frá keisaratímanum í Rússlandi eru ýms lög um viðskipti verkamanna og atvinnurekenda og um vinnudeilur. Fyrstu löggin í þá átt eru frá 1835 og er þar atvinnurekendum gert að skyldu að gera samning við verkamenn sína eða afhenda þeim ráðningarskýrteini, en verkamönum hinsvegar bannað að yfirgefa vinnustað fyrr en ráðningartími þeirra er úti. 1916 voru samþykkt lög um sáttanefndir í vinnudeilum fyrir allt ríkið, með 8 fulltrúum frá hvorum aðila á aðaliðnaðarsvæðinu.

Núgildandi vinnulöggjöf Rússia er frá 1928. Samkvæmt þessum lögum er deilunum skipt í 3 flokka: 1) Deilur, sem rísa út af breytingum á samningum; 2) Deilur, sem rísa út af framkvæmd gerðra samninga; 3) Deilur, sem rísa út af broti á samningi eða landslögum. Í fyrirtækjum, sem hafa rekstrarráð, skal stofna vinnudeilunefnd, sem í eru jafnmargir fulltrúar frá verkamönum og atvinnurekendum, og þessi nefnd hefir vald til að ákveða á hvaða launastigi (en þau eru alls 9) hver einstakur verkamaður skuli taka laun sín. Ef um samningsbrot er að ræða, er hægt að skjóta deilunni til sérstaks vinnudómstóls. Er einn slíkur vinnudómstóll í hverjum landshluta, skipaður 3 mönnum. Formaður hans skal vera dómari, en með honum sitja í dómstólnum einn fulltrúi frá verkamönum og einn starfs-

maður við ríkisfyrirtæki. Snerti deilan nýja samningsgerð eða túlkun gerðs samnings, er haegt að skjóta henni til sáttastofnunar, sem sett er á laggirnar í hverju einstöku tilfelli. Niðurstöður sáttastofnunar eru bindandi.

Þær reglur, sem hér er lýst að ofan, verða þó að víkja fyrir sérstökum stjórnarráðstöfunum, svo sem 5-ára áætluninni o. s. frv.

### Ítalía.

Par voru sett lög 15. júní 1893 um sáttanefndir, en þau höfðu litla „praktiska“ þýðingu. Næstu lög voru sett 22. ágúst 1915, um vinnudóm i hagsmunágreiningi, og miðubust eingöngu við framleiðslu, sem nauðsynleg taldist vegna ófriðarins. Í striðslok og eftir striðið voru sett ýmis ákvæði um þetta efni, en þegar facistar komust til valda var öllu fyrirkomulagi í þessum málum gerbreytt með tilskipun 19. okt. 1923. Núgildandi vinnulöggjöf Ítala er frá 3. apríl 1926, en kom raunverulega til framkvæmda 1934. Eftir þeim lögum eru verkbönn og verkföll bönnuð, og verfall heitir það, ef 3 eða fleiri verkamenn, með samkomulagi sín á milli haetta að vinna. Vinnudeilur heyra undir dómistóla ríkisins, en þátttaka verkamanns í verfalli varðar 100—1000 líra sekt og atvinnurekanda í verkbanni 10000—100000 líra sekt. Ef stjórnendur félaga koma af stað slikum deilum, varðar það 1—2 ára fangelsi. Það er þó talið löglegt að gera verfall ef atvinnurekandinn hefir ekki greitt kaup eða neitar að semja um ákvæðið kaup.

### Spánn.

Spánverjar hafa haft löggjöf um sáttatilraunir í vinnudeilum og vinnudóm síðan 1908. Ennfremur hafa verið sett lög um þetta efni 1926, 1929 og 1931.

### Portúgal.

Par var sett inn í hegningarlögin 10. des. 1852 ákvæði, sem lagði allt að 6 mánaða fangelsi við því að stofna atvinnurekenda- eða verkamannafélag til þess að hækka eða lækka kaup. Var þetta ákvæði afnumið af lýðveldisstjórninni 6. des. 1910, og 1912 var gefin út vinnulöggjöf, þar sem gert var ráð fyrir sáttatilraunum og vinnudómstólum. En 1932, eftir að lýðveldið var afnumið með byltingu, var gefin út ný stjórnarskrá, þar sem verkföll og verkbönn voru bönnuð, og svo fyrir mælt, að allar vinnudeilur skuli útkljá með dómi.

### Grikkland.

Par eru í gildi lög frá 21. apríl 1926, þar sem gert er ráð fyrir að setja á stofn sáttanefndir í einstökum vinnudeilum. Ef sáttatilraunir fara út um þúfur, eða ef aðili neitar að mæta, gefur sáttanefnd skýrslu til vinnudóms eða ríkisstjórnar um ástæðu til vinnustöðvunarinnar. Samkvæmt þessum lögum er um tvønnskonar vinnudómstól að ræða. Annan fyrir verkamenn við einkafyrirtæki og hinn fyrir opinbera starfsmenn.

### Jógvóslavía.

Par eru í gildi lög frá 21. des. 1921 og 28. febr. 1922 og iðnaðarlögin nýju frá 5. nóv. 1931, sem gera ráð fyrir viðtækri ihlutun af hálfu ríkisvaldsins auk sáttameitana, sem gert var ráð fyrir eftir hinum eldri lögum.

### Búlgaríu.

Par hafa nokkrum sinnum verið gerðar tilraunir til að setja löggjöf um þessi efni, en ekki tekist að neinu verulegu leyti.

### Rúmenía.

Par voru sett lög 4. sept. 1920 og 1927. Allir atvinnurekendur og verkamenn eru skyldir að leita til sáttanefndar áður en vinnustöðvun er hafin, en aðeins í fyrirtækjum ríkisins eða öðrum almennum fyrirtækjum er hægt að kveða upp bindandi dóm.

### Bandaríkin.

Í Bandaríkjunum hefir félagsskapur verkamanna allt fram á síðstu ár verið fámennur og lítis megnugur og um atvinnurekendafélög eftir Norðuráláfufyrirmynd hefir þar heldur ekki verið að ræða til neinna muna. Frá 1920—1924 fækkaði meðlimum verkamannasamtakanna úr rúmum 5 milljónum niður í ca. 3 milljónir og 700 þúsund. Í Bandaríkjunum eru til ýms ákvæði um vinnulöggjöf, er sett hafa verið bæði af sambandsþinginu í Washington og einstökum ríkjum. 1913 var stofnæð „The United States conciliation service“. Annars eru lög um þetta efni í Bandaríkjunum á margan hátt sniðin eftir brezkum lögum og aðallega á því byggð, að til staðar sé opinber stofnun, sem aðilar geti snúði sér til til að fá lausn deilumála sinna, ef þeir vilja. Á allra síðstu árum hefir verið sett margskonar löggjöf um viðskipti verkamanna og atvinnurekenda, en þá löggjöf hefir nefndin ekki haft aðstöðu til að kynna sér til neinnar hlitar, enda er þar að ýmsu leyti um sérstakar ástæður og nýmæli að ræða.

### Kanada.

Gildandi vinnulöggjöf Kanada er frá 31. mars 1925. Hefir hennar áður verið getið, en í henni eru meðal annars þau ákvæði að vinnustöðvun verði að tilkynna með 30 daga fyrirvara og að ekki megi hefja hana meðan verið er að leita um sættir. Það hefir ekki tekizt að framfylgja þessu ákvæði til hlitar, enda vægilega verið í sakirnar farið af stjórnarvöldunum. Þannig voru á árunum 1907—1925 lögin brotin 472 sinnum, en þeir, sem brotin frömuðu, látnir sæta ábyrgð fyrir dómkostlunum aðeins í 16 tilfellum. Það er þó talið að ákvæði laganna hafi veitt mikil aðhald í þessum efnum. Það er eftirtektarvert að á árunum 1907—1928 hafa það í 91 tilfelli af 100 verið verkamenn, sem leituðu aðstoðar hins opinbera. Með aðstoð sáttasemjara hafa 429 deilur verið leystar.

### Argentína.

Í því landi hafa verið alltiðar vinnudeilur og oft stórfelldar, sérstaklega á árunum 1907, 1917—21 og 1924. Par er þó engin löggjöf, er verulega þýðingu hefir um þessi efni.

### Bolivia.

Par voru sett lög 29. sept. 1920 um sáttanefnd, er skipuð skyldi 5 mönnum, 3 af hálfu hins opinbera og einum af hálfu hvors aðila. Verkfallsrétturinn er viðurkenndur. Þó ekki fyrir opinbera starfsmenn. En verkföll og verkbönn verða að tilkynnast yfirvöldunum með 5 daga fyrirvara og með 8 daga fyrirvara, ef um er að ræða fyrirtæki til almenningsafnota.

### Brasilía.

5. janúar 1907 voru sett lög þar sem svo er ákvæðið, að verkamannafélög, sem koma á stofn sáttanefndum eða vinnudómstól til að gera út um deilur sínar skuli viðurkennd sem löglegur fulltrúi verkamanna. Þá eru lög frá 19. mars 1931 um réttindi verklyðsfélaganna og sáttatilraunir. Samkvæmt þeim eru stofnaðar sáttanefndir með 9—12 meðlimum. Er  $\frac{1}{3}$  útnefndur af hvorum aðila og  $\frac{1}{3}$  af verkamálaráðuneytinu. Verkamenn eða atvinnurekendur, sem þátt eiga í deili, mega ekki

eiga sæti í slikri nefnd. Ef ekki takast sættir, geta aðilar skotið málí sinu til dóms og er hann bindandi. Á þessum lögum voru gerðar nokkrar breytingar 1932.

#### Chile.

Par voru sett lög um þessi efni 8. sept. 1924, en síðar breytt nokkuð 1927 og 1931. Bannað er að hefja vinnustöðvun fyrr en tilraunum til að fá sættir eða dóms-úrskurð er lokið, að viðlögðum sektum eða upplausn félaga, ef út af er brugðið.

#### Columbia.

Par voru sett lög 19. nóv. 1919 um réttindi verkalyðsfélaganna og lög 4. okt 1920 um sáttatilraunir og vinnudóm. Úrskurður dómstólsins er bindandi, ef um er að ræða fyrirtæki til almenningssnota og námurekstur ríkisins. Vinnustöðvun er bönnuð þangað til sáttamleitunum er lokið eða dómur fallinn.

#### Guatemala.

Par eru í gildi lög frá 1926 um sáttatilraunir og bindandi vinnudómstól, sem skipaður er af aðilum.

#### Mexico.

Verkamannahreyfingin í Mexico hefir lengi verið tiltölulega öflug. Í stjórnarskránni frá 1917 eru grundvallarákvæði um meðferð þessara málá. Er hér um að ræða bæði sáttatilraunir og vinnudómstól, sem fellir bindandi úrskurð i hagsmunuágreiningi. Svipar því þessum dómsstól til vinnulöggjafar Ástralíuríkjanna að ýmsu leyti.

#### Suður-Afríka.

Par eru í gildi lög frá 1924 um sáttanefndir og vinnudómstóla. Ef meiri hluti sáttanefndar leggur það til, og sættir hafa ekki tekist, er málid látið ganga til vinnudómstóls. Óheimilt er að hefja vinnustöðvun meðan sáttamleitanir standa yfir eða beðið er eftir dómi. Við fyrirtæki til almenningssnota ber að láta deiluna ganga til dóms. Námu- og iðnaðarmálaráðheðrann hefir heimild til að taka rekstur þeirra í hendur ríkisins ef vinnudeilur gefa tilefni til. Á árunum 1924 til ca. 1931 höfðu rúmlega 30 sáttanefndir verið starfandi. Í lok júní 1928 voru 4 úrskurðir frá vinnudómstólnum í gildi í landinu. Lögin virðast hafa mælt vel fyrir. T. d. sagði einn af fulltrúum verkamanna í þinginu 1930 að þetta væri þýðingarmesta iðnaðarlöggjöf, sem sett hefði verið síðan sambandsríkið var stofnað.

#### Ástralíu.

Eins og áður er sagt var vinnulöggjöf Ástralíu sett á árunum 1891—1894. Hún er sérstæð í sinni röð vegna hinna bindandi dómsstóla í hagsmunuágreiningi, sem par hafa verið í gildi lengst af. Vinnudómstóllinn hefir vald til að kveða svo á, að úrskurður, sem út er gefinn skuli gilda í öllum viðkomandi starfsgreinum eða landshlutum. En eins og áður er fram tekið, hefir þessari löggjöf verið allmjög breytt á allra síðstu árum og þýðing gerðardómsins nú miklu minni en áður var.

#### Nýja-Sjáland.

Par hefir vinnulöggjöfin tekið mjög svipaða stefnu og er þar sérstök áherzla lögð á að efla samtök bæði atvinnurekenda og verkamanna og koma á sættum í deilum áður en þeim er vísað til dóms. En vinnudómstóllinn hafði, eins og í Ástralíu, vald til að kveða upp dóm í hagsmunuágreiningi. Þessi löggjöf hefir þó verið afnumin að verulegu leyti, þannig að gerðardómurinn hefir ekki sama vald og áður,

### Indland.

Par voru sett lög um vinnudóm árið 1929, en sú löggjöf er enn á tilraunastigi eftir brezkri fyrirmynnd.

### Kína.

Par voru sett lög um þessi efni 1927—1928, þar sem gert er ráð fyrir sáttatilaunum og vinnudómstól með viðtæku valdi, sérstaklega ef um er að ræða fyrirtæki til almenningsnota. En þvingunarákvæði þessara laga voru afnumin 1930.

### Japan.

Par voru sett lög um sáttatilaunir í vinnudeilum árið 1926, en þau hafa að eins einusinni komið til framkvæmda.

Auk Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar hefir hér verið stuttlega gerð grein fyrir viðhorfi þessara mála í 35 ríkjum í öllum 5 heimsálfunum. Heimildir fyrir því, sem hér er sagt, eru að mestu leytar eftir ritum verkamálaskrifstofunnar í Genevé um þessi efni. En það ber að taka fram, að skýrslur verkamálaskrifstofunnar bera það ekki með sér í ýmsum tilfellum, hvort vinnudómar þeir, sem settir hafa verið á stofn, dæma um öll atriði vinnudeilna, eða aðeins um réttarágreining. Hinsvegar kemur það fram í öðrum fræðiritum skrifstofunnar um þessi mál, að dómstólar þeir, sem eingöngu dæma um réttarágreining eru í yfirlægð meiri hluta og að dómstólar í hagsmunuágreiningi tilkast yfirleitt ekki í öðrum löndum en þeim, sem horfið hafa út af grundvelli þingræðis og lýðræðis eða aldrei á honum staðið. Ástralía og Nýja-Sjáland eru, eins og fram kemur í nefndarálitinu, horfin frá að hafa slikt fyrirkomulag á dómunum. Í S.-Afríkulýðveldinu virðist það hinsvegar enn vera í gildi. En af yfirliti þessu má ljóst verða, að viðleitnin til að skipa þessum málum á viðunandi hátt að tilhlutun þess opinbera og þannig að draga úr því tjóni, sem af vinnudeilum hlýst, er nú orðin almenn um allan heim, þó að löggjöf hinna einstöku ríkja sé misjafnlega gömul og misjafnlega umfangsmikil og hafi horið misjafnan árangur.

Aftar í nefndarálitinu er birt eftirtektarverð skýrsla frá verkamálaskrifstofunni í Genevé, sem sýnir fjölda vinnustöðvana viðsvegar um heim um all-langt skeið. Gefur yfirlit þetta nokkra hugmynd um það hversu alvarlegt ból vinnustöðvanir eru fyrir þjóðfélögum og að engin furða er, þó að þetta fyrirbrigði hafi gert vart við sig hér á voru landi, eins og alstaðar annarstaðar, jafnhliða þróun atvinnulifsins í nútímahorf.

## 6. Réttarstaða verklýðsfélaga í ýmsum löndum.

Pess var áður getið í þessu nefndaráliti að það hafi verið eitt hið erfiðasta viðfangsefni í flestum löndum hvaða réttarstöðu hinum nýju samtakaheildir, félög verka-fólks, ættu að hafa innan þjóðfélagsins. Í því sambandi má nefna t. d. félagsréttinn og hversu hann skuli verndaður, verkfallsréttinn og réttinn til að vinna. Í yfirlitsritum verkamálaskrifstofunnar er allmikið um þessi mál raett og dregnar saman upplýsingar frá einstökum löndum um lagaákvæði er að þessum málum lúta.

Lagalegur réttur til að mynda félög er í flestum löndum viðurkenndur. En í sumum stjórnarskrám er það fram tekið, í hvaða tilgangi slikar félagsmyndanir séu leyfilegar. Áður var það víða fram tekið í lögum, að félög atvinnurekenda, sem stofnuð væru í þeim tilgangi að hækka verð eða lækka laun, væru ólögleg.

Sömuleiðis félög verkamanna til þess að hækka laun og bæta kjör sin. En þegar það var gert löglegt að stofna félög í framangreindum tilgangi, þá þyddi það viðurkenningu á rétti verkamanna og atvinnurekenda til þess að mynda samtök í þeim tilgangi, sem áður hafði verið bannaður. Í stjórnarskrá Íþýzkalands var það t. d. sérstaklega tekið fram að þjóðfélagið ábyrgðist réttinn til að mynda félög í því skyni að vernda og bæta kjör verkamanna. En það er sitt hvað að viðurkenna félagsréttinn eða að gera sérstakar ráðstafanir í lögum honum til verndar, ef á hann er ráðist. Þegar um er að ræða slikan félagsrétt, á það vitanlega „teoretiskt“ bæði við atvinnurekendur og verkamenn, en raunverulega er hér fyrst og fremst að ræða um viðhorf veikari aðilans þ. e. verkamannsins.

Það er hægt að vernda félagsrétt verkamanna í lögum sérstaklega á tvennan hátt. Atvinnurekandi hefir á valdi sínu að neita að ráða verkamann eða segja honum upp vinna vegna þess að hann er meðlimur í verkalýðsfélagi og meðlimir atvinnurekendafélags geta haft samtök um slikt. Vernd gegn þessu er óbein vernd á félagsrétti verkamannanna. Í öðru lagi getur atvinnurekendi heimtað það ákvæði tekið í samning, að verkamaður undirgangist að vera ekki í verkamannafélagi eða gangi úr því, ef hann þegar er það. Slik samningsákvæði rýra félagsréttinn eða gera hann að engu meðan samningurinn gildir. Hindrun slíksra samningsákvæða er því líka óbein verndum félagsréttarins. Í Íþýzkalandi voru öll samningsákvæði, sem á bann hátt rýðu félagsréttinn lýst ólögleg. Í stjórnarskrá Tékka eru slike takmarkanir félagsréttarins taldar ólöglegar án þess þó að nokkur viðurlög séu við lögð. Í belgískum lögum frá 24. maí 1924 er lögð refsing við hótunum í garð verkamanna og það er sérstaklega bannað þar í landi að beita nokkurskonar þvingunar ráðstöfunum til þess að hindra verkamenn í að mynda félög. Rúmönsk lög og lög í Brasilíu innihalda samskonar ákvæði. Í grískum lögum frá 1914 er það bannað að segja upp verkamanni eða hafa í frammi hótanir við hann til þess að hindra hann í að ganga í verklýðsfélag. Í Ástralíu eru samskonar ákvæði og refsing lögð við. Í Frakklandi hafa margir dómtólar verið þeirrar skoðunar, að uppsögn verkamanss eingöngu vegna þess að hann tilheyrði verkamannafélagi, sé ólöglegur verknadur. Í lögum í Belgíu og Tékkóslóvakíu er bannað að gera það að skilyrði í samningi, að verkamaður sé ekki í félagi. Í ýmsum samningum, sem gerðir hafa verið á Norðurlöndum er þetta sérstaklega tekið fram. Í Frakklandi hafa dómtólnir hins vegar haldið því fram, að slik ákvæði væru ekki ólögleg, ef þau væru tekin upp í samninga. Í sumum öðrum löndum t. d. Sviss, Bretlandi, Kanada, Hollandi og Bandaríkjum er félagsrétturinn ekki verndaður á þenna hátt. Þar er það talið koma í bága við almennt einstaklingsfrelsi. Lög þessa efnis, sem samþykkt hafa verið í Bandaríkjum, hafa verið felld úr gildi af hæstarétti og talin vera striðandi gegn stjórnarskránni. Í belgískum lögum eru slike samningsákvæði bönnuð, ef þau eru viljandi gerð til að rýra félagsréttinn. Í Rúmeníu verður að sanna að uppsögn verkamannsins hafi miðað að því að rýra félagsrétt hans. Í Frakklandi verður að sanna, að það að viðkomandi var í verkamannafélagi hafi verið eina ástæðan til uppsagnarnarinnar. En í Ástralíu er sönnunarskyldan fyrir því, að aðrar ástæður hafi verið fyrir hendi en þessar, lögð á herðar atvinnurekendanum.

Í Ítalíu þurfa verkamannafélögini að hafa ákvæðna lögmarkstölu meðlima, 10% af þeim, sem vinna í starfsgrein, til þess að hljóta viðurkenningu. Samma er að segja um Grikkland. Í sumum löndum er ákvæði viðvirkjandi þjóðerni verkamanna og þá sérstaklega þeirra, sem rétt hafa til að stofna félög. Í Eistlandi, Ungverjalandi, Leitlandi og Ítalíu hafa aðeins innfæddir menn rétt til að stofna félög. Í Eistlandi og Leitlandi og á Ítalíu hafa útlendingar, sem hafa verið í landinu að minnsta kosti 10 ár, rétt til að ganga í verklýðsfélag, sem stofnað hefir verið af innfæddum mönnum. Í nýlendum Frakka mega innfluttir verkamenn ekki ganga í verkalýðsfélag. Í Rússlandi er atvinnurekendum ekki heimilt að ganga í félög.

Þá er rétturinn til að mynda sameiginleg félög verkamanna og atvinnurekenda á ýmsa vegu, og ýms lönd hafa sérstök ákvæði um það atriði. Sumstaðar er það áskilið að í sama félagi megi ekki vera nema menn i sömu starfsgrein.

Þá eru í lögum ýmsra landa ákvæði um tilgang verkamannafélaga. Í Grikklandi er það bannað að framkvæmdaneftir verkamannafélags taki laun fyrir störf sín.

Viða eru í lögum sérákvæði um eignir verkamannafélaga og hversu með þær skuli farið. Enn fremur um fjárhagslega ábyrgð þeirra. Í Frakklandi eru byggingar, sem notaðar eru fyrir fundi eða bókasöfn og innanstokksmunir þeirra ekki aðfara-hæfir, ekki heldur vissar tegundir styrktarsjóða. Það er almenn regla, að stéttarfélög, sem eru „juridiskar persónur“ megi höfða mál og að mál megi höfða gegn þeim. Í Chile má verkamannafélag aðeins höfða mál, sé um almenna hagsmuni félagsins að ræða. Í Frakklandi má verkalyðsfélag höfða mál vegna einstakra meðlima sinna út af vinnu. Í Þýzkalandi mátti lögsækja félög, sem ekki voru „juridiskar persónur“, en þau máttu ekki höfða mál. Í Bandaríkjum hefir hæstiréttur úrskurðað, að félög megi höfða mál og að þau megi lögsækja undir vissum kringumstæðum þó að þau séu ekki „juridiskar persónur“. Um brezkar reglur í þessum efnum er ýtarlega rætt í skýrslu brezka vinnumálaráðuneytisins hér að framan.

Viðkomandi refsiákvæðum bera einstaklingar oft ríka ábyrgð. Þetta hefir í mörgum tilfellum reynzt hættulegt fyrir stjórn og starfsmenn verklýðsfélaganna og getur að vissu leyti í því falist nokkrur takmörkun á félagsréttinum eða a. m. k. félagsstarfsemiinni.

Verkfallsrétturinn er í ýmsum löndum hindraður með lögum, eins og áður er fram tekið hér að framan. En þó að ekki sé um slik almenn ákvæði að ræða, sem banna vinnustöðvanir í heild, þá er í flestum löndum meiri og minni takmarkanir á verkfallsréttinum og ýmsar þeirra eru viðurkenndar sem réttmaðar af verkamönnum sjálfum og eru jafnvel þeim til hagsbóta. Þannig er sá réttur mjög takmarkaður hjá landbúnaðarverkamönnum margra landa. Í öllum löndum er sjómönnum bannað að gera verkfall meðan þeir eru á sjó. Þá er í mörgum löndum þeim mönn um bannað að gera verkfall, sem eru í þjónustu hins opinbera eða vinna að sérstaklega þýðingarmikilli framleiðslu. Í Hollenzkum lögum frá 1903 og ungverskum lögum frá 1914 er starfsmönnum við járnbrautir bannað að gera verkfall. Í Grikklandi og Jugoslaviú hafa verkföll járnbrautarmanna verið hindruð með því að kalla þá til herþjónustu. Svipað var gert í Frakklandi 1910 og mun hafa komið til orða í verkföllunum, sem urðu í París um síðustu áramót. Það er yfirleitt föst venja, að embættismenn ríkisins eru, á einn eða annan hátt, hindraðir í að gera verkfall. Í Belgíu, Frakklandi og Hollandi er bannað að beina verksfalli gegn 3 manni. Í Bretlandi eru verkföll til að þvinga stjórnarvöldin bönnuð. Samúðarverkföll eru viðast talin leyfileg, en þó ekki alstaðar. Um það er allmjög deilt, hvort verksfall í þeim tilgangi að útiloka ófélagsbundna menn frá vinnu sé löglegt og sömuleiðis hvort leyfilegt skuli vera að setja inn í samning um einkarétt félagsbundinna manna til vinnunnar og að verkamaður megi ekki vinna hjá atvinnurekenda, sem ekki hefir gert slika samninga. Í belgískum lögum er það refsviert að þvinga verkamann til að ganga í verkamannafélag. Verksfall í þessum tilgangi er því refsviert samkvæmt hegningarlögnum. Í Danmörku eru ákvæði um það í septembersettinni, að atvinnurekendur ráði sjálfir hvaða verkamenn þeir hafa í vinnu. Í Bandaríkjum hafa verið ýmsar stefnur um þetta. Í Frakklandi hafa slik samningsákvæði, sem útiloka ófélagsbundna verkamenn, verið úrskurðuð lögleg. Hinsvegar hefir þar verið talið ólöglegt að gera verksfall í því skyni að útiloka einstaka menn. Í Bretlandi hafa skoðanir verið skiptar um þetta hjá dómstólunum. Í Sviss hefir ríkisrétturinn úrskurðað að verksfall til að útiloka ófélagsbundna verkamenn væri löglegt. Síðari úrskurðir þar hafa þó gengið í þá átt að ólöglegt væri að þvinga verkamann til að ganga í félög, sem hefðu sósialisma sérstaklega á stefnuskrá sinni.

Í mörgum löndum eru ákvæði um það, að ekki megi lýsa yfir verkfalli fyrr en atkvæðagreiðsla hefir farið fram, og er þá í ýmsum tilfellum heimtaður sérstakur meirihluti með verfallinu. Þetta varð t. d. að samkomulagi í septembersættinni. Í Grikklandi verður að taka slika ákvörðun með leynilegri atkvæðagreiðslu. Þá er í mörgum löndum ákvæði um að ekki megi hefja verkfall fyrr en tími hefir unnist til að láta sáttamleitanir fara fram, eða vísa málinu til dóms. Styrkur til verkamanna í verkfalli er bannaður í Ungverjalandi, Ítalíu og í S.- og V.-Ástralíu. Ef verkfall hefir í för með sér brot á gerðum samningum, verður það yfirleitt undir öllum kringumstæðum talið ólöglegt og í mörgum löndum eru sérákvæði um skaðabótaskyldu félaga, sem slikt gera. Hinsvegar er almennt litið svo á að verkfall, sem beint er gegn atvinnurekanda, sem brotið hefir gerða samninga, sé lögleg sjálfsvörn.

„Svartir“ listar og „hvítir“ listar eru talsvert algeng fyrirbrigði í vinnudeilum. Svartir listar eru það kallaðir, þegar atvinnurekandi lætur skrá nöfn þeirra verkamanna, sem hann telur sér að einhverju leyti óþægilega, t. d. sem standa framarelda í félagsskap verkamanna o. s. frv., og lætur þessu lista ganga til annara atvinnurekenda í því skyni, að verkamenn, sem á listanum standa fái hvergi vinnu. Í ýmsum ríkjum N.-Ameriku hafa slíkir listar verið bannaðir með lögum. „Hvitir“ listar nefnast það, þegar verkamannafélögin láta gera skrá yfir einstaka atvinnurekendur eða fyrirtæki, sem eru vinveitt verkamannasamtökunum. Önnur aðferð, sem stundum hefir verið heitt í sömu átt er að verkamenn setja sérstök merki „union label“ á þær vörur, sem framleiddar eru af félagsbundnum verkamönnum.

Viðkomandi aðstöðu löggjafarinnar til „kollektivra“ vinnusamninga eru 3 hugsanlegar leiðir:

1. Að félögum eða sambandi þeirra sé bannað að gera vinnusamninga.
2. Að félagi sé gefinn einkaréttur til að gera slika samninga.
3. Að félögum sé veittur þessi réttur en einnig hóp af ófélagsbundnum mönnum.

Fyrsta leiðin hefir svo vitað sé hvergi verið farin. Hinsvegar er það algengt að litið sé á samninga á sama hátt, hvort sem þeir eru gerðir af félögum eða hópi einstakra ófélagsbundinna manna. Að félög hafi einkarétt til að gera slika samninga bekkit i ýmsum löndum svo sem Finnlandi, Ítalíu, Noregi, Hollandi, í Ástralíu og í Rússlandi.

I flestum löndum tilökast það, að verkamannafélögin hafi sérstakan trúnaðarmann til að gæta hagsmuna sinna í atvinnusyrirtækjum. Er slikt yfirleitt tekið í vinnusamninga. Sumstaðar er þó í lögum gert ráð fyrir slíkum trúnaðarmönnum (workers councils, Betriebsräte), og hversu þeir skuli valdir.

## IV. Skrá um vinnustöðvanir í ýmsum löndum.

(Samkvæmt skýrslum frá vinnumálaskrifstofu Þjóðabandalagsins.)

	Vinnustöðvanir	Verkamenn sem misstu vinu	Tapaðir vinnudagar
<b>Suður-Afrika:</b>			
1926	3	768	890
1927	12	5158	9126
1928	10	5746	10535
1929	10	2962	"
1930	12	5050	2600
1931	19	6278	54575
1932	"	"	"
<b>Pýzkaland:</b>			
1926	383	104711	1325309
1927	871	503217	6043698
1928	763	780396	20288211
1929	441	234543	4489870
1930	366	224983	3935977
1931	504	178223	2001978
1932	642	127587	1112056
<b>Argentina:</b>			
1926	62	15405	251487
1927	56	26888	363492
1928	137	73989	251054
1929	116	53101	543939
1930	127	38299	858219
1931—1932	"	"	"
<b>Astralía:</b>			
1926	360	113034	1310261
1927	441	200757	1713581
1928	287	96422	777278
1929	259	104604	4461478
1930	183	54222	1511241
1931	134	37667	245991
1932	"	"	"
<b>Austurríki:</b>			
1926	204	21943	297684
1927	216	35300	686560

	Vinnustöðvanir	Verkamennum sem misstu vinnu	Tapaðir vinnudagar
1928	266	38290	658024
1929	226	30446	388336
1930	88	7173	49373
1931	68	10264	132757
1932	"	"	"
<b>Belgia:</b>			
1926	140	82266	
1927	186	45071	1658836
1928	192	77785	2254424
1929	168	60557	799117
1930	93	64718	781646
1931	74	23010	399037
1932	63	162693	580670
<b>Búlgaria:</b>			
1926	3	372	1806
1927	23	2740	57196
1928	21	446	2382
1929	36	20479	378236
1930	15	1600	2581
1931	34	6544	83622
1932	18	1191	7021
<b>Canada:</b>			
1926	77	23834	266601
1927	74	22299	152570
1928	98	17581	224212
1929	90	12946	152080
1930	67	13768	91797
1931	88	10738	204238
1932	116	23390	255000
<b>Kína:</b>			
1926	"	"	"
1927	"	"	"
1928	120	213966	3010926
1929	111	68867	751146
1930	87	64130	810102
1931	"	"	"
1932	"	"	"
<b>Danmörk:</b>			
1926	32	1050	23000
1927	17	2851	119000
1928	11	469	11000
1929	22	1040	41283
1930	37	5349	144000
1931	16	3692	246000
1932	15	5756	87000

	Vinnustöðvanir	Verkamenn sem misstu vinnu	Tapaðir vinnudagar
<b>Spánn:</b>			
1926	93	21851	247223
1927	107	70616	1311891
1928	87	70024	771293
1929	96	55576	313065
1930	402	247460	3745360
1931	734	236177	3843260
1932	830	"	"
<b>Estland:</b>			
1926	14	660	1196
1927	5	218	3067
1928	5	1098	49336
1929	16	1915	6395
1930	7	154	338
1931	3	67	519
1932	5	1110	2549
<b>Bandaríkin:</b>			
1926	1035	329592	"
1927	734	349434	37799394
1928	629	357145	31556947
1929	903	230463	9975213
1930	653	158114	2730368
1931	894	279299	6386183
1932	808	242826	6462973
<b>Finnland:</b>			
1926	72	10230	386355
1927	79	13368	1528182
1928	71	27226	502236
1929	26	2443	74887
1930	11	1673	12120
1931	1	53	106
1932	3	284	2301
<b>Frakkland:</b>			
1926	1678	366142	4072163
1927	404	112634	1046019
1928	823	210488	6376675
1929	1217	241040	2764606
1930	1220	324316	"
1931	262	35745	"
1932	"	"	"
<b>Indland:</b>			
1926	128	186811	1097478
1927	129	131655	2019970
1928	203	506851	31647404

	Vinnustöðvanir	Verkameni sem misstu vinnu	Tapaðir vinnudagar
1929	141	532016	12165691
1930	148	196301	2261731
1931	166	203008	2408123
1932	118	128099	1922437
<b>Stóra Bretland og Norður-Írland:</b>			
1926	323	2734000	162230000
1927	308	108000	1170000
1928	302	124000	1390000
1929	431	533000	8290000
1930	422	307000	4400000
1931	420	490000	6980000
1932	389	379000	6490000
<b>Ungverjaland:</b>			
1926	56	9580	51965
1927	84	24803	294941
1928	31	10289	131174
1929	63	15065	149204
1930	35	5770	79596
1931	38	11195	189781
1932	18	4600	26700
<b>Írska fríríkið:</b>			
1926	57	3455	85345
1927	53	2312	64020
1928	52	2190	54292
1929	53	4533	101397
1930	83	3410	77417
1931	60	5431	310199
1932	70	4222	42152
<b>Ítalia:</b>			
1926	"	"	"
1927	169	18660	"
1928	77	2999	"
1929	83	3252	"
1930	82	2863	"
1931	"	"	"
1932	"	"	"
<b>Japan:</b>			
1926	495	67234	722292
1927	383	46672	791599
1928	393	43337	323805
1929	571	77281	678670
1930	900	79791	1049474
1931	984	63305	960774
1932	665	35961	513249

	Vinnustöðvanir	Verkamenn sem misstu vinnu	Tapaðir vinnudagar
<b>Lithauen:</b>			
1926 .....	53	5065	63968
1927 .....	95	5273	60267
1928 .....	179	13431	62254
1929 .....	362	26462	45838
1930 .....	38	1547	12077
1931 .....	42	2903	14261
1932 .....	19	4400	22960
<b>Noregur:</b>			
1926 .....	113	51487	2204365
1927 .....	96	22456	1374089
1928 .....	63	8042	363844
1929 .....	73	4796	196704
1930 .....	94	4652	240454
1931 .....	82	59524	7585832
1932 .....	"	"	"
<b>Nýja-Sjáland:</b>			
1926 .....	59	6264	47811
1927 .....	38	4476	12485
1928 .....	39	9258	21997
1929 .....	47	7151	25889
1930 .....	38	5467	31669
1931 .....	24	6356	48486
1932 .....	23	9335	108528
<b>Palestina:</b>			
1926 .....	21	"	8863
1927 .....	20	562	13469
1928 .....	22	886	4379
1929 .....	45	679	8773
1930 .....	22	393	9234
1931 .....	31	1385	6786
1932 .....	47	1300	10060
<b>Holland:</b>			
1926 .....	212	"	"
1927 .....	230	13500	220500
1928 .....	205	16930	647700
1929 .....	226	21310	990800
1930 .....	212	10970	273000
1931 .....	215	28210	856100
1932 .....	216	32010	1772600
<b>Pólland:</b>			
1926 .....	590	145493	1422540
1927 .....	635	236552	2483165

	Vinnu- stöðvanir	Verkamenn sem misstu vinnu	Tapaðir vinnudagar
1928 .....	776	354498	2787775
1929 .....	510	221673	1071816
1930 .....	330	53136	427127
1931 .....	363	109074	636921
1932 .....	"	"	"
<b>Rúmenía:</b>			
1926 .....	88	20899	326086
1927 .....	51	6933	58291
1928 .....	57	10801	109745
1929 .....	127	31456	411572
1930 .....	101	17337	180002
1931 .....	71	14473	184593
1932 .....	"	"	"
<b>Svíþjóð:</b>			
1926 .....	206	52891	1711000
1927 .....	189	9477	400000
1928 .....	201	71461	4835000
1929 .....	180	12676	667000
1930 .....	261	20751	1021000
1931 .....	193	40899	2627000
1932 .....	175	50000	3000000
<b>Sviss:</b>			
1926 .....	"	"	"
1927 .....	26	2058	34160
1928 .....	45	5474	98015
1929 .....	39	4661	99608
1930 .....	31	6397	265695
1931 .....	25	4746	73975
1932 .....	38	5083	159154
<b>Tékkoslóvakia:</b>			
1926 .....	163	49220	734907
1927 .....	208	172043	1466045
1928 .....	282	101517	1728419
1929 .....	230	63564	753205
1930 .....	159	30808	423126
1931 .....	254	49508	498891
1932 .....	311	"	"
<b>Uruguay:</b>			
1926 .....	5	600	11952
1927 .....	13	4737	53350
1928 .....	3	289	420600
1929 .....	31	2011	90600
1930 .....	8	1361	11100
1931 .....	56	1900	102600
1932 .....	"	"	"

	Vinnustöðvanir	Verkamenn sem misstu vinnu	Tapaðir vinnudagar
<b>Jugóslavia:</b>			
1926 .....	"	10979	157485
1927 .....	"	7588	239183
1928 .....	"	5600	117500
1929 .....	"	2246	12897
1930 .....	"	4879	48528
1931 .....	5	1253	14204
1932 .....	4	418	2254

## V. Bréf sáttasemjara ríkisins til nefndarinnar.

### SÁTTASEMJARI Í VINNUDEILUM

Reykjavík, 8. febr. 1937.

Samkv. tilmælum yðar skal hér með gefið eftirfarandi yfirlit um úrslit atkvæðagreiðslna um miðlunartillögur, sem bornar hafa verið fram og farið með samkvæmt 4. gr. sbr. 6. gr. laga um sáttasemjara í vinnudeilum.

A. Kaupdeilur milli Sjómannafélaga Reykjavíkur og Hafnarfjarðar annarsvegar og togaracigenda hinsvegar.

1. Tillga 23. okt. 1926:

Sjómenn: 149 já, 620 nei, 1 ógilt.

Útgerðarmenn: 26 já, 1 nei.

Atkvæðisbærir sjómannafélagar sagðir vera 1450.

2. a. Tillaga 28. des. 1928:

Sjómenn: 186 já, 384 nei, 5 auðir seðlar.

Útgerðarmenn: 2 já, 27 nei.

b. Tillaga 18. febr. 1929:

Sjómannafélag Reykjavíkur: 137 já, 313 nei, 4 auðir, 4 ógildir.

Sjómannafélag Hafnarfjarðar: 63 já, 11 nei, 1 auður, 1 ógildur.

Sjómenn: 200 já, 324 nei, 5 auðir, 5 ógildir.

Útgerðarmenn: 2 já, 27 nei, 2 auðir.

3. Tillaga 12. jan. 1935:

Sjómenn: 184 já, 101 nei, 7 auðir, 2 ógildir.

Útgerðarmenn: 2 já, 27 nei, 2 auðir.

Ókunnugt um tölu atkvæðisbærra sjómannna 1928, 1929 og 1935.

B. Kaupdeila Sjómannafélags Reykjavíkur (hásetar og kyndrar) og Eimskipafélags Íslands.

Tillaga 25. jan. 1929: Samþykkt af samninganefnd sjómannna. Felld af samninganefnd Eimskips.

C. Kaupdeila milli sveina og meistarar í húsgagnasmíði.

Tillaga 4. okt. 1935. Atkvæðisbærir sveinarar 48, meistarar 21:

Sveinarar: 10 já, 28 nei, 1 auður.

Meistarar: 15 já.

Oftar en hér segir, hefir sáttasemjari ekki borið fram tillögur, er farið hefir verið með samkv. áðurnefndum hætti og eins og sjá má hefir aldrei fengizt samþykki beggja aðila.

Virðingarfyllst

Björn Þórðarson.

## VI. Tillögur nefndarinnar.

### 1. Yfirlit.

I nefndinni hefir náðst samkomulag um að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um lausn þessa máls. Felast tillögur nefndarinnar í frumvarpi því um „stéttarfélög og vinnudeilur“, sem prentað er ásamt skýringum hér á eftir. Leggur nefndin til, að frumvarp þetta verði lagt fyrir Alþingi það, sem kvatt verður saman nú í febrúarmánuði.

Um efni þessa frumvarps og aðstöðu nefndarinnar til málsins skal það fram tekið, er hér fer á eftir.

Nefndin er sammála um það, að eðlilegt sé, að sett sé hér á landi, eins og annars staðar, löggjöf, sem miðist við þau félagslegu viðfangsefni, sem skapast hafa af þróun atvinnuháttanna hina síðustu áratugi. Hún tehr, að stéttarsamtókin og viðskipti verkamanna og atvinnurekenda séu orðin svo þýðingarmikill þáttur í þjóðféluginu, að gefa þurfi meiri gaum að þeim en hingað til hefir verið gert í löggjöf landsins. Hún telur, að löggjafanum beri að tryggja það, að af árekstrum milli þessara aðila, vinnu-deilunum, hljótist sem minnst tjón fyrir atvinnulifið í landinu.

Hinsvegar er nefndinni vel ljóst, hvílikur vandi fylgir setningu slikrar löggjafar. Baráttan um kaup hins vinnandi fólks er hér eins og í flestum öðrum löndum á-kaflega viðkvæmt mál. Þeir, sem að því standa að setja löggjöf, sem að einhverju leyti snertir þau mál almennt, eiga það jafnan á hættu, að löggjöfin verði talin ganga á hlut einhvers aðila, en styrkja aðstöðu annara. Um þau efni er oft meir af tilfinningu rætt en rökum. Auk þess er hér um að ræða löggjöf, sem mestur hluti þjóðarinnar veit lítil deili á enn sem komið er, og er þeim mun auðveldara að gera hana tortryggilega á einn eða annan hátt. Er að þessu nokkuð vikið í upphafi nefndarálitsins.

Að öllu athuguðu telur nefndin að lita þurfi á þetta verkefni frá þrem jafnhliða sjónarmiðum. Að löggjöf sú, er sett verður, nái tilgangi sínum af hálfu þjóðfélagsins. Að hún sé sanngjörn gagnvart aðilum þeim, er í hlut eiga og að hún þegar í upphafi hafi á bak við sig svo velviljað almenningsálit sem unnt er. Því væri æskilegt, að ekki þyrfti að vera um harða andstöðu — allra silt rökstudda — gegn henni að ræða, hvorki frá verkamönnum né atvinnurekendum. Á þessum síðari atriðum veltur það áreiðanlega að mjög miklu leyti, hvort löggjöfin er framkvæmanleg. En reynist hún ekki framkvæmanleg, nær hún auðvitað ekki tilgangi sinum og er pappírsgagn eitt, eins og sumstaðar hefir orðið um viss ákvæði slikrar löggjafar í öðrum löndum.

Í þessu efni hefir nefndin talið, að fyrst og fremst bæri að fara eftir reynslu annara þjóða, sem þessum málum eru vanari orðnar en við Íslendingar. Af reynslu erlendra þjóða ber oss að læra, hvaða aðferðir og fyrirkomulag hefir gefið bezta raun, þegar til lengdar lætur, á hverju hefir verið byrjað, hvað hefir reynzt óvinsælt eða óframkvæmanlegt o. s. frv. Þá verður það og að teljast mikilsvert, að fyrirmyndirnar séu sóttar til þeirra þjóða, sem framarlega standa að menningu og oss Íslendingum

eru skyldar i fari og stjórnarháttum, og þó þannig, að nokkuð sé tekið frá hverjum og meðalvegir farnir.

Eftir þessum sjónarmiðum hefir nefndin samið tillögur sínar. Hún hefir því fyrst og fremst haft fyrir augum fordæmi Norðurlandanna briggja, sem oss standa næst, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar og þar næst önnur lýðræðislönd þessarar álfu. En jafnframt lögum þessara landa og annara hefir hún þá gefið gaum að því, sem tilkast og tilkast hefir í samningum og venjum hér og annarsstaðar, svo og íslenzkum staðháttum, þetta ber að hafa i huga, þegar tillögur hennar eru athugaðar og gagnrýndar.

Frumvarp nefndarinnar um „stéttarfélög og vinnudeilur“ er í 73 greinum og skiptist í 4 aðalkafla:

- I. Um réttindi stéttarfélaga og afstöðu þeirra til atvinnurekenda.
- II. Um verkföll og verkbönn.
- III. Um sáttatilraunir í vinnudeilum.
- IV. Um Félagsdóm.

I. kafla eru tekin upp ýms ákvæði um réttarstöðu stéttarfélaga um almenn réttindi til félagsmyndunar, um tilgang þeirra og stærð félagssyðs, inntökuskilyrði, samningsaðild, samningslegar skuldbindingar, fjárhagslega ábyrgð o. s. frv. Í þessum kafla eru ýms ákvæði, sem eiga að tryggja það, að ekki sé óeðlilega gengið á rétt verkamanna eða skoðanafrelsi þeirra skert. M. a. er stéttarfélögum heimilað að skipa sér trúnaðarmenn á vinnustöðvum úr höpi vinnandi manna þar, er gæti þess að haldnið ir séu samningar og eru ákvæði um að vernda slika trúnaðarmenn gegn því, að þeir séu látnir gjalda starfa síns. Hefir trúnaðarmannafyrirkomulagið þegar verið tekið inn í nokkra íslenzka vinnusamninga, og erlendis er það mjög tit. Ákvæði frv. ná ekki til landbúnaðar eða sjómennsku á smábátum.

Þá eru í þessum kafla almenn ákvæði um vinnusamninga, þar sem stéttarfélög er aðili, að þeir skuli skriflegir vera og hversu langur samningstími og uppsagnar frestur skuli teljast, ef eigi er tilgreint í samningnum, enn fremur, eins og áður er getið, um ábyrgð á samningi. Nefndin hefir talið rétt, að samning megi fella úr gildi með dómi ef hlutfallið milli vinnulauna, framfærslueyris og framleiðslukostnaðar hefir ráskazt mjög verulega. Er með þessu stuðlað að því, að sem viðast séu samningar gerðir, þar sem óttinn við að vera samningsbundinn á gerbreytingatímum er þá síður fyrir hendi. En almennir vinnusamningar eru vafalaust ein bezta tryggingin fyrir ynnufriði.

I. II. kafla eru þessi ákvæði helz:

Viðkomandi ákvörðun vinustöðvunar eru sett þau öryggisákvæði, að ef almenn atkvæðagreiðsla í felagi fer fram um það hvort hefja skuli vinnustöðvun, skuli sú átkvæðagreiðsla vera skrifleg og leynileg og eigi standa skemur en 24 klukkustundir. Þannig, að tryggja að þátttaka verði almennt og eigi geti ráðið augnabliksákvörðun lítlis hluta félagsmanna. Ef trúnaðarmannaráðsfundur (í Dagsbrún, stærsta verkamannafelagi landsins er t. d. 100 manna trúnaðarmannaráð) tekur ákvörðunina, þarf ¾ atkvæða fundarmanna til að samþykka vinnustöðvunina. Er það hliðstætt „septembersettinni“ dönsku.

Vinnustöðvun verður að tilkynna gagnaðila og sáttasemjara með a. m. k. 7 daga fyrirvara. Er þarna farið sem næst meðalvegi þess, sem í lögum er annarsstaðar á Norðurlöndum. Á þessum tíma er ætlast til að sáttatilraunir fari fram og að hægt sé að koma verðmætum þannig fyrir, að eigi séu þau i bráðri hættu fyrir eyðileggingu, er vinnustöðvun ber að höndum.

Það ákvæði er upp tekið, að ólöglegt sé að gera verkfall eða verkbann í því skyni að þvinga stjórnarvöld landsins til að framkvæma ekki lög eða gera eitt eða annað, sem lög mæla ekki fyrir um, að gert skuli. Slik ákvæði eiga viða stoð í erlendum lögum og viðburðir síðustu ára hafa sýnt, að þeirra getur verið þörf hér á landi. At-

vinnufyrirtæki ríkisins verða þó að sitja við sama borð og aðrir atvinnurekendur í þessu efni.

Um leið og tekin eru inn í frumvarpið ákvæði um að lýsa verkföll í ýmsum tilfellum ólögleg og setja tiltekin skilyrði fyrir því, að verkföll megi lögleg telfast, hefir nefndinni þótt rétt og talið að affarasælast myndi verða að banna í lögnum tilraunir þær, sem einstaka sinnum eru gerðar til að fá menn úr félögum þeim, er verkfall hafa gert, til að halda áfram eða taka upp vinnu í trássi við samþykkt i félagi sinu. Sílfar tilraunir hafa yfirleitt aldrei borið þann árangur að hindra vinnustöðvunina, og íslenzkum löggreglumönnum er í lögum frá 1933 bannað að blanda sér inn í slík átok til annars en að afstýra meiðslum. Stundum hafa þó af þessu hlotizt meiðsl og venjulega gerir það deiluna mun harðari og ver viðráðanlega en hún ella hefði verið. Vitanlega kemur þetta ákvæði frv. ekki til greina nema um löglegt verkfall sé að ræða. Og ófélagsbundna menn snertir það ekki, t. d. baendur, sem vilja vinna að því að flytja nauðsynjar til heimila sinna eða koma eigin framleiðslu á markað.

III. kafli frumvarpsins er um sáttatilraunir í vinnudeilum. Eru nágildandi lög um það efni þar til muna aukin og endurbætt með hliðsjón af íslenzkum staðháttum og lögum annara þjóða. Þannig er nú gert ráð fyrir því, að auk aðalsáttasemjara verði tilnefndir þrír aðrir sáttasemjarar, einn á Vestfjörðum, einn á Norðurlandi og einn á Austfjörðum, er tekið geti til meðferðar vinnudeilur, er í þessum landshlutum rísa. Vegna stærðar og samgönguörðugleika landsins sýnist þetta vera óhákvæmilegt, auk þess sem maður, sem bundinn er við önnur störf í Reykjavík naumast getur innt af hendi slika skyldu fyrir allt landið. Þá geta og deilur staðið samhliða í fleiri en einum landshluta. Um auknar skyldur og vald sáttasemjara vísast að öðru leyti til skýringa hinna einstöku greina frv.

Um atkvæðagreiðslu, sem fram fer um miðlunartillögu frá sáttasemjara eru í frumvarpinu sett ákvæði, sem sniðin eru eftir dönskum lögum. Leggur nefndin til, að ef færri en 35% af félagsmönnum hafa greitt atkvæði um tillöguna, skuli þurfa meira en helming greiddra atkvæða til að fella hana og verði sá meiri hluti að stækka eftir því sem þátttakán minnkár. En taki innan við 20% þátt í atkvæðagreiðslunni telst tillagan samþykkt án tillits til þess, hversu atkvæði falla.

Danska reglan gerir um þetta nokkru hærri kröfur. Hinsvegar eru ekki reglur um þetta í norskum eða sænskum lögum nú sem stendur, en viða mun það tekið inn í einstaka vinnusamninga.

Með ákvæði 35% gr. er farið inn á þá leið úr brezkri og hollenzkri löggjöf, að reyna að láta almenningsáliði hafa áhrif á sáttavilja deiluaðila. Er ríkissáttasemjara, ef sáttatilraun fer út um þúfur, heimilað að birta skýrslu um málið, svo að almenningu verði kunnar staðreyndir, sem snerta upptök deilunnar og eðli. Svipuð ákvæði eru til í Norðurlanda-lögum.

IV. kafla frumvarpsins er lagt til, að settur verði á stofn dómstóll í réttarágreiningi, en réttarágreiningur er það, eins og áður er fram tekið, þegar deila ris um það hvernig skilja beri gerðan samning, eða samningur eða lög hafi verið brotin af aðila. Samkvæmt þessu frumvarpi eru verkföll og verkbönn út af sílfur ágreiningi ólögleg og ber að vísa ágreiningum til úrskurðar dómstólsins og hlíta þeim úrskurði. Þó gerir frumvarpið, eins og t. d. lög Norðmanna, ráð fyrir því að vitalaust sé að hefja vinnustöðvun eftir að dómur er fallinn, gegn aðila, sem ekki hefir farið eftir dómnum. Um skipun dómsins, matsmeðferð alla og málflutning er nánar rætt í skýringum hinna einstöku greina. Áherzla er lögð á fljóta afgreiðslu mála.

Það skal tekið fram, að nefndin vill ekki leggja til að dómstóll í hagsmunágreiningi sé stofnaður hér á landi. Eins og nefndaráliði hér að framan ber með sér er það fyrirkomulag yfirleitt ekki notað nú í lýðræðislöndum. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð virðast bæði verkamenn og atvinnurekendur vera því mótfallnir; að kaup og kjör verkamanna séu ákvæðin með bindandi úrskurði slikra dómstóla, Norðmenn,

sem talsvert hafa reynt þessa aðferð, virðast nú alveg vera horfnir frá henni, nema viðkomandi starfsmönnum ríkisins, en það atriði hefir nefndin ekki séð ástæðu til að gera tillögur um að svo stöddu.

Hér hefir þá verið í stuttu máli gerð grein fyrir helztu atriðunum í tillögum nefndarinnar. Um grundvöll þann sem nefndin hefir haft í samanburði við skipun bessara mála erlendis visast að öðru leyti til hinna fyrri kafla í nefndarálitinu. Þau gögn, sem fáanleg voru í þeim efnunum, hefir nefndin reynt að nota samvizkusamlega og eftir því sem tök voru á til lausnar þessu vandasama máli. Engum mun þó ljósara en henni, að ekki má við því búast, að hér sé um neina varanlega frambúðarlausn að ræða. Annarsstaðar hefir hin fyrsta löggjöf af þessu tagi yfirleitt þarfnað endurskoðunar, lagfæringar og viðbóta eftir skamman tíma, enda þótt lengur og við betri skilyrði hafi verið að henni unnið en hér hefir verið gert. T. d. er nefndinni það ljóst, að mikill ávinnungur hefði getað að því verið að eiga tal við erlenda menn, er haft hafa með höndum framkvæmd þessara mála. En um hana hefir aðallega verið stuðst við fræðirit um þessi efni, svo og dómasöfn, vinnudómstóla á Norðurlöndum. Auk þess nokkuð við prentaðar umraður frá danska þinginu árið 1934.

Rétt þykir að lokum að leggja áherzlu á það, að hófleg og skynsamleg vinnulöggjöf hefir yfirleitt með reynslunni unnið sér fylgi og traust jafnvel þeirra aðila, sem henni voru andstæðir í fyrstu. Árið 1910 máttu danskir atvinnurekendur ekki heyra nefndar opinberar sáttatilraunir í vinnudeilum. Nú dettur þeim ekki í hug að óska eftir afnámi þessara öryggisráðstafana. Árið 1928 stofnuðu sánskir verkamenn til allsherjar mótmæla gegn frumvarpi um vinnusamninga og dólmstól í réttarágreiningi. En nú lýsir Sigfrid Hansson, ritari sánska verkamannasambandsins, því yfir í bréfi til nefndarinnar, að eftir nánari kynni af þessum tvænum lögum og áhrifum þeirra óski sánskir verkamenn ekki eftir afnámi þeirra. Svo mun og reynast um afstöðu aðila til frumvarps þess, sem hér er fram boríð, ef með sannsýni er á þetta mál lítið, ef við Íslendingar kunnum að notfæra okkur þá reynslu, sem til er á þessum málum með öðrum þjóðum og reynum að leysa þau á þann hátt, sem samboðið er þeirri rólegu yfirvegun, er talin hefir verið cinkennandi í fari þessarar þjóðar.

## 2. Frumvarp til laga um stéttarfélög og vinnudeilur.

### I. KAFLI

#### Um réttindi stéttarfélaga og afstöðu þeirra til atvinnurekenda.

##### 1. gr.

Rétt eiga menn á að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd í þeim tilgangi, að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalyðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt.

##### 2. gr.

Stéttarfélög skulu opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu, eftir nánara ákveðnum reglum í samþykktum félaganna. Félagssvæði má aldrei vera minna en eitt sveitarfélag.

##### 3. gr.

Stéttarfélög ráða málefnum sínum sjálf með þeim takmörkunum, sem sett eru í lögum þessum. Einstakir meðlimir félaganna eru þundrir við töglega gerðar samþykktir og samninga félagsins og stéttarsambands þess, sem það kann að vera.

enda hafi samningarnir eða samþykktirnar verið í gildi er þeir gengu í félagið eða gerðir á meðan þeir voru meðlimir þess.

Meðlimur stéttarfélags hættir að vera bundinn af samþykktum félags síns og sambands þess, þegar hann samkvæmt reglum félagsins er genginn úr því, en samningar þeir, sem hann hefir orðið bundinn af, á meðan hann var félagsmaður, eru skuldbindandi fyrir hann, meðan hann vinnur þau störf, sem samningurinn er um, þar til þeir fyrst gætu fallið úr gildi samkvæmt uppsögn.

#### 4. gr.

Atvinnurekendum, verkstjórum og öðrum trúnaðarmönnum atvinnurekenda er óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórnmalaskoðanir verkamanna sinna, afstöðu þeirra og afskipti af stéttar- eða stjórnmalafélögum eða vinnudeilum með

- upsögn úr vinnu eða hótunum um slika uppsögn,
- fjárgreiðslum, loforðum um hagnað eða neitunum á réttmætum greiðslum.

#### 5. gr.

Stéttarfélög eru lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, enda hafi félagið í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til súlfra málefna.

#### 6. gr.

Allir samningar milli stéttarfélaga og atvinnurekenda um kaup og kjör verka-fólks skulu vera skriflegir og samningstími og uppsagnarfrestur tilgreindur. Ella telst samningstími eitt ár og uppsagnarfrestur þrír mánuðir. Sé samningi ekki sagt upp innan uppsagnarfrests telst hann framlengdur um eitt ár, nema annað sé ákveðið í samningnum sjálfum. Samningsuppsögn skal vera skrifleg.

#### 7. gr.

Samningar við einstaka meðlimi stéttarfélaga eru ógildir, að svo miklu leyti, sem þeir fara í bága við samninga félagsins, enda hafi félagið ekki samþykkt pá.

#### 8. gr.

Stéttarfélög bera ábyrgð á samningsrofum þeim, sem félagið sjálft eða löglega skipaðir trúnaðarmenn þess gerast sekir um í trúnaðarstörfum sínum fyrir félagið. Á samningsrofum einstakra meðlima sinna ber félagið því aðeins ábyrgð, að því verði gefin sök á samningsrofinu.

#### 9. gr.

Samning um kaup og kjör verkafólks, þar sem stéttarfélag er aðili, getur Félagsdómur dæmt úr gildi fallinn án uppsagnar og fyrirvaralaust, ef annarhvor samningsaðila krefst þess og hlutfallið milli vinnulauna, framfærslueyris og framleiðslukostnaðar hefir raskast mjög verulega eftir að samningur var gerður, enda hafi gagnaðili neitað að upphefja samninginn.

#### 10. gr.

Á hverri vinnustöð, þar sem a. m. k. 5. menn vinna, er stjórn stéttarfélags þess, sem á staðnum er og verk það, sem á vinnustöð er unnið heyrir undir, heimilt að velja sér úr hóp þeirra manna, sem á staðnum vinna, trúnaðarmann, sem gæti þess að gerðir vinnusamningar séu haldnir af atvinnurekanda og trúnaðarmönnum hans og að ekki sé gengið á félagslegan eða borgaralegan rétt verkamanna. Þetta ákvæði nær þó ekki til landbúnaðarverkafólks né áhafna skipa eða báta, sem ekki er skyldt að lögskrá á.

Sjálfstæð vinnustöð telst í þessu sambandi sérvært atvinnufyrirtæki, þar sem hópur manna vinnur undir stjórn sérstaks verkstjóra eða flokksstjóra, svo sem: Verksmiðjur, fiskverkunarstöðvar, skipaafgreiðslur, skip, bifreiðastöðvar o. fl.

Verði ágreiningur á milli stéttarfélaga um hvort þeirra skuli skipa trúnaðarmann úrskurðar Alþýðusamband Íslands ágreininginn.

#### 11. gr.

Verkamönnum ber að snúa sér til trúnaðarmanns stéttarfélagsins með umkvartanir sínar yfir atvinnurekanda og trúnaðarmönnum hans.

Strax og trúnaðarmanni hefir borizt umkvörtun verkamanns eða hann telur sig hafa ástæðu til að ætla að gengið sé á rétt verkamanns eða verkalyðsfélags á vinnustöð hans, af hálfu atvinnurekandans eða trúnaðarmanna hans, ber honum að rannsaka málíð þegar í stað. Komist hann að þeirri niðurstöðu, að umkvartanir eða grunur hans hafi haft við rök að styðjast, ber honum að snúa sér til atvinnurekanda eða umboðsmanns hans með umkvörtun og kröfum um lagfæringu.

Trúnaðarmönnum stéttarfélags ber að gefa félagi því, sem hefir valið þá, skýrslu um umkvartanir verkamanna strax og við verður komið. Ennfremur skulu þeir gefa félagini skýrslu um það, sem þeir telja að atvinnurekandi eða trúnaðarmenn hans hafi brotið af sér við verkamenn og félög þeirra.

#### 12. gr.

Atvinnurekendum og umboðsmönnum þeirra er óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá á nokkurn annan hátt gjalda þess, að stéttarfélag hefir falið þeim að gegna trúnaðarmannsstörfum fyrir sig.

#### 13. gr.

Nú vanrækir trúnaðarmaður störf sín samkvæmt lögum þessum að dómi stéttarfélags þess, sem hefir útnefnt hann, og er þá stjórn viðkomandi stéttarfélags heimilt að svipta hanh umboði sínu og tilnefna annan trúnaðarmann í hans stað úr hópi verkamanna á vinnustaðnum.

#### 14. gr.

Heimilt er stéttarfélögum, eða stéttarfélögum og samböndum stéttarfélaga, að gera með sér samning um gagnkvæman stuðning. Er atvinnurekendum og öllum trúnaðarmönnum þeirra óheimilt að láta starfsmenn sína á nokkurn hátt gjalda þess, að þeir hafi gert slíka samninga eða stuðlað að því, að þeir yrðu gerðir.

## II. KAFLI

### Um verkföll og verkbönn.

#### 15. gr.

Heimilt er stéttarfélögum, félögum atvinnurekenda og einstökum atvinnurekendum að gera verkföll og verkbönn í þeim tilgangi, að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum, og til verndar rétti sínum samkvæmt lögum þessum, með þeim skilyrðum og takmörkunum einum, sem sett eru í lögum.

#### 16. gr.

Pegar stéttarfélag eða félag atvinnurekenda ætlar að hefja vinnustöðvun, þá er hún því aðeins heimil, að ákvörðun um hana hafi verið tekin:

- a. við almenna leynilega atkvæðagreiðslu, sem staðið hefir a. m. k. í 24 klst., enda hafi félagsstjórnin auglýst nægilega hvar og hvenær atkvæðagreiðslan um vinnustöðvunina skyldi fara fram,
- b. af samninganefnd eða félagsstjórn, sem gefið hefir verið umboð til að taka ákvörðun um vinnustöðvunina með almennri atkvæðagreiðslu, sem farið hefir fram á sama hátt og greint er undir a-lið,
- c. af trúnaðarmannaráði, ef lög viðkomandi félags fela því slikt vald, enda hafi vinnustöðvunin verið samþykkt með a. m. k.  $\frac{3}{4}$  hlutum greiddra atkvæða á lögmætum trúnaðarmannaráðsfundi.

## 17. gr.

Ákvörðun um vinnustöðvun, sem hefja á í þeim tilgangi að knýja fram breytingu eða ákvörðun um kaup og kjör ber að tilkynna sáttasemjara og þeim, sem hún beinist aðallega gegn, 7 sólarhringum áður en tilætlunin er að hún hefjist.

## 18. gr.

- Óheimilt er og að hefja vinnustöðvun:
1. Ef ágreiningur er einungis um atriði, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar úrskurðum dómsins.
  2. Ef tilgangur vinnustöðvunarinnar er að þvinga stjórnarvöldin til að framkvæma athafnir, sem þeim lögum samkvæmt ekki ber að framkvæma, eða framkvæma ekki athafnir, sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma, enda sé ekki um að ræða athafnir þar sem stjórnarvöldin eru aðili, sem atvinnurekandi. Gildandi lög um opinbera starfsmenn haldast óbreytt þrátt fyrir betta ákvæði.
  3. Til styrktar félagi, sem hafið hefir ólögmæta vinnustöðvun.

## 19. gr.

Pegar vinnustöðvun hefir verið löglega hafin er þeim, sem hún að einhverju leyti beinist gegn, óheimilt að stuðla að því að afstýra henni með aðstöð einstakra meðlima þeirra félaga eða sambanda, sem að vinnustöðvuninni standa.

## III. KAFLI

## Um sáttatilraunir í vinnudeilum.

## 20. gr.

- Landinu skal skipt í 4 sáttauemdæmi, sem hér greinir:
1. sáttauemdæmi tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjar, Rangárvallasýslu, Ánessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjörð, Reykjavík, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.
  2. sáttauemdæmi tekur yfir Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslur, Ísafjörð og Strandasýslu.
  3. sáttauemdæmi tekur yfir Húnnavatnssýslur, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Siglufjörð, Akureyri og Þingeyjarsýslur.
  4. sáttauemdæmi tekur yfir Múlasýslur, Seyðisfjörð, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.

## 21. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar fjóra sáttasemjara, 1 í hverju sáttauemdæmi. Sáttasemjari 1, sáttauemdæmis er jafnframt ríkissáttasemjari og skal vera búsettur

i Reykjavík. Hinir sáttasemjararnir nefnast héraðssáttasemjarar og skulu vera búsettir í sáttauemdum sínum og starfa undir umsjón rikissáttasemjara.

Ráðherra skipar einn varamann fyrir hvern sáttasemjara.

Sáttasemjarar og varasáttasemjarar skulu skipaðir til þriggja ára. Það er borgaraleg skylda að taka að sér sáttasemjarastörf.

#### 22. gr.

Sáttasemjarar og varasáttasemjarar skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Félagsdóms, er tilnefnir 3 menn í hvert skipti, sem skipa skal sáttasemjara. Skal einn skipaður sáttasemjari og annar vara-sáttasemjari.

Vara-sáttasemjari tekur við störfum aðalmanns, þegar hann má ekki gegna sáttasemjarastörfum. Nú deyr sáttasemjari eða verður óhæfur til starfans og skal þá ráðherra skipa mann í hans stað, það sem eftir er af kjörtimabilinu, að fenginni tilnefningu Félagsdóms.

#### 23. gr.

Sé um mjög alvarlega deilu að ræða getur ráðherra skipað sérstaka sáttanefnd vegna þeirrar deilu, enda liggi fyrir beiðni um það frá öðrum hvorum aðila. Um starfssvið og vald slíkra sáttanefnda fer samkvæmt ákvæðum um sáttasemjara.

#### 24. gr.

Sáttasemjarar skulu vera íslenzkir ríkisborgarar, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Þeir mega ekki hafa þá aðstöðu, að liklegt megi telja að þeir séu vilhallir í málefnum verkamanna og atvinnurekenda.

#### 25. gr.

Sáttasemjurum ber að fylgjast með horfum og ástandi atvinnulífsins í umdænum sínum, einkum öllu, sem að vinnukjörum lýtur. Héraðssáttasemjurum ber að gefa ríkissáttasemjara árlega, á þeim tíma, sem ríkissáttasemjari tiltekur, skýrslu um athuganir sínar og störf. Ríkissáttasemjara ber að senda atvinnumálaráðuneytinu árlega skýrslu um störf sáttasemjara.

#### 26. gr.

Verklyðsfélögum, atvinnurekendafélögum og ófélagsbundnum atvinnurekendum er skylt að senda ríkissáttasemjara og héraðssáttasemjara afrit af kauptöxtum og vinnusamningum, jafnskjótt og þeir eru undirritaðir.

Á sama hátt er skylt að senda afrit af uppsögn vinnusamnings, ásamt greinargerð fyrir uppsögninni. Ennfremur skal tilkynna hverjar kröfur aðili ætlar að gera strax og þær hafa verið endanlega ákveðnar.

Aðilum er skylt að gefa sáttasemjara kost á að fylgjast með samningaumleitunum. Hvenær, sem hann óskar eftir því.

#### 27. gr.

Nú er ríkissáttasemjara kunnugt um vinnudeilu, sem ekki heyrir undir úrskurð Félagsdóms og líkindi eru til að deilan verði ekki leyst af aðilum sjálfum. Er honum þá heimilt að taka að sér stjórn samningaumleitana og kalla aðila eða umboðsmenn þeirra fyrir sig til sameiginlegs fundar, hvenær sem hann álitur heppilegt. Ríkissáttasemjari getur falið héraðssáttasemjurum að stjórna samningaumleitunum hverjum í sinu umdæmi.

#### 28. gr.

Strax og slitnar upp úr samningaumleitunum aðila eða þeir álita að vonlaust sé um árangur af frekari samningaumleitunum þeirra eða hálfur uppsagnarfrestur

er liðinn, án þess samningar hafi tekizt, ber aðilum að tilkynna það ríkissáttasemjara og viðkomandi héraðssáttasemjara. Eftir að ríkissáttasemjari hefir fengið slika tilkynningu er honum skyld að kveðja aðila eða umboðsmenn þeirra til fundar strax og hann telur það heppilegt.

Aðilum er skyld að mæta eða láta mæta þegar sáttasemjari kveður þá til funda.

#### 29. gr.

Sáttafundir skulu haldnir fyrir lokuðum dyrum.

Á sáttafundum skal leggja fram afrit skjala þeirra, sem farið hafa á milli aðilanna í deilunni, enda hafi þau ekki verið send sáttasemjara áður.

Sáttasemjarar halda gerðabækur og skrá í þær, hvar og hvenær sáttafundir hafi verið haldnir, nafn sáttasemjara og viðstaddir aðila. Geta skal framlagðra skjala og þess, sem fram fer í aðalatriðum.

Bannað er að skýra frá eða leiða vitni um hvað aðilar hafa lagt til á sáttafundum, nema báðir aðilar sampykki.

#### 30. gr.

Nú hefir sáttasemjari kvatt til samninga í vinnudeilu og nauðsynlegt þykir vegna úrslita málsins, að fá réttan úrskurð um, hversu högum var háttar um atvinnureksturinn, og hefir sáttasemjari þá rétt til að krefja aðila skýrslu um það. Verði aðilar eigi við þeirri kröfum, séu skýrslur þeirra eigi fullnægjandi, eða að öðru leyti nauðsynlegt málinu til upplýsingar, skal sáttasemjari krefjast um það vitnaleiðslu hjá dómarar. Hefir hann rétt til að vera viðstaddir vitnaleiðslurnar og láta bera upp fyrir vitnunum þær spurningar, sem hann telur liklegar til að skýra málid.

#### 31. gr.

Ef samningaumleitanir sáttasemjara bera ekki árangur til lausnar á deilunni er honum heimilt að bera fram miðlunartillögu, er lögð verði fyrir félög verkamanna og atvinnurekenda er í deilunni eiga eða einstakan atvinnurekanda sé hann ófélagsbundinn. Áður en sáttasemjari ber fram miðlunartillögu ber honum að ráðgast um það við fulltrúa aðila.

Sáttasemjari ákveður í samráði við fulltrúa aðilanна hvenær og hvernig atkvæðagreiðslan um tillöguna skuli fram fara. Ef ágreiningur snertir aðeins ákveðna deild eða starfsgrein innan félags, er sáttasemjara og félagini heimilt að láta atkvæðagreiðsluna eingöngu taka til deildarinnar eða starfsgreinarinnar. Ennfremur er sáttasemjara og viðkomandi félögum heimilt að láta atkvæðagreiðslu og talningu atkvæða fara fram í sameiningu hjá tveimur eða fleiri félögum, ef þau eiga saman í deilu. Ætið skal atkvæðagreiðslan vera skrifleg og leynileg.

Miðlunartillögu má ekki birta án sampykks sáttasemjara, fyrr en báðir aðilar hafa sent svör sín.

#### 32. gr.

Miðlunartillaga skal borin undir atkvæði eins og sáttasemjari gekk frá henni og skal henni svarað játandi eða neitandi. Félög verkamanna og atvinnurekenda skulu eftir því sem við verður komið sjá um að atkvæðisbærir félagsmenn geti kynnt sér miðlunartillöguna í heild.

#### 33. gr.

Strax og atkvæðagreiðslu er lokið skulu atkvæðisseðlar afhentir sáttasemjara, án þess aðilar eða umboðsmenn þeirra hafi tækifæri til að komast að því, hvernig atkvæðagreiðslan hefir farið. Talning atkvæða fer síðan fram undir stjórn sáttasemjara eða umboðsmanns hans, eftir að allir aðilar hafa skilað atkvæðum.

Umboðsmenn aðila gefa sáttasemjara skýrslu um, hve margir félagsmenn eru atkvæðisbærir.

Miðlunartillaga telst felld, ef minnst 50% af greiddum atkvæðum eru á móti henni, enda hafi minnst 35% atkvæðisbærra manna eða meira greitt atkvæði. Á móti hverjum einum af hundraði, sem tala greiddra atkvæða lækkar niður fyrir 35% þarf móttatkvæðafjöldinn að hækka um einn af hundraði til að fella tillöguna. Ef ekki hafa a. m. k. 20% atkvæðisbærra manna greitt atkvæði, telst tillagan samþykkt. Peir, sem vegna fjarveru eða veikinda sannanlega eru útilokaðir frá að neyta atkvæðisréttar síns teljast ekki atkvæðisbærir í þessu sambandi.

#### 34. gr.

Sáttasemjarar geta borið fram miðlunartillögu eins oft og þeim þurfa þykir.

#### 35. gr.

Sé sáttatilraunum í mikilvægri deilu slitið án árangurs, getur ríkissáttasemjari birt skýrslu um málið á þann hátt, sem hann álitur heppilegast til þess að almenningur fái rétta hugmynd um deiluna.

#### 36. gr.

Ef annarhvor aðili vill samþykkja miðlunartillögu sáttasemjara eftir að sáttumeitun hefir verið haett, án árangurs, sendir hann sáttasemjara yfirlýsingum um það. Sáttasemjara ber þegar að láta gagnaðila vita um yfirlýsinguna. Vilji hann einnig fallast á miðlunartillöguna, sér sáttasemjari um að aðilar gangi frá samningum sín á milli.

#### 37. gr.

Nú hafa sáttauumleitanir sáttasemjara haett án árangurs og ber honum þá að hefja þær á ný, ef annarhvor aðili óskar þess, eða hann telur það heppilegt, þó ber honum ætið að gera tilraun til sáttu með aðilum innan 4 vikna frá því hann hætti seinstu samningatilraunum sínum.

#### 38. gr.

Kostnað við sáttauumleitanir, þar með talin þóknun til sáttasemjara, greiðist úr ríkissjóði. Atvinnumálaráðherra ákveður laun ríkissáttasemjara og þóknun til héraðssáttasemjara.

### IV. KAFLI

#### Um Félagsdóm.

#### 39. gr.

Í höfuðstað landsins skal setja á stofn dómstól fyrir allt landið. Nefnist hann Félagsdómur. Dómurinn hefir það verksvið, sem tekjð er fram í lögum þessum.

#### 40. gr.

Í dóminum eiga sæti 5 menn, sem skipaðir eru til briggja ára þannig: einn af Vinnuveitendafélagi Íslands, annar af Alþýðusambandi Íslands, þriðji af atvinnumálaráðherra úr hópi briggja manna, sem hæstiréttur tilnefnir og tveir af hæstarétti og sé annar þeirra sérstaklega tilnefndur til þess að vera forseti dómsins. Ef atvinnurekandi, sem er málsaðili, er ekki meðlimur í Vinnuveitendafélagi Íslands, skal dómarí sá, sem tilnefndur er af því víska sæti, en í staðinn tilnefnir atvinnu-

rekandinn dómara í málínu og skal hann hafa gert það áður en hálfur stefnufrestur er liðinn, ella tilnefnir forseti dómsins dómarann.

Sömu aðilar tilnefna varadómendur er taka sæti i forföllum aðaldómenda.

41. gr.

Atvinnumálaráðherra tilkynnir, hvenær tilnefning dómara skuli fara fram, Ef aðili hefir ekki tilkynnt ráðherra tilnefningu innan tveggja vikna, frá því tilkynning um að tilnefning skuli fram fara, var honum send, tilnefnir ráðherra dómara af hálfu þess aðila.

42. gr.

Það er borgaraleg skylda að taka sæti í dómnunum. Ef aðaldómari og varadómari hans neita að dæma í ákvæðnu málí, skal sá sem hefir tilnefnt þá tilnefna dómara í þeirra stað, ella gerir dómsforseti það.

43. gr.

Dómarar skulu vera íslenzkir ríkisborgarar, fjár síns ráðandi og hafa óflekk-að mannorð. Þeir tveir, sem skipaðir eru af hæstarétti, skulu hafa lokið embættisprófi í lögfræði.

44. gr.

Áður en dómarar taka sæti í dómnunum í fyrsta skipti skulu þeir vinna eið að því eða drengskaparheit, að þeir muni rækja dómarastarfíð eftir beztu vitund.

45. gr.

Verkefni Félagsdóms er:

1. Að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á lögum þessum og tjóni, sem orðið hefir vegna ólögmætra vinnustöðvana.
2. Að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans.
3. Að dæma í öðrum málum milli verkamanna og atvinnurekenda, sem aðilar hafa samið um að leggja fyrir dóminn, enda séu að minnsta kosti 3 af dómandunum því meðmæltir.

46. gr.

Sambönd verkalyðsfélaga og atvinnurekendafélaga reka fyrir hönd meðlima sínna mál fyrir dómnunum. Félög, sem ekki eru meðlimir sambandanna, reka sjálf mál sín og meðlima sínna. Ófélagsbundnir aðilar reka mál sín sjálfir.

Ef samband eða félag neitar að höfða mál fyrir meðlimi sína, er aðila heimilt að höfða málid sjálfur. En leggja skal hann fram sönnun um synjun viðkomandi félags eða sambands fyrir formann Félagsdóms, áður en stefna er gefin út.

47. gr.

Málsaðilar geta gefið íslenzkum ríkisborgurum, sem eru fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð umboð til að reka mál sín fyrir dómnunum.

48. gr.

Mál, sem höfða má fyrir Félagsdómi skulu ekki flutt fyrir almennum dómostlum, nema Félagsdómur hafi neitað að taka það til meðferðar, sbr. 45. gr. 8.

49. gr.

Dómarar þeir, sem tilnefndir eru af hæstarétti, víkja sæti eftir sömu reglum, sem gilda um hæstaréttardómara. Dómurinn úrskurðar hvort dómari skuli víkja

sæti. Dómurinn er ekki starfhaefur, nema hann sé fullskipaður. Dómarar sém hafa byrjað meðferð mála, skulu ljúka því, þó kjörtímabil þeirra sé á enda.

## 50. gr.

Formaður dómsins ákveður hvenær dómþing skuli halda. Hann stýrir þinghöldum; heldur þingbók, dómahók og aðrar bækur eftir nánari fyrirmælum dómsins.

## 51. gr.

Formaður gefur út stefnur í nafni dómsins. Í stefnu skal taka fram: nöfn aðila og heimilisfang, itarlega frásögn um málavexti og kröfur stefnanda. Enn fremur skal stefnandi, eftir því sem frekast verður unnt, gera grein fyrir, með hvaða haetti hann hyggst að sanna staðhæfingar sínar og kröfur og leggja fram 5 afrit af sönnunarskjölum, sem fyrir hendi eru. Með stefnu skal fylgja afrit fyrir hvern dómarar og sér formaður um, að öll afrit verði send dómurum þegar í stað.

## 52. gr.

Formaður ákveður stefnufrest með hliðsjón af því með hve stuttum fyrirvara stefndur getur mætt á dómþingi.

Stefnandi sér um birtingu. Stefna skal birt af stefnuvottum á venjulegan hátt, með símskeyti eða í ábyrgðarbréfi.

## 53. gr.

Mál skal flytja munnlega. Þó má flytja mál skriflega:

1. Ef stefndur hvorki mætir né laetur mæta.
2. Ef málsaðilar eða umboðsmenn þeirra óska og dómurinn álítur, að mál upplýsist betur með þeim hætti.

## 54. gr.

Stefndi getur komið fram gagnkröfu, án þess höfða þurfi gagnsóknarmál.

## 55. gr.

Ef mál er ekki nægilega upplýst, ef leiða þarf vitni, ef skoðunar- eða matsgerð þarf fram að fara, ef aðili þarf að gefa skýrslu eða ef stefndi, að álíti dómsins, þarf frest til andsvara, getur dómurinn frestað málí. Við ákvörðun frests skal þess gætt að mál tefjist ekki að óþörfu.

## 56. gr.

Heimilt er að stefna vitnum fyrir Félagsdóm. Dómurinn eiðfestir vitni samkvæmt gildandi lögum. Hann getur úrskurðað, að aðili skuli staðfesta skýrslu sína með eiði.

## 57. gr.

Dómurinn sér um að mál upplýsist sem best. Hann getur kallað fyrir sig vitni og krafið aðila um skýrslu, ef hann álítur það nauðsynlegt til að upplýsa málíð.

## 58. gr.

Dómurinn getur ákveðið að aðilaskýrslu skuli gefa eða vitnaskýrslu taka fyrir héraðsdómi á varnarþingi hlutauðeigandi vitnis eða aðila.

## 59. gr.

Um vitnaskyldu, sönnunargildi vitnaskýrslu, vitnaleiðslur, svo og um hegningu fyrir rangan framburð, gilda sömu reglur og í cirkamálum í héraði.

## 60. gr.

Dómarar geta framkvæmt skoðunar- og matsgerðir, allir saman eða nokkrir þeirra eftir ákvörðun dómsins.

Dómurinn getur ennfremur útnefnt skoðunar- og matsmenn, til að framkvæma ákveðna skoðunargerð eða matsgerð og gilda um það almennar reglur einkamála í héraði.

## 61. gr.

Dómurinn getur dæmt vitni, skoðunar- og matsmenn og aðra, sem löglega eru kallaðir til að mæta fyrir dómnnum, i sektir eftir sömu reglum og almennir dómstólar.

## 62. gr.

Dómurinn ákveður þóknun til vitna, og skoðunar- og matsmanna.

## 63. gr.

Ef mál heyrir undir sérgreinargerðardóm, að nokkru leyti eða öllu, getur dómurinn vísað málinu frá eða frestað uppkvaðningu dóms, þangað til úrskurður sérgreinargerðardóms liggur fyrir.

Dómurinn getur hvenær sem er leitað álits sérfróðra manna um ákveðið atriði.

## 64. gr.

Dómurinn sektar aðila, málflytjendur og aðra fyrir vítaverða framkomu í málflutningi eða fyrir dómi, eftir sömu reglum og almennir dómstólar.

Dómurinn getur vísað mönnum úr þinghaldi fyrir ósæmilega framkomu.

## 65. gr.

Í dónum ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Úrskurði um einstök atriði, sem kveða þarf upp fyrir dómtöku málss, skal kveða upp þegar í stað, eða svo fljótt, sem unnt er, eftir að atriðið er tekið til úrskurðar. Sama gildir í vitna- og matsmálum eftir því, sem við á.

Í munnlega fluttum málum skal kveða upp dóum innan sólarhrings eftir dómtöku, en í skriflega fluttum málum innan viku. Ef ekki er hægt að kveða upp dóum eða úrskurð svo fljótt, sem sagt hefir verið, skal nákvæmlega greina orsakir þess.

Málflytjendum skal tilkynnt hyar og hvenær dómur eða úrskurður verður kveðinn upp og boðið að mæta þar.

## 66. gr.

Dómurinn getur dæmt aðila til að greiða skaðabætur, sektir og til að greiða málkostnað eftir venjulegum reglum. Við ákvörðun skaðabóta má taka tillit til saknæmi brotsins.

Dómar og úrskurðir Félagsdóms eru aðfararhæfir. Dómurinn ákveður aðfararfrest.

## 67. gr.

Allur kostnaður við Félagsdóm, þar með talin þóknun til dómarar, greiðist úr ríkissjóði, eftir ákvörðun atvinnumálaráðherra.

Réttargjöld skulu engin vera. Um gjafssókn og gjafsvörn gilda almennar reglur.

## 68. gr.

Úrskurðir og dómar Félagsdóms eru endanlegir og verður ekki áfrýjað. Þó má innan viku frá dómsuppsögn eða úrskurði, áfrýja til hæstaréttar;

1. frávisunardómi eða úrskurði um frávisun.
2. dómi til ónýtingar, sökum þess að málið heyri ekki undir Félagsdóm.
3. úrskurð um skyldu til að bera vitni, um eiðvinning og sektir.

## 69. gr.

Formaður gefur út dómsgerðir Félagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir. Ritlaun skal greiða samkvæmt venjulegum reglum.

## 70. gr.

Um þau atriði viðvíkjandi meðferð málá, sem ekki er kveðið á um i þessum lögum, skal fara eftir hliðsjón af meðferð einkamála í héraði, svo sem við verður komið.

## VI. KAFLI

## Niðurlagsákvæði.

## 71. gr.

Brot gegn lögum þessum varða auk skaðabóta sektum frá 50—10000 krónum. Sektirnar renna í ríkissjóð og má innheimta þær sem fjákröfur á venjulegan hátt, en um afplánun skal eigi vera að ræða.

## 72. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 55 frá 27. júní 1925, um sáttatilraunir í vinnudeilum.

## 73. gr.

Lög þessi öðlast gildi .....

## 3. Skýringar við frumvarpið.

## Um 1. gr.

Í greininni er tekið fram, að menn hafi rétt til að stofna stéttarfélög, en það orð er notað í lögnum um félög, sem stofnuð eru í þeim tilgangi að gæta hagsmunu þeirra manna, sem hafa lífsviðurværi sitt af því að selja vinnu sína gegn ákveðnu kaupgjaldi.

## Um 2. gr.

Í greininni er svo ákveðið, að stéttarfélag njóti því aðeins réttinda og verndar samkvæmt lögnum, að það sé opíð öllu fólk, sem býr á félagssvæðinu og vinnur eða hafi heimild samkvæmt kunnáttu sinni til að vinna í þeirri starfsgrein eða iðngrein, sem félagið starfar í.

Akveðið er, að félagssvæði sé aldrei minna en einn hreppur eða kaupstaður. Aftur á móti eru engin takmörk sett fyrir, hve stórt það megi vera.

## Um 3. gr.

Í greininni er tekið fram, að stéttarfélög ráði málefnum sínum sjálf með þeim takmörkunum einum, sem sett eru í lögnum. Félagsmenn stéttarfélags eru bundnir af löglega gerðum samþykktum og samningum félags síns og stéttarsambands þess, sem það er í. Maður, sem segir sig úr féluginu eða fer úr því á annan hátt, heldur áfram að vera bundinn af samningum þeim, sem í gildi voru þegar hann fór

úr féluginu, þangað til þeir fyrst gætu fallið úr gildi við uppsögn, þó hann að öðru leyti sé laus við félagsskyldur sínar og missi félagsréttindi sín.

Um 4. gr.

Greinin er sett til að tryggja skoðanafrelsi verkamanna. Að öðru leyti þarf greinin ekki skýringar við.

Um 5. gr.

Í greininni er stéttarfélögum gefin samningsaðild í kaupgjaldsmálum meðlima sinna.

Um 6. gr.

Það er nauðsynlegt að ekki geti orðið ágreiningur um hvernig gildandi kaupgjaldssamningur er orðaður; þess vegna er ákveðið að hann skuli vera skriflegur.

Um 7. gr.

Það kemur stundum fyrir, að atvinnurekandi semur við einstaka félagsmenn stéttarfélags í bága við gildandi samning við félagið. Notar atvinnurekandinn sér bá oft veika aðstöðu verkamanns. Í greininni er tekið fram, að slikir samningar séu ógildir.

Um 8. gr.

Stéttarfélag ber ábyrgð á samningsrofum, sem það sjálfst eða trúnaðarmenn þess fremja. Hinsvegar ber það ekki ábyrgð á samningsrofum einstakra félagsmanna, nema það eða trúnaðarmenn þess eigi sök á samningsrofinu. Einstakir félagsmenn bera að sjálfsögðu ábyrgð á samningsrofum sínum.

Um 9. gr.

Í greininni er Félagsdómi veitt heimild til að fella samning um kaup og kjör úr gildi, ef grundvöllur sá, sem hann var byggður á, hefir raskast mjög verulega.

Um 10.—13. gr.

Í nokkrum samningum um kaup og kjör, sem gerðir hafa verið síðustu árin, er samið um, að verklyðsfélögum sé heimilt að hafa trúnaðarmenn á vinnustöðvum. Í greinunum er lögfest að slíkt sé heimilt á vinnustöð, þar sem minnsta kosti 5 menn vinna. Þetta á þó ekki við um landbúnaðarvinnu né í vinnu við báta, sem ekki er skyld að lögskrá á.

Um 14. gr.

Greinin heimilar stéttarfélögum, eða stéttarfélögum og samböndum þeirra, að gera með sér vináttusamning.

Um 15. gr.

Greinin heimilar að gera vinnustöðvun, verfall eða verkbann í þeim tilgangi að koma fram kröfum í vinnudeilu og til verndar rétti samkvæmt lögum þessum, nema þar sem lög banna það. En fara verður eftir þeim reglum um framkvæmd vinnustöðvunar, sem lögin setja.

Um 16. gr.

Í greininni eru settar reglur um, hvernig samþykkja skuli vinnustöðvun, og er um 3 aðferðir að ræða: Vinnustöðvun, sem samþykkt er á annan hátt er ólögleg. Öflagsbundnir atvinnurekendur, hvort heldur félög eða einstaklingar, ráða því sjálfrí á hvern hátt þeir taka ákvörðun um verkbann á vinnustöðvum sínum.

## Um 17. gr.

Það er oft hægara að ná samkomulagi, þegar vitað er að vinnustöðvun hefst eftir ákveðinn tíma. Auk þess fara oft forgörðum, þegar vinnustöðvun er gerð fyrivaralaust, verðmæti, sem tjón er fyrir aðila og þjóðfélagið í heild að eyðileggist og sem ljargáma má, ef vitað er hvenær vinnustöðvun hefst nokkru áður en hún byrjar. Í greininni er þess vegna sett ákvæði um að ákvörðun um vinnustöðvun verði að tilkynna sáttasemjara og gagnaðila 7 sólarhringum áður en hún á að hefjast: Er hér höfð hliðsjón af ákvæðum danskra, norskra og sánskra laga.

## Um 18. gr.

Í greininni er talið upp hvenær óheimilt er að gera vinnustöðvun. Upptalningin er þó ekki tæmandi, því að önnur ákvæði laganna, sem banna eða takmarka vinnustöðvun, eru ekki tekin upp í greinina.

## Um 19. gr.

Það er stundum reynt að hnekkja vinnustöðvun með því að fá menn, svo kallaða verkfallsbrjóta, til að vinna. Venjulega hefir þetta ekki áhrif á lausn deilunnar, en fyrir hefir komið að það hafi í för með sér barsmið og jafnvél meiðsl. Þess vegna er í greininni bannað að reyna að afstýra vinnustöðvun með aðstoð manna, sem félagsbundnir eru í stéttarfélagi gagnaðila.

## Um 20.—21. gr.

Lagt er til, að sáttasemjurum verði fjöldað um 3 og landinu skipt í 4 sáttaumundæmi. Er ætlast til, að með þessu móti verði auðveldara fyrir sáttasemjara að fylgjast með vinnudeilum og aðdraganda þeirra, og fyrir deiluaðila að verða aðstoðar hans aðnjótandi.

Lagt er til að einn hinna 4 sáttasemjara sé ríkissáttasemjari og yfirmaður hinna, og starfi þeir að verulegu leyti eftir hans fyrirsögn.

Tilhögun hliðstæð þessari er höfð í Noregi og Svíþjóð. Í Danmörku eru 3 sáttasemjarar, en landinu er ekki skipt í sáttaumundæmi, enda ekki þörf á því vegna þess, hve landið er lítið og samgöngur greiðar.

## Um 22. gr.

Akvæði gildandi laga um tilnefningu sáttasemjara eru flókin og vafasöm í framkvæmd. Hér er lagt til, að sáttasemjarar séu skipaðir samkvæmt tilnefningu. Félagsdóms, en í honum eiga fulltrúuar aðila sæti.

Í Danmörku eru sáttasemjarar skipaðir eftir tilnefningu hins fasta gerðardóms. Í Noregi og Svíþjóð án tilnefningar.

## Um 23. gr.

Í sánsku sáttasemjaralögnum eru ákvæði um, að ef um mjög alvarlega vinnudeili er, að ræða, megi skipa sérstaka sáttanefnd eða nýjan sáttasemjara í málid. Er lagt til að svipuð ákvæði verði lögtokin hér samkvæmt greininni.

## Um 24. gr.

Hér eru tekin upp skilyrði til að geta orðið sáttasemjari, og þurfa þau eigi frekari skýringar.

## Um 25. gr.

Hér er ákvæði um skyldu sáttasemjara til að fylgjast með þorffum og ástandi atvinnulífsins og gefa skýrslu um istörf sín.

## Um 26. gr.

Pessi grein kveður á um skyldu aðila til að láta sáttasemjara í té afrit vinnusamninga. Þá eru aðilar og skyldaðir til að senda sáttasemjara afrit af uppsögn samnings og tilgreina ástæður sínar og kröfur. Vinnusamningur í þessu frv. er það sem á ensku nefnist collective agreement eða á sánsku kollektivavtal.

## Um 27. gr.

Ákvæði þessarar greinar veita ríkissáttasemjara vald til að taka að sér stjórn samningaumleitana, hvenær sem hann álitur það heppilegt. Samskonar ákvæði eru í norsku og sánsku lögnum og sömulreiðis í nágildandi íslenzkum lögum.

## Um 28. gr.

Pessi grein er um skyldu sáttasemjara til að hefja samningaumleitanir.

## Um 29. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um gerðabók sáttasemjara og sáttafundi.

## Um 30. gr.

Greinin er tekin næri orðrétt upp úr nágildandi lögum.

## Um 31. gr.

Pessi grein er um heimild sáttasemjara til að bera sjálfur fram miðlunartillögu; ef samkomulag liefir ekki náðst, og um það, hvenær atkvæðagreiðsla skuli fram fara. Bannað er að birta tillöguna án samþykkis sáttasemjara, fyr en aðilar hafa svarað henni. Svipuð ákvæði eru í norsku og dönsku lögnum og í nágildandi íslenzkum lögum. Sánsku lögini gera ekki ráð fyrir samskonar miðlunartillögu.

## Um 32. gr.

Í þessari grein er fram tekið, hversu atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu skuli fara fram, og verkamanna- og atvinnurekendafélögum gert skylt að sjá svo um, að félagsmanni geti kynnt sér efní tillögunnar.

## Um 33. gr.

Í greininni er ákvæði um talningu atkvæða um miðlunartillögu sáttasemjara ásamt ákvæði um hversu mikill hluti félagsmanna þurfi að greiða atkvæði og hve mikill hluti greiða atkvæði gegn miðlunartillögum til þess að hún teljist feld. Ákvæði þetta er sett til að tryggja það að litill minnihluti félagsmanna geti ekki fellt miðlunartillöguna og þannig orðið orsök vinnustöðvunar, sem meirihluti félagsmanna er mótfallinn eða kærir sig ekki um. Reglan um útreikning er sniðin eftir 7. gr. dönsku sáttasemjaralaganna frá 18. jan. 1934 með nokkrum breytingum.

## Um 34. gr.

Þarfnað ekki skýringar.

## Um 35. gr.

Þegar svo stendur á, að ekki hefir tekizt að fá lausn þýðingarmikillar vinnudeilu, verður það að teljast mikilsvert, að almenningur eigi þess kost að fá sem nákvæmstar og óhlutdrægastar upplýsingar um deiluatriðin og gang málsins í Höfuðatriðum. Englendingar leggja mikið upp úr áhrifum almenningsálitsins á sáttavilja deiluaðila, og Norðmenn og fleiri hafa tekið ensku löggjöfina til fyrirmynndar eigi ólikt því, sem hér er gert.

## Um 36.—37. gr.

Í þessum greinum er kveðið á um það, hversu með skuli fara ef aðilar vilja ganga að tillögu sáttasemjara, sem áður hefir verið felld, og hvernig sáttatilraunir skulu upp tekna að nýju. Samskonar ákvæði er í norsku lögnum.

## Um 38. gr.

Parfnast ekki skýringar.

## Um 39. gr.

Hér er lagt til, að dómstóll sá, sem fjallar um vinnudeilur samkvæmt frumvarpi bessu, skuli heita Félagsdómur. Nafnið miðast við það að dómendurnir eru ekki í heild skipaðir eftir ákvörðun hins opinbera, heldur er dómstóllinn raunverulega skipaður í félagi af hæstarétti, ríkisstjórn, landssamböndum verkamanna og atvinnurekenda og málsaðilunum í einstökum deilumálum. Í Danmörku heitir dómstóllinn „Den faste Voldgiftsret“, í Noregi „Arbeidsretten“ og í Svíþjóð „Arbetsdomstol“. Hér á landi hefir stundum verið notuð þýðingin „vinnudómur“, en í meðvitund margra manna mun það orð hafa fengið nokkuð aðra merkingu þ. e. dómstóll, sem ákveður kaup og kjör verkamanna. Það orð gæti því valdið misskilningi, og þykir eigi rétt að taka það í lög sem þessi.

## Um 40.—44. gr.

Lagt er til að í dómnum eigi sæti 5 dómamarar, 2 tilnefndir af hæstarétti, 1 af Alþýðusambandi Íslands, 1 af Vinnuveitendafélagi Íslands og sá 5. af atvinnumálaráðherra eftir tilögum hæstaréttar. Sökum þess, að atvinnurekendur, sem hafa marga í vinnu, eins og atvinnufyrirtæki ríkisins og samvinnufélögin, eru ekki meðlimir í Vinnuveitendafélagi Íslands, er sá dómari, sem það skipar í dóminn láttinn víkja, ef atvinnurekandi, sem í máli á, er ekki meðlimur þess, og málsaðili tilnefnir dómara í staðinn.

Í Danmörku eru dómamararnir 7, 3 tilnefndir af verkamönum, 3 af atvinnurekendum og formaður kosinn af hinum 6 eða tilnefndur í sameiningu af formönum nokkurra æðstu dómstóla landsins.

Í norska vinnudómnum eru 7 dómamarar, formaður og 2 meðdómarar skipaðir af ríkisstjórninni, og 2 meðdómarar tilnefndir af hvorum aðila. Í Svíþjóð er dómurinn skipaður í aðalatriðum á sama hátt og í Noregi.

## Um 45. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um verkefni Félagsdóms, en um þau gilda mjög svipuð ákvæði og í dönskum, norskum og sánskum lögum. Hefir þessum verkefnum verið nánar lýst í hinni almennu greinargerð frumvárpsins og víast til þess.

## Um 46. gr.

Það þykir rétt, að sú regla verði ráðandi, að samtök verkamanna og atvinnurekenda reki mál fyrir dómnum í umboði meðlima sinna. Með því móti má gera ráð fyrir, að mál verði færri en ella og málfaersla betri. Þó þykir eigi rétt, að slík samtök geti hindrað meðlimi sína í því að reka réttar síns. Ákvæði, sem að þessu lúta, eru í dönskum, norskum og sánskum lögum.

## Um 47. gr.

Parfnast ekki skýringa.

## Um 48. gr.

Par er tekin upp sú almenna regla á Nórðurlöndum, að mál, sem höfða má fyrir Félagsdómi, megi ekki reka fyrir almennum dómstólum.

## Um 49. gr.

Hér er ákvæðið eftir hvaða reglum dómari víki sæti.

## Um 50. gr.

Greinin mælir fyrir um, að formaður dómsins ákvæði dómþing og stýri þing-höldum og tekur fram, hverjar bækur skuli halda.

## Um 51.—52. gr.

Í þessum greinum eru ákvæði um útgáfu, efni og birtingu stefnu.

## Um 53. gr.

Hér er tekin upp sama regla, sem nú gildir um meðferð einkamála í héraði, að málflutningur sé aðallega munnlegur.

## Um 54. gr.

Ákvæði greinarinnar miðar að því að flýta málsmeðferð.

## Um 55. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um frestun máls til að afla frekari upplýsinga.

## Um 56.—62. gr.

Í þessum greinum eru ákvæði um vitnaleiðslu, vitnaskyldu, sönnunargildi vitna-skýrslu, eiðvinnung og skoðunar- og matsgerðir.

## Um 63. gr.

Greinin fjallar um mál, sem heyra undir sérgreinargerðardóma og þar sem leita þarf álits sérfróðra manna.

## Um 64. gr.

Greinin er um vitaverða framkomu fyrir rétti eða í málflutningi.

## Um 65. gr.

Þessi grein er um atkvæðagreiðslu í Félagsdómi og uppkvaðning dóma og úr-skurða.

## Um 66. gr.

Þessi grein er um vald Félagsdóms til að dæma í skaðabætur, sektir og máls-kostnað og að dómar og úrskurðir hans séu aðfararhæfir. Ær hér sérstaklega höfð hliðsjón af sœnskum lögum. Í dönskum lögum eru notaðar svokallaðar sektabætur, sem renna til þess kæranda eða þess aðila, sem málið vinnur.

## Um 67. gr.

Greinin fjallar um kostnað við dóminn og réttargjöld.

## Um 68. gr.

Í henni eru ákvæði um áfrýjun.

## Um 69. gr.

Í henni eru ákvæði um útgáfu dómsgerða,

Um 70. gr.

Greinin ákveður að um þau atriði viðvikjandi meðferð málá, sem ekki er kveðin á um í lögnum, sé farið eftir reglum um meðferð einkamála í héraði.

Um 71.—73. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Reykjavík, í janúarmánuði 1938.

*Guðm. Guðmundsson.*

*Gísli Guðmundsson.*

*Ragnar Ólafsson.*

*Sigurjón Á. Ólafsson.*